


**skoðun 14**




SÉRBLAÐ
í Fréttablaðinu
Allt

Koma á tveimur einkaþotum
*Mikið umstang er í kringum komu hljómsveitarinnar Eagles til landsins.*
**fólk 30**




# FRÉTTABLAÐIÐ

**Þriðjudagur**
**7. júní 2011**
131. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

10 ÁRA 2001-2011
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*
*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar – mars 2011




## Kærkomin þjónusta
*Stuðningshópur stofnaður fyrir erlenda foreldra á Íslandi.*
**tímamót 16**

## Fluttur frá mömmu
*Umboðsmaðurinn Steinþór Helgi Arnsteinsson hefur kvatt móður sína eftir 27 ára farsæla sambúð.*
**fólk 30**



## Sá fyrsti á teppinu
*Stjarnan og Fylkir unnu leiki sína í Pepsi-deildinni í gærkvöldi.*
**sport 26**

## veðrið í dag




**HÆGLÆTISVEÐUR** Í dag má búast við hægum N-áttum en það verður aðeins hvassara við SA-ströndina. Víðast hvar verður úrkomulítið og bjart með köflum.
**VEÐUR 4**

# Borgin vill starfsfólk Hörpunnar í strætó

**Bílastæðaekla er sögð munu koma verulega niður á rekstri nýja tónlistarhússins. Mega ekki nota landfyllingu undir bílastæði fyrir starfsfólk. Ræðið við Strætó og starfsmenn ykkar, segir borgin. Búið að óska eftir að Strætó stoppi við húsið.**

**SKIPULAGSMÁL** „Mér finnst dálítið mikið að ætlast til þess að Harpa ein standi fyrir því að kollvarpa ferðavenjum Reykvíkinga,“ segir Stefán Hermannsson, framkvæmdastjóri Austurhafnar sem á og rekur tónlistarhúsið Hörpu.

Totus, fasteignafélag Hörpu, fær ekki góðar undirtektir hjá skipulagsyfirvöldum Reykjavíkur við þeirri ósk að bráðabirgðalandfylling austan við húsið standi áfram og verði nýtt undir bílastæði.

Í bréfi frá Totus segir að miðað við lóðahönnun verði sex stæði fyrir hópferðabíla, sextán stæði fyrir fólks- og sendibíla og áttatíu stæði fyrir reiðhjól við Hörpu. Að auki verði 545 stæði í bílastæðahúsi, þar af 420 stæði hugsuð fyrir gesti Hörpu en 125 fyrir þá sem eiga annað erindi í miðbæinn.

Á bilinu 180 til 200 manns verði að störfum í húsinu að jafnaði og allt að 300 að hámarki. Mikil þörf sé á bílastæðum fyrir þennan hóp sem annars tæki stæði frá íbúum í miðbænum og viðskiptavinum þar. Þá sé aðstaða fyrir hópferðabíla ófullnægjandi og aðstaða fyrir flutning á tækjum að húsinu takmörkuð. Allt þetta „muni að óbreyttu koma verulega niður á rekstri hússins“.

Stefán segir að upphaflega hafi skipulag á svæðinu gert ráð fyrir að öll starfsemin þar, Harpa, Landsbankinn og fyrirhugað hótel, gæti samnýtt tæplega tvö þúsund bílastæði, enda hefðu annatímar verið mjög ólíkir. „En nú er Harpan þarna ein og nýtur ekki þessarar samnýtingar,“ segir Stefán. „Og þegar mikið er um að vera þá er greinilegt að 525 stæði eru engan veginn nóg fyrir gesti og starfsmenn í tónlistarhúsinu.“

Skipulagsráð hefur hins vegar samþykkt umsögn frá skipulagsstjóra þar sem fram kemur að áðurnefnda landfyllingu verði að fjarlægja. Rekstraraðilar Hörpu ættu að ræða við rekstraraðila almenningsvagna og sína starfsmenn um heildstæða samgöngustefnu sem meðal annars ætti að draga úr þörfum á bílastæðum.

„Það er ágætt að gera það og ég held að starfsmenn hafi nú þegar talað við Strætó og óskað eftir því að Strætó hefji viðkomu við Hörpu sem fyrst. En ég held að það dugi hvergi nærri til, jafnvel þótt menn tvöfölduðu eða þrefölduðu það hlutfall sem kæmi með strætó – þá vantar þarna bílastæði.“ **- gar, sh**



**RÁNDÝRT** Geir segir að málsvörnin hafi þegar kostað sig um níu milljónir. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Geir fyrir landsdóm í dag:

## Neitar öllum ákæruatriðum

**DÓMSMÁL** „Ég er saklaus af öllum þessum ákærum, það liggur fyrir, þótt menn hefðu getað snúið sér einhvern veginn öðruvísi á einhverjum tímapunkti þarna á árinu 2008,“ segir Geir H. Haarde, fyrrverandi forsætisráðherra. Ákæra á hendur honum verður þingfest fyrir landsdómi eftir hádegi í dag.

Geir hélt blaðamannafund í gær af því tilefni. Þar sagði hann meðal annars að ákæran væri pólitísk atlaga fyrrverandi andstæðinga sinna, og nefndi sérstaklega Atla Gíslason, Steingrím J. Sigfússon og Ögmund Jónasson í því sambandi. **- sh /** **sjá síðu 4**



**FRÁ GRUNNSKÓLA Í HÁSKÓLANÁM** Heimar og geimar vísindanna eru viðfangsefni Háskóla unga fólksins og eðlisfræðitilraunir á háskólatorginu í gær vöktu óskipta athygli „háskólanema“. Nemendur geta valið á milli fjölmargra námskeiða en háskólinn er opinn grunnskólanemendum í 6. til 10. bekk. Í sumar ferðast skólinn um landið og heldur námskeið í samstarfi við grunnskóla og sveitarfélög. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Heimsóknir á elliheimilið:

## Bjó til síðu þegar amma flutti

**SAMFÉLAGSMÁL** Vefurinn www.heimsokn.is hjálpar aðstandendum aldraðra, sjúklinga eða jafnvel fanga við að skipuleggja heimsóknir.

Starkaður Barkarson er hugmyndasmiður og forritari síðunnar, sem hann bjó upphaflega til þegar amma hans flutti á elliheimili.

Á síðunni getur fólk stofnað dagatal og dagbók og tengt aðra aðstandendur við kerfið. Þannig er hægt að skrá fyrirhugaðar heimsóknir og símtöl auk þess sem hægt er að láta kerfið minna sig á væntanlegar heimsóknir eða þegar viðkomandi hefur ekki fengið heimsókn í einhvern tíma. **- sg /** **sjá Allt**

Ræðismaður Íslands í Taílandi úttalar sig um mál Brynjars Mettinissonar:

# Bauð lögregluþjóni að vera burðardýr

**LÖGREGLUMÁL** Brynjar Mettinisson, sem situr í gæsluvarðhaldi í Taílandi grunaður um aðild að fíkniefnamáli, bauð þarlendum lögreglumanni í dulargervi jafnvirði greiðslu fyrir að flytja eiturlyf til Japans. Lögregluþjónninn handtók hann á staðnum.

Svona lýsir Chamnarn Viravan, aðalræðismaður Íslands í Taílandi, lokahnykk atburðarásarinnar sem varð til þess að Brynjar var hnepptur í gæsluvarðhald.

Samkvæmt frásögn hans var Brynjar í samskiptum við arabískan mann um að útvega burðardýr til að flytja lyf til læknis í Japan. Fyrir milligönguna átti Brynjar að fá jafnvirði tæplega 300 þúsund króna. Sá arabíski hafi síðan komið með metamfetamín í fljótandi formi á fund Brynjar og lögreglumannsins og þeir hafi þá báðir verið teknir höndum.

Viravan segist hafa útvegað Brynjari lögmann þar ytra. Brynjar má eiga von á að réttað verði yfir honum í ágúst. **- jab, sh /** **sjá síðu 6**







## SPURNING DAGSINS



*Kristín, er djúpt á Grænuborg?*

„Já, það virðist vera. Hún er allavega undir grænni torfu.“

Fornleifavernd ríkisins telur nauðsynlegt að ráðast í frekari fornleifarannsóknir á Landspítalalóðinni. Bæjarhús Grænuborgar, býlis frá 19. öld, fundust ekki á þeim stað þar sem bærinn var talinn hafa staðið á lóðinni. Kristín Huld Sigurðardóttir er forstöðumaður Fornleifaverndar.

Fjármálaráðherra segir að skoða þurfi hvort skuldaniðurfelling Landsbankans sé innan ramma:

# Telur ólíklegt að bankinn hafi brotið lög

**EFNAHAGSMÁL** Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra segir nýja aðgerðaráætlun Landsbankans vera það veigamikla að nauðsynlegt sé að skoða hana til hlítar.

Rætt var um málið á fundi fjárlaganefndar í gærmorgun og er það í fyrsta sinn sem þingið tekur það fyrir síðan aðgerðir bankans voru kynntar.

„Við byrjum á því að afla upplýsinga og skoða þessar aðgerðir, sem er fullkomlega eðlilegt,“ segir Steingrímur. „Athuga þarf sér í lagi hvort þessi skuldaniðurfelling sé innan þess ramma sem búið er að setja fjármálastofnunum.“ Steingrímur segir að nú þegar sé búið að veita mjög víðtækar undanþágur á skuldaniðurfellingar fyrir heimilin og frekari eftirgjöf á skuldum gæti þýtt skattlagningu við venjulegar aðstæður.

„Það var búið að búa til mjög rúmar undanþágureglur vegna þeirra sérstöku aðstæðna sem eru uppi. Við höfum takmarkaða fjármuni í greiðslur vaxtabóta,“ segir hann. „En ekkert hefur enn verið ákveðið og það er einungis verið að afla upplýsinga.“ Hann telur afar ólíklegt að bankinn sé með einum eða öðrum hætti að brjóta lög með þessum breytingum.

Steingrímur frétti fyrst af breyttum aðgerðum Landsbankans í fjölmiðlum og segir hann það fullkomlega eðlilegt. „Ég sem fjármálaráðherra hef engin afskipti af starfsemi bankans. Hann starfar bara á ábyrgð sinnar stjórnar,“ segir Steingrímur. **- sv**



**STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON** Fjármálaráðherra frétti fyrst af aðgerðum Landsbankans í fjölmiðlum og segir það fullkomlega eðlilegt. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

ESB fundar vegna baktería:

## Ræðir bætur til bændanna

**BRUSSEL** Landbúnaðarráðherrar Evrópusambandsins koma saman til fundar í dag til þess að ræða bætur til bænda sem tapað hafa gríðarlegu fé vegna orðróms um að þarmabakteríur í grænmeti þeirra hafi leitt til dauðsfalla og veikinda fjölda manna.

Í gær var vitað um 22 dauðsföll af völdum bakteríanna. Hundruð hafa veikst og yfir tvö þúsund hafa smitast.

Í fyrstu var talið að spænskar gúrkur væru rót vandans en síðan baunaspírur frá Þýskalandi. Ekkert hafði fundist í spírunum þegar um helmingur þeirra hafði verið rannsakaður. **- ibs**



**ALÞINGI** Það var sem stífla hefði brostið þegar samkomulag náðist um meðferð frumvarpa um fiskveiðistjórnun. Mælendaskrá tæmdist og önnur mál komust á dagskrá. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Stóra kvótamálið í nefnd fram á haust

**Samkomulag náðist um að setja stóra kvótamálið í nefnd fram á haustið. Stefnt er að því að litla kvótafrumvarpið verði að lögum í vikunni og að þingstörfum verði lokið. Nokkur stór og umdeild mál bíða þó enn samþykktar þingsins.**

**ALÞINGI** Samkomulag náðist um það um miðjan dag í gær að stóra kvótafrumvarpið færi til meðferðar sjávarútvegsnefndar. Mælendaskráin tæmdist, en fjölmargir þingmenn, aðallega stjórnarandstöðunnar, höfðu verið á henni og ljóst var að löng umræða var fram undan. Af henni varð ekki og málið fór til nefndar.

Sjávarútvegsnefnd mun hafa málið til umfjöllunar og stefnt er að því að það verði tekið upp síðsumars, komi ekki til sumarþings. Þing kemur saman að nýju 1. til 15. september og þá gefst færi á að taka málið upp aftur. Náist það ekki verður að leggja málið fram að nýju á næsta þingi, sem hefst 1. október.

Frestur gefst til umsagna um frumvarpið og verður tekið tillit til þeirra í starfi nefndarinnar. Sjávarútvegsráðherra getur einnig gert breytingar á frumvarpinu, verði lagt fram nýtt frumvarp í haust.

Litla kvótafrumvarpið hefur verið til umfjöllunar í sjávarútvegsnefnd og eftir eru tvær umræður um málið.

Samkvæmt dagskrá fer Alþingi í sumarfrí á fimmtudag. Samkomulag er um að ræða litla frumvarpið áfram og þeir stjórnarliðar sem Fréttablaðið ræddi við voru enn bjartsýnir á að það næðist að ljúka þingstörfum fyrir helgi. Stjórnarandstæðingar hafa þó ýmislegt við frumvarpið að athuga.

Stjórnin leggur mikla áherslu á að það verði að lögum í síðasta lagi fyrir nýtt kvótaár, sem hefst 1. september. Þá tekur frumvarpið á strandveiðum, sem verða stundaðar í sumar.

Þá stendur eftir spurningin hvort Alþingi komi aftur saman í sumar. Fyrir því virðist ekki mikill stuðningur og er það helst Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra sem hefur talað fyrir þeirri leið.

Fleiri mikilvæg mál á eftir að afgreiða, svo sem bandorm um ráðstafanir í ríkisfjármálum. Þar er meðal annars kveðið á um aðgerðir í kjölfar kjarasamninga. Ekki ríkir sátt um það mál en vonast er til að það klárist fyrir þinglok. Þá á enn eftir að ljúka umræðum um endurfjármögnun bankanna, auk fleiri mikilvægra mála.

Forseti Alþingis hefur lagt ríka áherslu á að starfsáætlun þingsins haldi og svo virðist sem það muni takast í grófum dráttum.

kolbeinn@frettabladid.is




**KJARADEILA** Flugvirkjar hafa boðað vinnustöðvun á morgun, náist ekki saman. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Deila flugvirkja og Icelandair:

## Útspil Icelandair rætt í gærkvöldi

**KJARAMÁL** Hreyfing í samkomulagsátt var komin í viðræður Flugvirkjafélags Íslands og Icelandair um nýjan kjarasamning í gærkvöldi. Tilboð frá Icelandair var lagt fram í gær.

Maríus Sigurjónsson, varaformaður Flugvirkjafélagsins, mat stöðuna þannig að líkur á að saman náist áður en vinnustöðvun skellur á á morgun hefðu aukist mjög.

Flugvirkjar ætla að leggja niður störf milli klukkan sex og tíu á morgun og föstudag náist ekki saman, en það mun raska áætlunarflugi Icelandair þá daga. **- shá**

Átta ár hjá Íbúðalánasjóði:

## Ráðgjöf fyrir 555 milljónir

**FJÁRMÁL Íbúðalánasjóður keypti sérfræðiaðstoð af einstaklingum og lögaðilum fyrir um 555 milljónir á tímabilinu 2001 til 2008. Þetta kom fram í svari Guðbjarts Hannessonar velferðarráðherra við fyrirspurn Guðlaugs Þórs Þórðarsonar, þingmanns Sjálfstæðisflokksins.**



**GUÐLAUGUR ÞÓR ÞÓRÐARSON**

**Guðlaugur vildi fá að vita hvað fælist í þeirri sérfræðiaðstoð sem Íbúðalánasjóður keypti á árunum 2000 til 2008 og hverjum var greitt hvað. Hann gagnrýnir hversu lengi tók að svara fyrirspurn hans og svarið sé ekki fullnægjandi.**

**Ráðherra útskýrði að of tímafrekt og flókið væri að svara fyrirspurn þingmannsins að fullu.** **- shá**

Gæsluvarðhald framlengt:

## Grunaður um að smygla khat

**DÓMSMÁL** Gæsluvarðhald yfir manni, sem grunaður er um aðild að innflutningi á tæpum sextíu kílóum af fíkniefninu khat hingað til lands, hefur verið framlengt. Hæstiréttur Íslands staðfesti þetta í gær.

Maðurinn, sem er írskur ríkisborgari, hefur setið í gæsluvarðhaldi frá 17. maí, ásamt þremur öðrum mönnum. Mennirnir fjórir voru handteknir á gistiheimili í Reykjavík grunaðir um aðild að innflutningnum 16. maí síðastliðinn. Khat er fíkniefni sem unnið er úr plöntu frá Norðaustur-Afríku. Efnið hefur verið þekkt á Norðurlöndunum í áratugi.






Maður á miðjum aldri óð fram hjá eldhafi á ganginum heima hjá sér:

# Bjargaði sér úr brennandi húsi

**SLÖKKVILIÐ** Maður á miðjum aldri slapp óhultur úr eldsvoða í fjölbýlishúsi á gatnamótum Stakkahlíðar og Miklubrautar síðdegis í gær. Að sögn varðstjóra hjá slökkviliðinu fór töluvert betur en á horfðist.

Eldur kviknaði á gangi íbúðarinnar og þurfti maðurinn að smeygja sér framhjá eldhafinu til að komast fáklæddur út úr húsinu.

Tilkynnt var um eldinn skömmu eftir klukkan fimm, en þá lagði mikinn reyk frá húsinu.

Allt tiltækt slökkvilið á höfuðborgarsvæðinu var sent á staðinn og það var ekki lengi að ráða niðurlögum eldsins. Reykræsta þurfti húsnæðið í kjölfarið.

Upptök eldsins voru ekki ljós í gær. Talsverðar reykskemmdir urðu á íbúðinni. **- sh**



**TÖLUVERÐAR SKEMMDIR** Íbúðin er töluvert skemmd en mildi þykir að maðurinn hafi sloppið ómeiddur. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# 16

Nr. 16: Styrkir úr nýjum Samfélagssjóði Landsbankans.

AÐGERÐIR Í TAKT VIÐ NÝJA STEFNU

35
SAMFÉLAGSSTYRKIR
FIMMTÁN MILLJÓNIR

*Landsbankinn þinn er heiti á nýrri stefnu bankans. Hann er í eigu þjóðarinnar og hefur mikilvægu hlutverki að gegna í samfélaginu. Landsbankinn hefur breyst mikið og mun breytast og eflast enn frekar í takt við nýja stefnu. Við skiptum ekki um nafn heldur hugarfar.*

# Við kynnum nýjan Samfélagssjóð

**Samfélagssjóður Landsbankans** mun styrkja verðug verkefni í samræmi við stefnu um samfélagslega ábyrgð bankans. Sjóðurinn verður með fjórar úthlutanir árlega, námsstyrki, samfélagsstyrki, nýsköpunar- og sprotastyrki og umhverfisstyrki. Námsstyrkir hafa þegar verið veittir en við auglýsum nú eftir umsóknum um samfélagsstyrki.



*Sextán námsmenn fengu afhenta námsstyrki við hátíðlega athöfn í Iðnó.*

## Samfélagsleg ábyrgð

Beinn stuðningur við samfélagið er liður í stefnu bankans um samfélagslega ábyrgð. Stuðningur úr samfélagssjóði kemur til viðbótar við fjölbreytt samstarfsverkefni bankans á sviði mannúðarmála, menningar og íþrótta um land allt. Dómnefndir eru skipaðar fagfólki á hverju sviði.

## Samfélagsstyrkir

Fyrsta úthlutun úr Samfélagssjóði var 3. júní sl. en þá hlutu sextán framúrskarandi námsmenn námsstyrki frá Landsbankanum. Um 1.000 umsóknir bárust. Nú auglýsum við eftir umsóknum um samfélagsstyrki en umsóknarfrestur er til 1. september nk. Veittir verða 35 styrkir til mannúðar-, menningar- og menntamála, samtals að upphæð 15.000.000 kr. Nánari upplýsingar um samfélagsstyrki eru á vef okkar. Umsóknarfrestur um nýsköpunar- og sprotastyrki og umhverfisstyrki verður kynntur í haust.

## Sextánda loforðið

Með því að kynna nýjan Samfélagssjóð höfum við efnt sextánda loforðið á aðgerðalista okkar. Hægt er að kynna sér aðgerðalista bankans á vef okkar.

**Landsbankinn** landsbankinn.is 410 4000

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

**GENGIÐ 06.06.2011**

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 113,46 | 114 |
| Sterlingspund | 186,17 | 187,07 |
| Evra | 165,65 | 166,57 |
| Dönsk króna | 22,215 | 22,345 |
| Norsk króna | 21,14 | 21,264 |
| Sænsk króna | 18,389 | 18,497 |
| Japanskt jen | 1,4168 | 1,425 |
| SDR | 182,69 | 183,77 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 220,6628

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Dominique Strauss-Kahn fyrir rétti í New York vegna meints kynferðisofbeldis:

# Vísar ásökununum á bug

**NEW YORK** Fyrrverandi framkvæmdastjóri Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, Dominique Strauss-Kahn, lýsti sig saklausan af ákæru um kynferðisofbeldi gagnvart hótelþernu þegar hann kom fyrir rétt í New York í gær. Benjamin Brafman, verjandi Strauss-Kahn, sagði, eftir að skjólstæðingur hans hafði lýst yfir sakleysi sínu, að ekki hefði verið um neitt líkamlegt ofbeldi að ræða í málinu.

Samtímis sagði lögmaður konunnar sem kærði Strauss-Kahn fyrir tilraun til nauðungar að hún vildi einfaldlega réttlæti.



**Í NEW YORK** Dominique Strauss-Kahn ásamt eiginkonu sinni, Anne Sinclair. NORDICPHOTOS/AFP

„Hún sækist ekki eftir athygli. Það sem hún vill er réttlæti," sagði Kenneth Thompson fyrir utan dómhúsið þar sem fjöldi kvenna, í búningi herbergisþerna, var saman kominn til þess að lýsa yfir stuðningi sínum við konuna sem kærði Strauss-Kahn.

Lögmennirnir sem fara með mál Strauss-Kahn hafa áður tekið að sér mál frægra manna. Benjamin Brafman tengdist réttarhöldunum vegna máls Michaels Jackson og hefur hann jafnframt verið verjandi Sean „Puffy" Combs. Við hitt borðið sitja einnig þekktir lögmenn, þar á meðal Joan Illuzzi-Orbon.

Strauss-Kahn kemur næst fyrir réttinn 18. júlí næstkomandi. - ibs

Dulbúnir Kínverjar í njósnum:

# Þóttust vera meindýraeyðar

**DANMÖRK** Kínverjar klæddir eins og meindýraeyðar birtast án þess að gera boð á undan sér og fá aðgang að dönskum fyrirtækjum í Kína og þaðan streyma svo upplýsingar. Þetta er haft eftir lögfræðingnum Henrik G. Jacobsen í danska blaðinu metroXpress.

Hann segir fulltrúa danskra fyrirtækja aldrei velta því fyrir sér hvort meindýraeyðarnir séu í raun njósnarar

Jacobsen fullyrðir einnig að Kínverjar stundi iðnaðarnjósnir í Danmörku. - ibs



**AÐALSTEINN LEIFSSON** Nýr formaður stjórnar Fjármálaeftirlitsins er lektor við viðskiptadeild HR. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Aðalsteinn nýr formaður FME:

# Skipt um efstu stjórnarmenn

**VIÐSKIPTI** Aðalsteinn Leifsson, lektor við viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík, hefur tekið við sem formaður stjórnar Fjármálaeftirlitsins (FME) og Ingibjörg Þorsteinsdóttir, dósent við lagadeild Háskólans á Bifröst, tekið við sem varaformaður.

Þau Aðalsteinn og Ingibjörg koma í stað Lilju Ólafsdóttur héraðsdómslögmanns og Kristínar Haraldsdóttur lögfræðings, sem var varaformaður stjórnar, samkvæmt tilkynningu frá FME.

Varamenn í stjórn FME eru sem áður þeir Halldór S. Magnússon, Sigurður Þórðarson og Tryggvi Pálsson. - jab

## DÝRALÍF

### Tökum tillit til fuglsunga

Fuglsungar skríða í unnvörpum úr eggjum þessa dagana og víða um land má sjá fullorðna fugla með ungahóp í eftirdragi. Umferðarstofa vill því hvetja ökumenn til að taka tillit til fiðraðra vegfarenda á næstunni. Á það sérstaklega við á vegum í nágrenni við sjó, tjarnir eða vötn.

## LEIÐRÉTTING

Nafn Örnu Sigríðar Ólafsdóttur, sem ásamt Önnu Katrínu Hilmarsdóttur prýddi forsíðu fjölskyldublaðs Fréttablaðsins síðasta laugardag, misritaðist og er hún beðin afsökunar á því.

# „Þetta eru pólitísk réttarhöld"

**Geir H. Haarde kveðst saklaus af öllu í ákæru Alþingis og boðar frávísunarkröfu. Geir segir Atla Gíslason, Steingrím J. Sigfússon og Ögmund Jónasson bera höfuðábyrgð á fyrstu pólitísku réttarhöldunum á Íslandi.**

**DÓMSMÁL** Geir H. Haarde, fyrrverandi forsætisráðherra, hafnar öllum ásökunum sem á hann eru bornar í ákæruskjali saksóknara Alþingis, sem þingfest verður fyrir landsdómi í dag. Þetta sagði hann á blaðamannafundi sem hann boðaði til í gær vegna málsins. „Eins og tilurð og efni þessarar ákæru er þá er auðvitað hér á ferðinni pólitísk atlaga. Þetta eru pólitísk réttarhöld," sagði Geir. Valdhafar beittu nú öllum tiltækum ráðum til að ná sér niðri á gömlum pólitískum andstæðingi.

Geir sagðist hafa verið í hálfgerðu þagnarbindindi frá því að Alþingi ákvað í fyrrahaust að höfða málið á hendur honum og líkti því við stofufangelsi. Nú vildi hann hins vegar gera grein fyrir afstöðu sinni til málsins í tilefni þingfestingarinnar í dag.

Geir gagnrýndi málsmeðferðina harkalega og boðaði frávísunarkröfu vegna galla á henni. „Ég hef mikið velt því fyrir mér hvort rétt sé að krefjast frávísunar á málinu," sagði Geir. „Ég tel að eins og málum er komið þá hafi ég kannski mestu hagsmunina af því að láta þetta mál ganga á enda, leiða fram 60 eða 80 vitni, láta þetta mál stoppa öll önnur mál í Hæstarétti vikum saman og knýja síðan fram sýknu. En ég tel engu að síður að mér sé skylt að láta á það reyna fyrir dómstólnum hvort það er hægt að bjóða dómstólum landsins upp á ákærur í þessu formi," sagði Geir.

Hann sagði að réttur hefði ítrekað verið brotinn á sér, honum ekki skipaður verjandi strax eins og lög gerðu ráð fyrir, og þar að auki hefði lögum um landsdóm verið breytt eftir að málið var hafið, sem í flestum réttarríkjum þætti óhugsandi.

Geir gagnrýndi að Sigríður Friðjónsdóttir, saksóknari Alþingis, hefði í sjónvarpsviðtali sagt að það væri „alls ekki fjarlægt" að sakfelling næðist fyrir einhver ákæruatriðanna, enda mætti saksóknari ekki gefa út ákæru án þess að vera þess fullviss að meiri líkur en minni væru á sakfellingu.

Enn fremur sagði Geir vinnulag þingmannanefndar Atla Gíslasonar óviðunandi, enda hefði hún ekki rannsakað málið að öðru leyti en að lesa skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis.

Geir lauk máli sínu á þessum orðum: „Í ljósi alls þessa þá verð ég nú að fá að segja það hérna í lokin, þótt mér sé illa við að nafngreina menn í þessu sambandi, miðað við allan þennan aðdraganda sem ég hef rakið, þá fer nú kannski ekkert sérstaklega illa á því að það skuli vera þeir Atli Gíslason, Steingrímur J. Sigfússon og Ögmundur Jónasson sem bera höfuðábyrgð á fyrstu pólitísku réttarhöldunum sem haldin eru á Íslandi." stigur@frettabladid.is




FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**ÓSÁTTUR** Geir sýnir grein úr norsku blaði þar sem honum er líkt við Vidkun Quisling, norska föðurlandssvikarann sem var forsætisráðherra í leppstjórn nasista í Noregi í seinna stríði.

## Verst að vera líkt við Quisling í norsku blaði

Geir segir málareksturinn hafa verið sér dýran. Hann sé með lið lögfræðinga að vinna að málsvörninni. „Kostnaðurinn fram til þessa er kominn í sirka níu milljónir þó að málið sé varla byrjað," segir Geir. Þess vegna hafi vinir hans og félagar sett á laggirnar vefsíðuna malsvorn.is, þar sem fé verði safnað til að standa straum af kostnaðinum.

Geir segir að álitshnekkirinn sem málshöfðuninni fylgi sé þó verri. Hér á Íslandi geri flestir sér grein fyrir eðli málsins, en öðru máli gegni um útlönd, þar sem hann eigi marga vini. „Það versta í því efni sem ég hef séð er í norsku blaði sem ég sá fyrir tilviljun í haust, þar sem mér er líkt við engan annan en Quisling, sem er það versta sem hægt er að segja um nokkurn mann í Noregi," sagði Geir. „Ég verð að segja ykkur alveg eins og er að mér líkar þetta ekki, ekki frekar en ef mér er líkt við Dominique Strauss-Kahn eða aðra slíka menn eða einhverja þjófa sem hafa misnotað aðstöðu sína í opinberu embætti."





512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000


## VEÐURSPÁ



**Soffía Sveinsdóttir** veðurfréttamaður

**SVALT** Kalt loft situr sem fastast yfir landinu og litlar breytingar eru væntanlegar á hitastiginu næstu daga – og búast má við næturfrosti, einkum inn til landsins. Í dag og á morgun verður hæglætisveður en það hvessir heldur á fimmtudaginn með úrkomu N-til.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 24° |
| Basel | 22° |
| Berlín | 27° |
| Billund | 21° |
| Frankfurt | 26° |
| Friedrichshafen | 27° |
| Gautaborg | 20° |
| Kaupmannahöfn | 20° |
| Las Palmas | 22° |
| London | 17° |
| Mallorca | 23° |
| New York | 30° |
| Orlando | 34° |
| Ósló | 20° |
| París | 22° |
| San Francisco | 15° |
| Stokkhólmur | 19° |

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal jonl@frettabladid.is ALMENNAR SÍMI 512-5401: Hendrik Sigurðsson hendrik@frettabladid.is, Guðmundur Steinsson gudmundurs@365.is, Laila Awad laila@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is ALLT SÍMI 512-5402: Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is, Þórdís Hermannsdóttir thordish@365.is SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016: Sigríður Hallgrímsdóttir sigridurh@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynurs@365.is, Benedikt Freyr Jónsson benediktj@365.is RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Sigurlaug Aðalsteinsdóttir sigurlaug@365.is, Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Guðný Gunnlaugsdóttir gunny@365.is KYNNINGARSTJÓRI: Einar Skúlason einar.skulason@365.is

# SKEMMTILEGRA GOLF Í ALLT SUMAR!

## VERÐUR ÞITT SKOR DREGIÐ ÚR POTTINUM?

Golfsumarið er samstarfsverkefni Vodafone, Póstsins, Icelandair Golfers og golf80.com með það að markmiði að gera golfið á Íslandi enn skemmtilegra. Golfsumarið er samfelld mótaröð, óháð stað og stund. Það geta allir tekið þátt, óháð skráningu í klúbb, forgjöf eða landfræðilegri staðsetningu. Þú spilar þegar þú vilt og þegar þú hefur lokið við 9 eða 18 holu hring skráir þú skorið á **golfsumarid.is** eða setur skorkortið í næsta póstkassa.

Í hverri viku verða dregnir út skemmtilegir vinningar fyrir hin ýmsu afrek á vellinum, góð og slæm. Öll skor safnast saman í pottinn og í lok sumars verða þrír heppnir þátttakendur dregnir út og fara í golfferð til Skotlands með Birgi Leifi.

Allar nánari upplýsingar og skráning á golfsumarid.is.

GOLF SUMARIÐ

Þú spilar hvar og hvenær sem þér hentar

Skráðu hringinn þinn á golfsumarid.is

Verðlaun í hverri viku í allt sumar

Settu upp þinn hóp með vinum og vinnufélögum

Aðalverðlaun

Golfferð til Skotlands með Birgi Leifi



Powered by GOLF80.COM

Golfsumarið 2011 er í boði: ICELANDAIR Golfers PÓSTURINN vodafone

## KJÖRKASSINN



*Telur þú að menn hafi búið á Íslandi fyrir hið hefðbundna landnám árið 874?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 87,5% |
| NEI | 12,5% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Sóttir þú hátíðahöld á sjómannadaginn?*

Segðu skoðun þína á visir.is

vísir

Breskir fjölmiðlar búast við að margir vilji kaupa matvörukeðjuna Iceland Foods:

# Risar horfa til verslananna

**VIÐSKIPTI** Búast má við harðri baráttu um bresku matvöruverslanakeðjuna Iceland Foods, að sögn dagblaðsins The Telegraph.

Stórverslanirnar Asda og Morrison hafa fengið sérfræðinga til liðs við sig til að undirbúa tilboð í 67 prósenta hlut skilanefndar gamla Landsbankans í verslanakeðjunni. Asda er önnur umsvifamesta verslun Bretlands en Morrison í fjórða sæti. Telegraph segir verðið geta numið 1,5 milljörðum punda, jafnvirði 280 milljarða króna.

Blaðið segir jafnframt forsvarsmenn annarra verslana bera víurnar í Iceland Foods. Þar á meðal sé bandaríska risakeðjan Walmart.




**ICELAND-VERSLUN** Verslanir Iceland Foods eru rúmlega sjö hundruð talsins. Þær eru sagðar verpa gulleggjum enda er arður eigenda af rekstrinum mikill.

Þá telur blaðið ekki útilokað að Malcolm Walker, stofnandi og forstjóri Iceland Foods, reyni að kaupa matvörukeðjuna. Hann á um 26 prósenta hlut með öðrum stjórnendum og hefur áður lýst yfir áhuga á að eignast verslunina. Það spillir ekki fyrir að eignarhlutinn veitir honum rétt til að bjóða gegn þeim sem á hæsta boðið í matvörukeðjuna. Fram kom á fundi skilanefndar og slitastjórnar Landsbankans fyrir skemmstu að stefnt væri að því að selja keðjuna fyrir áramót. **- jab**

Japanar spara rafmagn:

# Sumartími eftir jarðskjálftann

**JAPAN Borgarstarfsmenn í Tókýó verða að fara klukkustund fyrr á fætur en áður þar sem borgaryfirvöld hafa innleitt „sumartíma" til þess að spara rafmagn. Rafmagnsskortur hefur verið í Japan í kjölfar jarðskjálftans í mars.**

**Japanar hafa árum saman hikað við að innleiða sumartíma af ótta við að slíkt myndi aðeins lengja vinnudaginn.**

**Þótt borgarstarfsmenn séu komnir á „sumartíma" verður klukkunni þó ekki flýtt.** **- ibs**

Útboðsgögn á lokastigi:

# Stutt í ákvörðun um byggingu fangelsis

**ALÞINGI** Útboðsgögn fyrir nýtt fangelsi eru á lokastigi og þegar þau eru tilbúin verður tekin ákvörðun um hvaða leið verður farin varðandi fjármögnun. Þetta kom fram í svari Steingríms J. Sigfússonar fjármálaráðherra við fyrirspurn Gunnars Braga Sveinssonar, þingmanns Framsóknarflokksins.

Steingrímur sagði að ekki hefði enn verið tekin ákvörðun um hvort fangelsið yrði byggt í samstarfi við lífeyrissjóði og aðra aðila, eða hvort ríkissjóður fjármagnaði það. Hann sagði að um framkvæmd upp á um það bil tvo milljarða króna væri að ræða. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um staðsetningu. **- kóp**

## NÝR ÞINGMAÐUR

### Baldur tekur sæti á Alþingi

Baldur Þórhallsson, prófessor við Háskóla Íslands, tók í gær sæti á Alþingi í fyrsta sinn. Baldur situr á þingi fyrir Samfylkinguna. Hann tekur sæti Marðar Árnasonar, sem víkur af þingi af persónulegum ástæðum.

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Brotist inn í gróðurhús

Tuttugu gróðurhúsalömpum var stolið úr gróðurhúsi Flúðajöfra á Flúðum aðfaranótt sunnudags. Að sögn lögreglu sást til Nissan Terrano jeppa í grenndinni. Þeir sem veitt geta upplýsingar eru beðnir að hafa samband við lögregluna á Selfossi.

### Þremur bílum stolið

Bílaþjófar létu til sína taka í Þorlákshöfn um síðustu helgi því þá var þremur bílum stolið í bænum. Tveir ölvaðir menn stálu einum bílnum og klessukeyrðu hann. Annar bíll fannst óskemmdur og sá þriðji fannst fyrir utan bæinn með brotna rúðu.



**FANGAR Í TAÍLENSKU FANGELSI** Brynjar Mettinisson hitti manninn sem hann hafði fengið til að flytja fíkniefni fyrir annan til Japans á Fortune-hótelinu í Bangkok. Sá reyndist vera rannsóknarlögreglumaður. FRÉTTABLAÐIÐ/SAMSETT MYND

# Útvegaði burðardýr til fíkniefnasmygls

**Brynjar Mettinisson var í samskiptum við arabískan mann vegna flutnings á eiturlyfjum frá Taílandi til Japans. Var handtekinn með metamfetamín. Burðardýrið var lögreglumaður. Gæti fengið nokkurra ára dóm hjálpi hann lögreglu.**

**TAÍLAND** Brynjar Mettinisson, sem situr í gæsluvarðhaldi í Bangkok í Taílandi, útvegaði arabískum manni sem hann hafði verið í samskiptum við á netinu burðardýr sem flytja átti einn lítra af metamfetamíni í vökvaformi til Japans.

Chamnarn Viravan, aðalræðismaður Íslands í Taílandi, hefur ekki fengið afrit af skýrslu lögreglunnar vegna handtöku Brynjars en hefur verið í sambandi við unnustu hans ytra. Frásögn Viravans af tildrögum málsins er önnur í svarskeyti hans til Fréttablaðsins en fram hefur komið.

Brynjar var úrskurðaður í þriggja mánaða gæsluvarðhald í Bangkok á mánudag í síðustu viku eftir að lögregla handtók hann með öðrum manni. Samkvæmt fyrri frásögnum var hann á heimleið frá veitingastað ásamt unnustu sinni þegar þau hittu ástralskan mann sem Brynjar kannaðist lítillega við. Lögreglu hafi þá borið að sem fann fíkniefni á þeim ástralska en engin á Brynjari. Þeir hafi verið handteknir vegna gruns um fíkniefnamisferli.

Viravan hefur hins vegar eftir unnustu Brynjars að arabískur maður hafi sett sig í samband við Brynjar og reynt að fá hann til að flytja fyrir sig lyf til Japans. Þeir áttu samskipti sín á milli á Skype-samskiptaforritinu á netinu og mun unnustan hafa heyrt Brynjar spyrja hvort lyfið væri ólöglegt. Því hafi sá arabíski neitað, sagt Brynjari að hafa ekki áhyggjur, um lyfjablöndu væri að ræða sem ætti að afhenda lækni í Japan.

Samkvæmt lýsingu Viravans sagði sá arabíski Brynjari að hann þyrfti ekki að flytja lyfið sjálfur, hann gæti fundið burðardýr fyrir sig. Engu að síður fengi hann 2.500 Bandaríkjadali fyrir viðvikið, tæpar 290 þúsund krónur.

Brynjar fann að loknum mann sem tilbúinn var til verksins og ákvað að hitta hann á Grand Mercure Fortune hótelinu, sem er í nýjasta borgarhluta Bangkok, á mánudag. Þeir hringdu þaðan í arabíska manninn, sem kom með eiturlyfin á hótelið. Burðardýrið reyndist vera rannsóknarlögreglumaður og tvímenningarnir handteknir á staðnum.

Aðalræðismaður Íslands í Taílandi hefur útvegað Brynjari lögfræðing og áttu þeir að hittast í gær eða í dag. Réttað verður í máli Brynjars snemma í ágúst, að sögn aðalræðismannsins.

**jonab@frettabladid.is**

## Minnst 20 ár fyrir sölu fíkniefna í Taílandi

Viðurlög gegn fíkniefnabrotum í Taílandi eru með þeim harðari sem þekkjast. Sá sem tekinn er með fíkniefni til eigin neyslu gæti átt yfir höfði sér fimm til tíu ára dóm. Dómur fyrir fíkniefnasölu gæti hljóðað upp á tuttugu ár að lágmarki. Aðalræðismaður Íslands í Taílandi segir í samskiptum sínum við Fréttablaðið að viðkomandi geti fengið vægari dóm, viðurkenni hann brot sín og vinni með lögreglu að lausn málsins. Þá geti þeir sem eigi yfir höfði sér sína fyrstu fangelsisvist fengið vægari dóma en aðrir.

## Hvað er metamfetamín?

Metamfetamín er ávanabindandi fíkniefni og mjög algengt í hinum vestræna heimi, svo sem í Bandaríkjunum. Það er náskylt amfetamíni en hefur sterkari virkni á heilann og minni áhrif á úttaugarnar en amfetamín. Eitrið veldur munnþurrki, hækkuðum líkamshita, vöðvaofvirkni og ofbeldisfullri sjálfseyðandi hegðun ásamt öðru. Þegar fljótandi metamfetamín er kælt verður það að klumpum, eins konar ísmolum, og efnið er reykt. Lyfið berst hratt úr lungum neytanda út í blóðrásina og til heilans. Metamfetamín í vökvaformi er lyktarlaust og því er auðveldara að smygla því en öðrum eiturlyfjum.



HVÍTA HÚSIÐ/SÍA • 11-0196



# Framkvæmdalán

## 5,5% óverðtryggðir vextir* og **engin** lántökugjöld

Framkvæmdalán er hagkvæm leið til endurbóta. Lánið er óverðtryggt skuldabréfalán með breytilegum kjörvöxtum samkvæmt vaxtatöflu bankans hverju sinni. Það býðst einstaklingum með trausta viðskiptasögu og góða greiðslugetu. Framkvæmdalán geta numið allt að 1,5 milljónum gegn veði og allt að 750.000 kr. án veðs.

**Kynntu þér framkvæmdalánin á www.islandsbanki.is eða í næsta útibúi Íslandsbanka.**

*M.v. vaxtatöflu Íslandsbanka 21.04.2011

ALLIR VINNA
ALLIRVINNA.IS

**Stjórnvöld hafa framlengt átakið ALLIR VINNA til 1. janúar 2012**

Þú getur fengið endurgreiðslu á virðisaukaskatti og allt að 300.000 kr. skattafrádrátt vegna framkvæmda. Allt um það á www.allirvinna.is.

islandsbanki@islandsbanki.is
www.islandsbanki.is
Sími 440 4000

Íslandsbanki

## VEISTU SVARIÐ?



1. Hver er nýr formaður SÁÁ?
2. Hvaða líffæri seldi ungur kínverskur maður úr sér á dögunum til að eiga fyrir iPad?
3. Hver leikur Prófessor Xavier í nýju X-Men kvikmyndinni?

SVÖR

1. Gunnar Smári Egilsson. 2. Nýra. 3. James Mcavoy.

Erfið rannsókn sérfræðinga á fjöldagröfunum í Srebrenica í Bosníu stendur enn yfir:

# Líkin höfðu verið flutt úr einni gröf í aðra

**BOSNÍA** Samtímis því sem réttað verður yfir stríðsherranum Ratko Mladic fyrir alþjóðlega stríðsglæpadómstólnum í Haag í Hollandi halda sérfræðingar áfram að reyna að bera kennsl á lík þeirra sem létust í blóðbaðinu í Srebrenica í Bosníu árið 1995. Þá tók herflokkur undir stjórn Mladic, sem var hershöfðingi Bosníu-Serba, af lífi allt að átta þúsund múslíma.

Rannsóknin í Bosníu er erfið þar sem Bosníu-Serbar gerðu allt sem þeir gátu til þess að koma í veg fyrir að glæpir þeirra uppgötvuðust. Í þeim tilgangi fluttu þeir lík fórnarlamba sinna úr einni fjöldagröfinni í aðra. Líkamsleifar eins fórnarlambs fundust til dæmis á fimmtán stöðum í fimm fjöldagröfum, að því er segir á vefsíðu danska blaðsins Politiken.



**RATKO MLADIC** Fyrrverandi yfirmaður herliðs Bosníu-Serba fyrir stríðsglæpadómstólnum í Haag. NORDICPHOTOS/AFP

Nú, sextán árum eftir blóðbaðið, hafa verið borin kennsl á 5.437 fórnarlömb. Á hverju ári eru jarðsettar líkamsleifar þeirra sem nýlega hafa verið borin kennsl á. Athöfnin fer fram í kirkjugarði í Potocari fyrir utan fyrrverandi bækistöðvar Sameinuðu þjóðanna þar sem þúsundir leituðu skjóls. Í ár verða líkamsleifar 500 fórnarlamba jarðsettar.

Næstum öll fórnarlömbin frá Srebrenica voru karlar eða drengir. Aðeins hafa fundist líkamsleifar fimm kvenna. „Ég fann einu sinni leikfang. Lítinn bíl. Það er óvenjulegt. Ég hef einnig fundið ungbarnaskó,“ er haft eftir einum sérfræðinganna sem vinna að rannsókninni.

Ratko Mladic er ákærður fyrir þjóðarmorð, stríðsglæpi og glæpi gegn mannkyninu. - ibs

Heilbrigðisráð ESB ályktar:

## Bólusetningar eru sagðar vera áhrifamestar

**EVRÓPUMÁL Ráð heilbrigðisráðherra ESB minnti í gær á að bólusetning hefði haft úrslitaþýðingu í baráttu við smitsjúkdóma og jafnvel útrýmt þeim. Hún væri árangursríkasta og hagkvæmasta leiðin til þess.**

**Evrópu hefur mistekist að eyða mislingum og rauðum hundum fyrir árið 2010 eins og stefnt var að, segir ráðið. Þetta hafi gerst þar sem í ýmsum sveitarstjórnum og í héruðum aðildarríkjanna hafi ekki verið nægilegt framboð bólusetninga.**

**Ráðið leggur til ýmsar úrbætur og biður meðal annars framkvæmdastjórn ESB um að fræða almenning og heilbrigðisstarfsfólk um bólusetningar. - kóþ**

Umferð um Hvalfjarðargöngin minnkar:

## Ferðum um göngin fækkar um 11%

**SAMGÖNGUR** Umferð um Hvalfjarðargöng í maí síðastliðnum dróst saman um ellefu prósent miðað við sama mánuð í fyrra.

Þegar horft er til lengri tíma er mikil samsvörun í tölum Spalar fyrir Hvalfjarðargöng og Vegagerðarinnar fyrir þjóðvegina. Umferð í göngunum dróst saman um 8,15 prósent fyrstu fimm mánuði þessa árs en samdrátturinn á landsvísu, samkvæmt tölum Vegagerðarinnar, var 8,8 prósent á sama tíma. Þetta kemur fram í tilkynningu frá Speli.

Talið er fullvíst að umferðin í göngunum verði áfram minni í ár en í fyrra samkvæmt spám Vegagerðarinnar. - sv



**HVALFJARÐARGÖNGIN** Talið er víst að umferð um göngin á árinu verði minni en í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



**ELDHAFIÐ NÁLGAST** Þessir íbúar Springerville í Arizona voru á leið á fund vegna aðsteðjandi hættu. Þegar myndin var tekin voru eldarnir enn nokkur hundruð kílómetra í burtu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Skógareldar ógna byggð í Arizona-ríki

**Neyðarástand hefur skapast á stórum svæðum í Arizona-ríki vegna mikilla skógarelda sem þar hafa geisað í viku. Eldarnir færast í aukana og á annað þúsund manns hafa flúið heimili sín.**

**BANDARÍKIN** Skógareldar sem hafa geisað í austanverðu Arizona-ríki í vikutíma færast í aukana þrátt fyrir umfangsmiklar tilraunir slökkviliðs til að hemja eldinn. Á annað þúsund íbúar bæja á svæðinu hafa flúið heimili sín. Eldarnir hafa þegar gleypt um 800 ferkílómetra lands.

Skógareldarnir hafa logað í um vikutíma en í gærmorgun versnaði ástandið mikið vegna vaxandi vinds sem hefur gert verkefni slökkviliðs nær óvinnandi.

Jan Brewer, ríkisstjóri í Arizona, lýsir ástandinu á svæðinu sem „skelfilegu“ eftir að hafa skoðað hamfarasvæðið úr lofti. Eldarnir eru þegar þeir þriðju verstu sem íbúar á svæðinu hafa glímt við.

Í gær voru 2.300 slökkviliðsmenn komnir á svæðið víða að frá Bandaríkjunum til að berjast við eldana, sem hófust 29. maí. Reykurinn frá eldunum sést langt að og greinilega í nágrannafylkjunum Nýju-Mexíkó og Colorado. Fólki á stórum svæðum er ráðlagt að halda sig innan dyra vegna reykjarkófsins.

Alvarlegast er ástandið í fjallahéruðum austarlega í Arizona. Fólk byrjaði að yfirgefa heimili sín á stórum svæðum strax á laugardag þegar eldarnir voru aðeins fáeina kílómetra í burtu. Þeim fáu sem eftir eru í nokkrum bæjum á svæðinu hefur verið gert að vera í viðbragðsstöðu og yfirgefa heimili sín með aðeins nokkurra mínútna fyrirvara, gerist þess þörf.

Slökkviliðsmenn hafa reynt að kveikja smærri elda til að mynda belti af brunnu landi, en þannig stóðu vonir manna til að hægt væri að halda framrás eldanna í skefjum. Þessar aðgerðir hafa ekki skilað neinum árangri.

Kostnaður við slökkvistarfið hleypur nú þegar á milljónum dala en óttast er að kostnaðurinn við eldana muni hækka margfalt, sérstaklega ef fram fer sem horfir og eldarnir ná til mannlausra bæjanna sem eru næst eldhafinu. Hingað til hafa einungis fáeinir fjallakofar orðið eldinum að bráð og hvorki íbúum né slökkviliðsmönnum hefur orðið meint af í baráttunni við eldana.

Skógareldar í Arizona árið 2002 brenndu 1.400 ferkílómetra svæði og stór skógareldur í ríkinu árið 2005 olli miklum skemmdum á gróðurlendi nálægt Phoenix, höfuðborg ríkisins.

svavar@frettabladid.is


SAMKEPPNIN EFTIR HRUN

Samkeppniseftirlitið kynnir skýrslu sína *Samkeppnin eftir hrun*

**Hótel Hilton Nordica fimmtudaginn 9. júní nk. kl. 8:00 – 10:15.**

Í skýrslu Samkeppniseftirlitsins er kynnt niðurstaða rannsóknar um fjárhagsstöðu og fjárhagslegar endurskipulagningar stærri fyrirtækja og eignarhald þeirra. Þá er farið yfir sjónarmið um endurskipulagningu banka á fyrirtækjum og kynntar leiðir til úrbóta.

**Dagskrá //** Fundarstjóri er **Rögnvaldur J. Sæmundsson**, formaður stjórnar Samkeppniseftirlitsins

HÚS OPNAR - **Kaffi og meðlæti - 8:00 - 8:30**

FYRRI HLUTI
SKÝRSLA SAMKEPPNISEFTIRLITSINS

**Páll Gunnar Pálsson,** *forstjóri*
Vandi atvinnulífsins og samkeppninnar

**Benedikt Árnason,** *hagfræðingur*
Rannsókn Samkeppniseftirlitsins

**Sonja Bjarnadóttir,** *lögfræðingur*
Eftirlit með yfirtökum banka á fyrirtækjum

SEINNI HLUTI
HVERT SKAL STEFNT?

**Árni Páll Árnason,** *efnahags- og viðskiptaráðherra*
**Birna Einarsdóttir,** *bankastjóri Íslandsbanka*
**Hermann Guðmundsson,** *forstjóri N1*



AÐGANGUR ER ÓKEYPIS
Skráning á ráðstefnuna fer fram á
www.samkeppni.is

SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ
Borgartúni 26, 125 Reykjavík,
www.samkeppni.is



„Að geta nálgast yfirlit og skýrslur á einum stað.“



# Innheimtuþjónusta

## – Rafræn þjónusta fyrir fyrirtæki

—

## Hvað **skiptir** þig máli?

Það skiptir máli fyrir hönnunarfyrirtæki eins og **Farmers Market** að vera með skilvirkt kerfi til að gefa út og innheimta viðskiptakröfur. Þess vegna bjóðum við hjá **Arion banka** fyrirtækjum upp á innheimtuþjónustu auk þess sem sérfræðingar okkar veita viðskiptavinum ráðgjöf og aðstoð við uppsetningu og innleiðingu.

Komdu í næsta útibú og ræddu við fyrirtækjaráðgjafa, hringdu í síma **444 7000** eða kynntu þér rafræna þjónustu fyrir fyrirtæki á **arionbanki.is**



„Að geta gefið út og innheimt viðskiptakröfur í gegnum netbanka.“

„Að bankinn styðji okkur í að ná settum markmiðum.“





„Að hafa góða yfirsýn yfir **viðskiptakröfur**.“

Bergþóra Guðnadóttir og Jóel Pálsson
Farmers Market





„Að getað boðið fjölbreytta íslenska upplifun.“






Hafðu samband við okkur í síma **444 7000**, á **arionbanki.is**
eða komdu í næsta útibú. **Við tökum vel á móti þér.**

Arion banki

ÍSLENSKA SIA.IS ARI 55216 06/11



**MOKAR ÖSKU** Ungur drengur tekur til hendinni í argentínsku borginni Bariloche. Mikið öskufall varð þar í kjölfar eldgossins í Puyehue í Síle. NORDICPHOTOS/AFP

Nýr stofn fjölónæmrar bakteríu finnst á kúabúum í Bretlandi:

# Baktería sem smitast frá nautgripum í menn

**BRETLAND** Breskir vísindamenn hafa uppgötvað nýjan stofn fjölónæmrar bakteríu, MRSA, sem virðist smitast í menn frá nautgripum og getur valdið lífshættulegum veikindum. Frá þessu var greint á fréttavef The Guardian en þetta er í fyrsta sinn sem fjölónæm baktería finnst á breskum bændabýlum.

Bakterían fannst árið 2007 á þremur prósentum mjólkurbúa við rannsókn á júgurbólgu um allt Stóra-Bretland. Líklegt þykir að bakterían smitist í opin sár, við beina snertingu við sýkt dýr eða fólk sem vinnur með dýrin.

Bakterían fannst í sýnum úr fólki í Skotlandi, Englandi, Írlandi, Danmörku og Þýskalandi, en elsta dæmið er frá árinu 1975.

Fjöldi sýktra í Englandi og í Skotlandi jókst frá einum árið 2002 upp í tólf einstaklinga á síðasta ári.

Haraldur Briem landlæknir segir fjölónæmar bakteríur vandamál sem öðru hvoru komi upp hér á landi. Ekki sé þó ástæða til að óttast faraldur. „Það er vel þekkt að upp komi bakteríusýkingar sem rekja má til dýraríkisins en slíkum tilfellum hefur ekki fjölgað hér á landi. Með gerilsneyðingu afurða má koma í veg fyrir smit og einnig getum við varið okkur með því að sjóða og steikja mat og skola grænmetið.“ - rat



**NÝR STOFN** Fjölónæm baktería hefur fundist í Bretlandi sem smitast milli nautgripa og manna.

**Sparisjóðurinn í Keflavík - Kröfuhafafundur.**

Kröfuhafafundur vegna slita á Sparisjóðnum í Keflavík verður haldinn á Grand Hóteli í Reykjavík, Hvammi, fimmtudaginn 9. júní 2011 kl. 10.00 árdegis.

Lögð verða fram drög að ársreikningum fyrir árin 2009 og 2010, skýrsla um stöðu slitameðferðar og fjárhag slitastjórnar.

**Slitastjórn:**
Soffía Eydís Björgvinsdóttir, hdl.
Auður Þórisdóttir, lögg.end.
Elvar Örn Unnsteinsson, hrl.

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
MEIRA SJÓNVARP
Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á Vísi.
vísir

Auðveldar samband erlendis:

## Fólk skrái sig hjá ráðuneyti

**UTANRÍKISMÁL Þeir Íslendingar sem ferðast til útlanda geta nú skráð upplýsingar sínar á heimasíðu utanríkisráðuneytisins. Er þetta sérstaklega hugsað fyrir þá sem fara til svæða þar sem má ætla að sé viðsjárvert ástand. Upplýsingarnar eru geymdar hjá ráðuneytinu meðan á dvölinni stendur.**

**Ráðuneytið hefur ítrekað þurft að virkja neyðaráætlun sína vegna hamfara eða annars hættuástands erlendis. Þá er haft samband við íslenska ríkisborgara sem kunna að vera staddir á svæðunum. Gagnagrunnurinn auðveldar að ná sambandi við þá einstaklinga. Grunnurinn telst eign ráðuneytisins og verða upplýsingar úr honum ekki veittar til þriðja aðila nema öryggi þeirra sem skráðir eru krefjist þess.** - sv



**BÍLAVIÐGERÐIR** Móðir segir skýringar dóttur á útgjöldum vegna viðgerða á bíl kærastans ekki hafa samrýmst upplýsingum úr bankayfirliti dótturinnar. Hún hafi í örvæntingu fjallað um málið á Facebook til að ná til dóttur sinnar á einhvern hátt. NORDICPHOTOS/AFP

# Kærði móður fyrir að opna bankayfirlit

**Átján ára stúlka kærði móður sína fyrir að opna bankayfirlit hennar, sýna öðrum úr fjölskyldunni og ræða á Facebook. Móðirin telur dótturina eyða mun meiru í kærastann en hún hafi áður upplýst.**

**DÓMSMÁL** Máli átján ára stúlku sem kærði móður sína fyrir að hnýsast í og dreifa upplýsingum um bankaviðskipti hennar var vísað frá Persónuvernd, sem kvað málið varða hegningarlög og heyra undir dómstóla.

Fram kemur í kæru dótturinnar að mæðgurnar hafi sama lögheimili og deili póstkassa þó að í raun leigi hún herbergi af húsfélaginu. Móðirin hafi án leyfis opnað umslag með yfirliti um notkun á bankareikningi hennar. Bréfið hafi móðirin ljósritað og sýnt yngri systur dóttur sinnar, móðursystur hennar og ömmu og að endingu reifað innihaldið á Facebook-síðu sinni.

Móðirin bar því við að hún hefði verið að undirbúa skattframtal þegar hún hefði opnað umslagið og séð þar „mjög háar“ millifærslur sem ekki hefðu verið í samræmi við „hefðbundna eyðslu“ dótturinnar.

„Ég tók einnig eftir að þessar háu upphæðir runnu allar til núverandi kærasta hennar,“ útskýrði móðirin fyrir Persónuvernd. Sér hefði verið mjög brugðið því færslurnar hefðu ekki samrýmst upplýsingum frá dótturinni um kostnað vegna viðgerðar á bíl kærastans. „Ég taldi því rétt að fara betur yfir þessar færslur til að ganga úr skugga um að þetta væri rétt athugað hjá mér og þess vegna tók ég afrit frekar en að krota á sjálft frumritið,“ sagði móðirin og viðurkenndi að hafa borið skjalið undir yngri dóttur sína og móður sína. Systir hennar hefði einnig séð yfirlitið. Hún hefði haft miklar áhyggjur af dótturinni.

„Í örvæntingu minni í að reyna að ná til hennar á einhvern hátt og sem síðasta von um að hún hugsaði málið setti ég á Facebook-síðu mína færslu þar sem ég set fram eins og hugleiðingu dæmi þar sem ekki koma fram nein nöfn og bæði getur verið um að ræða stúlkuna eða piltinn,“ útskýrði móðirin, sem tók síðar færsluna út.

> Ég er sjálfráða einstaklingur sem á rétt á að taka ákvarðanir í fjármálum óháð því hvað móður minni kann að finnast.
>
> DÓTTIR SEM KÆRÐI MÓÐUR TIL PERSÓNUVERNDAR.

„Sannleikurinn er sá að ég og kærastinn minn rekum og eigum saman bíl sem er skráður á okkur bæði. Hvernig við kjósum að skipta þeim kostnaði er okkar einkamál,“ sagði dóttirin, sem kveður þeim mæðgum ítrekað hafa lent saman vegna afskipta móðurinnar af fjármálum hennar. „Ég er sjálfráða einstaklingur sem á rétt á að taka ákvarðanir í fjármálum óháð því hvað móður minni kann að finnast.“

Persónuvernd sagði það að opna bréf annarra varða við hegningarlög. Slíkt heyrði ekki undir stofnunina heldur almenna dómstóla. Um umfjöllun móðurinnar á Facebook segir Persónuvernd að þar þurfi að meta hvort farið hafi verið út fyrir mörk þess tjáningarfrelsis sem stjórnarskráin tryggi. Það þurfi einnig að meta fyrir almennum dómstólum. gar@frettabladid.is



# Í svefnherbergið

## Gerið GÆÐA- og verðsamanburð

**NÝTT 12 mánaða vaxtalausar greiðslur**





### Júnítilboð

| Stærð | Verð áður | Tilboð |
|---|---|---|
| 80x200 | 69.900 kr. | 64.900 kr. |
| 90x200 | 69.900 kr. | 64.900 kr. |
| 120x200 | 84.900 kr. | 74.900 kr. |
| 140x200 | 89.900 kr. | 79.900 kr. |
| 153x203 | 99.900 kr. | 94.900 kr. |

## VALHÖLL

Bonnel gormakerfi, gæðabólstrun, sterkar kantstyrkingar, góð nýting á svefnfleti



## SAGA

**Hágæða heilsudýna**

7 svæðaskipt pokagormakerfi með góðum lágbaksstuðningi og mýkra og betra axlasvæði. Vönduð yfirdýna með 4cm þrýstijöfnunarefni og eggjabakka. Vandaðar steyptar kantstyrkingar sem fullkomna nýtingu á svefnfleti, þarf aldrei að snúa við

| Stærð | Verð |
|---|---|
| 90x200 | 89.900 kr. |
| 100x200 | 94.900 kr. |
| 120x200 | 109.900 kr. |
| 140x200 | 119.900 kr. |
| 153x203 | 129.900 kr. |
| 160x200 | 134.900 kr. |
| 180x200 | 149.900 kr. |
| 180x210 | 159.900 kr. |
| 193x203 | 169.900 kr. |



## ÞÓR

**Hágæða heilsudýna**

7 svæðaskipt tvöfalt pokagormakerfi með góðum lágbaksstuðningi og mýkra og betra axlasvæði. Vönduð yfirdýna með 4cm þrýstijöfnunarefni og eggjabakka. Vandaðar steyptar kantstyrkingar sem fullkomna nýtingu á svefnfleti, þarf aldrei að snúa við

| Stærð | Verð |
|---|---|
| 100x200 | 104.900 kr. |
| 120x200 | 124.900 kr. |
| 140x200 | 139.900 kr. |
| 153x203 | 149.900 kr. |
| 160x200 | 154.900 kr. |
| 180x200 | 174.900 kr. |
| 180x210 | 189.900 kr. |
| 193x203 | 199.900 kr. |



## IQ-CARE

**Ein besta heilsudýna í heimi,** háþróuð þrýstijöfnunarheilsudýna, með 7 svæðaskiptum svefnfleti, mjúk og þægileg við axlasvæði, veitir góðan stuðning við lágbakssvæði, fullkomin nýting á svefnfleti, þarf aldrei að snúa við

| Stærð | Verð |
|---|---|
| 90x200 | 144.900 kr. |
| 100x200 | 149.900 kr. |
| 120x200 | 164.900 kr. |
| 140x200 | 179.900 kr. |
| 153x203 | 179.900 kr. |
| 160x200 | 199.900 kr. |
| 180x200 | 229.900 kr. |
| 180x210 | 249.900 kr. |
| 193x203 | 259.900 kr. |

**Öll verð með íslenskum botni og fótum**




**Svefn & heilsa** ★★★★★

www.svefn.is




**Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150**
**Opið virka daga kl. 10.00 - 18.00 – laugardaga 12.00 - 16.00**



**ÚLFALDAR Í ÍRAK** Hirðir gætir úlfalda í beitilandi í Samawa-eyðimörkinni í suðurhluta Íraks. NORDICPHOTOS/AFP

Um 74 þúsund ferðamenn komu til landsins með skemmtiferðaskipum í fyrra:

## Skemmtiferðaskip skila milljörðum

**FERÐAMÁL** Um 74 þúsund ferðamenn komu sjóleiðina til landsins í fyrra og hafa þeir aldrei verið fleiri. Þetta kemur fram í Sjómannadagsblaðinu, en þar segir einnig að stöðug fjölgun skemmtiferðaskipa skili sífellt hærri upphæðum í gjaldeyristekjur.

Í blaðinu er vitnað í könnun Hafnasambands Íslands um komur skemmtiferðaskipa til Reykjavíkur, Akureyrar og Seyðisfjarðar. Niðurstöðurnar voru þær að farþegar eyddu að meðaltali 72 evrum í landi árið 2009. Ef miðað er við gengi ársins 2010 má því gera ráð fyrir að hver farþegi eyði að meðaltali um 11.200 krónum í landi, sem þýðir að farþegarnir eyddu tæpum 1,9 milljörðum meðan á dvöl þeirra stóð. Við þessa tölu bætist svo eyðsla áhafnarmeðlima og hafnargjöld, sem hækka töluna í um 2,7 milljarða króna.

Í könnuninni kom einnig fram að langflestir þeirra erlendu ferðamanna sem komu sjóleiðina til landsins á síðasta ári voru Þjóðverjar, rúmlega 25 þúsund. Þar á eftir komu Bretar og Bandaríkjamenn. Yngri farþegum á skemmtiferðaskipunum hefur fjölgað og má rekja það til þess að verð á siglingunum hefur lækkað, en meðalaldur farþeganna sem hingað koma er 59 ár. **- ka**



**AÞENA Á MIÐBAKKA** Fyrsta skemmtiferðaskip þessa árs kom til landsins um miðjan maí. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Lögregla selur óskilamuni:

## Hundrað reiðhjól boðin upp

**LÖGREGLA** Um 100 reiðhjól verða boðin upp hjá óskilamunadeild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu á laugardaginn. Um er að ræða reiðhjól sem hafa fundist í óskilum víða í umdæminu og enginn hefur hirt um að sækja.

Á síðasta ári bárust lögreglu tæplega 800 tilkynningar um stolin reiðhjól. Ekki er ljóst hvað verður um meirihluta þeirra, en 200 reiðhjól bárust til óskilamunadeildar á árinu sem leið. Uppboðið fer fram við Askalind 2a í Kópavogi og hefst klukkan 11.

Sigmundur vill rannsókn:

## Vill úttekt á aðferðum SÍ

**ALÞINGI** Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins, telur einboðið að gera úttekt á aðferðafræði Seðlabanka Íslands (SÍ) í ljósi þess að bankinn hafi þurft að leiðrétta upplýsingar um stöðu þjóðarbúsins. Hún sé um 630 milljörðum verri en tilkynnt hafi verið. Þetta kom fram í fyrirspurnatíma Alþingis í gær.



**SIGMUNDUR DAVÍÐ GUNNLAUGSSON**

Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra var til svara og sagði alltaf hafa legið fyrir að erfitt væri að meta þessar tölur og SÍ hefði alltaf gert fyrirvara við þær. Hann teldi því ekki ástæðu til úttektar. **- kóp**

Umsóknir í HA yfir þúsund:

## Metfjöldi sótti um þetta árið

**MENNTAMÁL** Aldrei hafa fleiri umsóknir um skólavist borist Háskólanum á Akureyri en í ár. Umsóknarfrestur rann út á sunnudag. Er þetta í fyrsta skipti í sögu háskólans sem umsóknir fara yfir 1.000 en fjöldinn er alls 1.030. Flestir sóttu um í hjúkrunarfræði, viðskiptafræði og sálfræði.

Í tilkynningu frá háskólanum segir að aðsókn í fjarnám í öllum félagsvísindagreinunum sé mjög góð þetta árið. Þá hefur aðsókn aukist í allar greinar sem háskólinn býður upp á. Stefán B. Sigurðsson rektor segir greinilegt að skólinn sé farinn að styrkja stöðu sína innan háskólasamfélagsins. **- sv**

# Íslenska hagkerfið heldur áfram að rétta úr kútnum

**Töluverður árangur hefur náðst við framkvæmd stefnumarkmiða samstarfsáætlunar stjórnvalda og AGS. Áfram eru þó áskoranir til staðar. Þá virðist niðurstaða Icesave-atkvæðagreiðslunnar ekki hafa haft mikil áhrif á stöðu efnahagsmála. Þetta er meðal þess sem kemur fram í nýrri skýrslu AGS.**

**EFNAHAGSMÁL** Íslenska hagkerfið er áfram á batavegi og búist er við 2,25 prósenta hagvexti á árinu 2011. Þá eru öll skilyrði fyrir áframhaldandi framgangi samstarfsáætlunar íslenskra stjórnvalda og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS) uppfyllt. Þetta er mat AGS sem birtist í nýrri starfsmannaskýrslu sjóðsins sem kom út í gær í kjölfar fimmtu endurskoðunar samstarfsáætlunarinnar.

„Í grófum dráttum heldur Ísland áfram að rétta úr kútnum. Náðst hefur töluverður árangur við framkvæmd stefnumarkmiða, sérstaklega í sambandi við fjárlagahalla og það að koma fjármálum hins opinbera á sjálfbæra braut," segir Julia Kozack, yfirmaður sendinefndar AGS á Íslandi. „Það er jákvætt að gengi íslensku krónunnar er orðið stöðugt og verðbólga lág. Á næstunni eru hins vegar áfram áskoranir til staðar. Má þar nefna framkvæmd áætlunar stjórnvalda um losun gjaldeyrishafta, það að minnka atvinnuleysi og að flýta fyrir endurskipulagningu á skuldum lögaðila. Loks þarf að halda áfram með umbætur á regluverki fjármálakerfisins og eftirliti með því," segir Kozack.

Í starfsmannaskýrslunni kemur fram að fjárfestingar í orkufrekum iðnaði verði aflvaki hagvaxtar á næstu misserum. Niðurstaða Icesave-atkvæðagreiðslunnar er sögð hafa haft lítil áhrif á boðaðar fjárfestingar, minni en óttast var. Enn er hagvöxtur þó brothættur og eru ýmsir áhættuþættir til staðar sem gætu dregið úr honum.

Lykiláskoranir á næstunni eru sagðar vera losun gjaldeyrishafta og það að lækka atvinnuleysi. AGS virðist telja áætlun stjórnvalda um afnám haftanna skynsamlega og sagði Kozack hana ná réttu jafnvægi milli þess að fara of varlega og þess að fara of geyst, í samtali við Fréttablaðið í gær.

„Augljóslega þarf að afnema gjaldeyrishöftin. Vandinn er að gera það þannig að það setji ekki þann stöðugleika sem náðst hefur í uppnám," sagði Kozack og bætti því við að það væri rétt nálgun að byggja áætlunina á skilyrðum fremur en á sérstökum dagsetningum.



**FRAMKVÆMDIR** Hagvöxtur á næstu misserum mun byggjast á fjárfestingum. Þar vega boðaðar framkvæmdir í orkufrekum iðnaði þungt. Icesave-atkvæðagreiðslan virðist ekki hafa haft neikvæð áhrif á boðaðar fjárfestingar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Í skýrslunni segir að atvinnuleysi sé enn allt of hátt þótt stjórnvöld hafi náð árangri með úrræðum sínum fyrir virka atvinnuleitendur. Mikilvægast sé þó að koma hagvexti af stað aftur til að lækka atvinnuleysið merkjanlega.

Búist er við því að verðbólga á árinu 2011 verði aðeins hærri en 2,5 prósenta verðbólgumarkmið Seðlabankans. Nýundirritaðir kjarasamningar eru sagðir hafa dregið úr hættunni á miklum launahækkunum í útflutningsgeirum en samt sem áður sé töluverð hætta á því að verðbólga verði meiri en gert hafi verið ráð fyrir.

„Ekki ætti að gera lítið úr þeim áskorunum sem eru fram undan fyrir íslenska hagkerfið en það er orðinn til mjög sterkur grunnur fyrir íslenska hagkerfið til að byggja á á næstunni," sagði Kozack að lokum í gær.

magnusl@frettabladid.is




Graníthellur

fallegri, endingarbetri og ódýrari

Granít hellur hafa fallegri áferð og mun lengri endingartíma en venjulegar hellur. Þær henta vel fyrir bílaplön, torg, stíga, kanta, þrep og litlar hleðslur.

Granít hellur eru betri og mun ódýrari en þig grunar!



4 400 400

Hafðu samband og láttu sérfræðinga okkar aðstoða þig við að finna réttu lausnina.

CE Allar hellur Steypustöðvarinnar eru framleiddar samkvæmt viðurkenndum stöðlum.

STEYPUSTÖÐIN Sterkari lausnir

Hringhellu 2 221 Hafnarfjörður | Hrísmýri 8 800 Selfoss | Malarhöfða 10 110 Reykjavík | sími 4 400 400 www.steypustodin.is


ÓDÝRT OG GOTT
FYRIR BAÐIÐ
Allt settið: 49.900 stgr.
P029 100 x 50 sm
Allt settið: 99.800 stgr.
YTG03 122 x 50 sm
Allt settið: 29.900 stgr.
CORNER B 40 x 40 sm
til afgreiðslu af lager
ÞVOTTAHÚS innréttingar
Djúpar mjúklokandi skúffur og full útdraganleg vinnuborð
Allt settið: 39.900 stgr.
P628 60 x 46 sm
* 75.900 stgr.
YTG44 95 x 46 sm
* Spegill, hilla, ljós og blöndunartæki ekki innifalin í verði
verð frá 58.970 stgr.
Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST!
www.i-t.is
INNRÉTTINGAR & TÆKI
- fyrir þitt heimili
Opið virka daga frá kl. 09-18
Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Aukið eftirlit og kröfur til stofnana með þjónustusamninga:

## Reynslan nýtt til að bæta kerfið

Guðbjartur Hannesson velferðarráðherra hefur boðað breytingar á eftirfylgni stjórnvalda með meðferðarstofnunum. Þessar breytingar fela í sér að eftirlit verður hert og samningsákvæðum við þessar stofnanir verður breytt. Stefnt er að því að eftirlit með þessum stofnunum verði óháðara og sjálfstæðara en verið hefur.

Breytingarnar beinast ekki síst að minni samtökum sem ráðherrann sagði í samtali við Fréttablaðið að ekki væri hægt að fjármagna án þess að til komi miklu betra eftirlit en verið hefur.

SKOÐUN

Steinunn Stefánsdóttir

steinunn@frettabladid.is



Gunnar Smári Egilsson, formaður SÁÁ, gagnrýndi í grein hér í Fréttablaðinu á laugardag að ríkisvaldið hefði hleypt af stokkunum eða styrkt illa ígrundaða starfsemi lítilla og veikra félaga og einstaklinga sem sem ætlað væri að sinna heilbrigðisþjónustu við áfengis- og vímuefnasjúklinga en hefðu ekki bolmagn til að veita boðlega þjónustu og stæðust ekki kröfur. Gunnar Smári bendir á að bæði þarf sterkan faglegan grundvöll og öflugan fjárhagslega undirstöðu til þess að geta staðið undir því að veita góða heilbrigðisþjónustu til langs tíma.

Undanfarin misseri hafa komið upp of mörg dæmi um að pottur sé brotinn varðandi þjónustu sem veitt er á stofnunum með þjónustusamning við ríkið, eða meðferð fjármuna hjá stjórnendum slíkra stofnana, nema hvort tveggja sé. Sem betur fer virðist sem nú eigi að nýta þessa reynslu til að bæta ástandið til framtíðar.

Og það er ekki bara ríkið sem kaupir þjónustu sem snýr að velferð barna og fullorðinna af félagasamtökum og einstaklingum. Sveitarfélögin gera það í miklum mæli og nægir þar að nefna fjöldamarga einkarekna leikskóla sem eru að langmestu leyti fjármagnaðir af opinberu fé. Starf þessara skóla hefur sem betur fer verið farsælt. Engu að síður er mikilvægt að þess sé gætt að þeir uppfylli faglegar kröfur og að þar sé farið vel með fé skattgreiðenda.

Eitt er að meðferð fjármuna standist ekki þær kröfur sem gerðar eru og auðvitað er skattgreiðendum misboðið þegar svo er. Verra er hitt þegar viðkvæmir einstaklingar lenda í höndunum á fólki sem af einhverjum ástæðum ræður ekki við það verkefni sem það hefur tekið að sér. Við þær aðstæður er hægt að vinna tjón sem erfitt er að bæta.

Þjónusta félagasamtaka og einstaklinga í heilbrigðis-, félags- og menntamálum samkvæmt samningi við opinbera aðila er í flestum tilvikum bæði farsæl og góð. Um það ber margs konar starfsemi vitni. Þar má nefna SÁÁ, Stígamót og aragrúa stórra og smárra leikskóla sem dæmi.

Það dregur ekki úr mikilvægi þess að eftirlit sé haft með starfseminni og þeir sem með valdið fara hafi þrótt til þess að slíta samningum þegar þjónustan stendur ekki undir væntingum.

Þá er ekki síður mikilvægt að hlúð sé að starfsemi sem skilar miklum og góðum árangri og henni sé ekki haldið í óvissu varðandi fjárframlög til rekstrar.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

FJÁRFESTING
FASTEIGNASALA EHF
Sími 562 4250
Óskar Þór Hilmarsson
Löggiltur fasteignasali
Borgartún 31 - 105 Reykjavík - www.fjarfesting.is - fjarfesting@fjarfesting.is
**Lundur 3, íbúðir 0103 og 0104**
**- Opið hús í dag á milli 16 og 17**

Stórglæsileg. 119,4 fm. 3ja herb. íbúð á 1. hæð. Einnig 139,5 fm. 3ja herb. íbúð á 1. hæð. Báðar íbúðirnar eru að Lundi 3 í Kópavogi. Glæsilegar innréttingar, fataskápar og hurðar úr eik. Svartar borðplötur úr granít. Gólfhiti er í íbúðunum. Stæði í bílageymslu fylgir báðum íbúðum. Fallegt útsýni.
**Óskar sýnir íbúðina í dag, þriðjudag, á milli 16 og 17. Uppl. í síma 822-8750.**

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Alþingisbrögð

Dagleg umræða á Alþingi er oft æði skrautleg. Þingmönnum er reyndar vorkunn. Þeir þurfa að tala oft og mikið og feta hengiflug í hvert sinn. Segja eitthvað sem tekið er eftir en ganga ekki of langt. Vinsælt bragð á þingi til að vekja athygli á málflutningi er að reyna að setja umræðuefni í samhengi við atburði, dagsetningar eða fréttir líðandi stundar. Oft á ansi fyrirsjáanlegan hátt. Þannig var hægt að segja sér að fyrr eða síðar myndi einhver tengja umræðuna um kvótafrumvörp ríkisstjórnarinnar við sjómannadaginn.



### Fyrirsjáanlegar fullyrðingar

Og viti menn, Tryggvi Þór Herbertsson mætti upp í pontu á föstudag og lýsti því yfir að sér þætti það fullkomin vanvirðing við sjómenn að þingið ætlaði að ræða grundvallarbreytingu á atvinnugreininni inn í sjálfa sjómannadagshelgina. Það var um það bil jafn fyrirsjáanlegt og hneykslun Evrópuandstæðinga á þeirri tilviljun að næsta ríkjaráðstefna ESB fari fram hinn 17. júní næstkomandi, á þjóðhátíðardegi Íslendinga.

### Samur við sig

Árni Johnsen hefur einna lengstan starfsaldur þingmanna og kann þingbrögðin betur en flestir. Honum tókst þó ekki vel upp við að feta hengiflugið í þinginu í gær þegar rætt var um stóra kvótafrumvarpið. Stjórnarliðar voru að sögn Árna eins og feimin börn í fermingarundirbúningi, hryðjuverka- og skemmdarverkamenn og fólk sem ætti að banna að vera í pólitík. Frumvarpið var álíka viturlegt og að klippa íslensku handritin og eins og það hefði verið samið af karlaklúbbi á blússandi fylleríi. Þá var ríkisstjórnin að æla á fólkið í landinu. Ætli þetta kallist ekki að vera beittur.



magnusl@frettabladid.is

HALLDÓR




## 80% Íra eru ánægð með evruna

Evra og ESB

Bryndís Ísfold Hlöðversdóttir
framkvæmdastjóri Sterkara Íslands



Írskur fræðimaður Anthony Coughlan kom hingað til landsins fyrir skömmu í boði andstæðinga Evrópusambandsins. Hann er þekktur í sínu heimalandi sem harður andstæðingur evrunnar og ESB. Áratuga gömul spá hans um að endalok Evrópusambandsins séu á næsta leiti er fræg í heimalandi hans. Enn lifir Evrópusambandið þó góðu lífi en nú vill Coughlan meina að vegna evrunnar sé Írland í vondum málum.

Írska þjóðin er þó á allt annarri skoðun því þegar írskur almenningur er spurður um stuðning við evruna og evrusamstarfið kemur í ljós að í 80% tilfella styður almenningur bæði evruna og evrusamstarfið. Ekki nóg með það heldur telja 77% Íra að aðild að ESB frá árinu 1973 hafi bætt hag landsins.

Efnahagsvandinn sem Írar glíma við er fyrst og fremst vegna ofþenslu hagkerfisins, eignabólu og svipaðra efnahagsmistaka og gerð voru hér á landi. Enginn heldur því fram að efnahagshrun hefði ekki orðið þótt við Íslendingar hefðum verið með evruna – en margir vilja meina að skellurinn hefði orðið miklu minni. Sama gildir um Írland en munurinn er sá að við sitjum núna uppi með verðlausa krónu í gjaldeyrishöftum.

Lærdómurinn af ástandinu í Grikklandi, Írlandi og Portúgal er að tryggja verður ábyrga efnahagsstjórn allra ríkja Evrópusambandsins. Það er sameiginlegur hagur allra ESB-ríkjanna. En þrátt fyrir ESB stendur samstarfið traustum fótum og ljóst er að aðild Íslands að ESB og upptaka evrunnar yrði gríðarlegt framfaraskref fyrir okkur.

Íslendingar eiga í langmestum viðskiptum við Evrópusambandsríkin og því er hagsælast að taka upp evruna samhliða aðild. Einhliða upptaka annarrar myntar en evru yrði mjög áhættusöm og óraunhæf til langs tíma litið.

Kostnaður hér á landi vegna krónunnar hefur fyrst og fremst lagst á þá sem skulda. Þann kostnað hafa þeir greitt svo árum skiptir með háu matvælaverði, himinháum vöxtum og verðtryggingu.

Með aðild að ESB breytist þetta til batnaðar.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Strákar og stelpur

Í DAG
Jónína Michaelsdóttir
blaðamaður



> Maður heyrir oft að karlar séu lokaðri en konur þegar kemur að tilfinningamálum. Það er ekki mín reynsla.

Þegar ég var að vaxa úr grasi bjó ég á Langholtsveginum og eignaðist góða vini bæði þar og í Efstasundi og Skipasundi. Þetta voru strákar og stelpur sem gjarnan voru í leikjum í Efstasundi, bæði sumar og vetur, fóru í hjólreiðartúra saman og sungu hástöfum, spjölluðu um allt milli himins og jarðar, eins og krakkar gera. Þegar við vorum komin á fermingaraldur var farið að líta með tortryggni á það þegar strákar og stelpur voru mikið saman, bæði inni á heimilum og úti við. Þegar strákarnir úr Efstasundi og Skipasundi komu á hjólunum sínum upp á Langholtsveg og við sátum í tröppum heima eða framan við húsið fór maður að taka eftir því að fólkið sem var að bíða eftir strætó fylgdist með okkur og fór að stinga saman nefjum. Og þar sem ég þekkti marga heyrði ég fljótlega að stelpan í þessu húsi væri greinilega strákaflenna. Mér fannst þetta svo fáránlegt að ég reiddist ekki einu sinni. Fannst að þetta fólk hlyti að eiga eitthvað andstreymt. Þegar strákarnir í vinahópnum fóru að verða skotnir í stelpum hringdu sumir þeirra til mín eða komu og sögðu mér frá þeim og hvernig þeim sjálfum liði. Líka þegar upp úr slitnaði. Það var stundum sárt. Maður heyrir oft að karlar séu lokaðri en konur þegar kemur að tilfinningamálum. Það er ekki mín reynsla. Ég fann ekki mikinn mun á trúnaðarsamtölum við vinkonur mínar og strákana vini mína í þessu efni.

### Betra að segja satt

Einu sinni á sumarkvöldi skrapp móðir mín í heimsókn til vinkonu sinnar og ég var heima að passa yngri systur mínar. Áður en hún fór sagði hún að hún vildi ekki að ég byði vinum mínum inn að þessu sinni, ef þeir kæmu. Ég var hálf hissa á þessu, en þegar þeir komu um kvöldið fór ég fram á gang og þar stóðum við eða sátum í stiganum í góðan tíma. Svo fannst mér þetta eiginlega ekki hægt, svo að ég sagði þeim að koma bara inn þar sem væru almennilegir stólar. Þarna var hvorki verið að reykja, klæmast eða gera neitt sem ekki þoldi dagsins ljós. Þegar móðir mín kom heim spurði hún hvort vinir mínir hefðu komið og ég jánkaði því. „Bauðstu þeim inn?" spurði hún. „Já, ég gerði það nú," sagði ég. Hún snaraði sér úr kápunni, hengdi hana upp og sagði svo í léttum tón: „Það er allt í lagi, úr því að þú segir satt!"

### Virðing við rógbera

Ég rifja þetta upp að gamni mínu núna í sumarbirtunni, bæði til að minna á hvað það gerir mann frjálsan að vera innrætt snemma á ævinni að segja ekki ósatt. Svíkja ekki sjálfan sig. Þó að enginn komist nokkurn tíma að ósannindunum búa þau í manni sjálfum og verða hluti af persónuleikanum. Rétt eins og þeir sem eru að ata aðra auri hljóta að bera aurinn í sér. Öðruvísi geta þeir ekki kastað honum í aðra.

Það er líka dálítið ræfilslegt að standa álengdar og gera fólki upp atferli og skoðanir. Það er þó ekki sparað í pólitíkinni og á netinu í dag. En þó að þeim sem fyrir því verða kunni að bregða er ástæðulaust að gera rógberanum svo hátt undir höfði að taka það nærri sér. Það er virðing sem hann á ekki skilið.

# Einkalíf fatlaðra

Réttindi fatlaðra
Þorvarður Karl Þorvarðarson
sendiherra samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks



Ég er einn af sendiherrum mannréttindasamnings Sameinuðu þjóðanna fyrir fatlað fólk. Fatlað fólk er jafnmismunandi og það er margt. Sjálfur er ég öryrki og hef alltaf unnið fyrir mínum launum þrátt fyrir hryggskekkju, athyglisbrest o.fl.

Núna bý ég á sambýli með fjórum öðrum þroskahömluðum einstaklingum sem jafnframt eru öryrkjar en reyna samt að vinna fyrir sínum launum.

Við búum allir hver ofan í öðrum og höfum hvorki næði né einkalíf.

Einkalíf allra fatlaðra er alveg jafnheilagt og einkalíf annars fólks. Alveg sama hvort við búum á sambýlum, stofnunum eða í eigin íbúðum, við viljum ráða sjálf með hverjum og hvernig við búum!

Nú í júní 2011 erum við að flytja í nýtt og mun betra húsnæði þar sem við munum fá þá aðstoð sem við viljum og þurfum. Þar fáum við loksins okkar einkalíf með því að vera hver og einn með sína íbúð. Þar með er verið að fylgja eftir atriðum úr 19. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, en þar er talað um rétt fatlaðra einstaklinga til að lifa sjálfstæðu lífi.

Sömuleiðis höfum við rétt á að ráða sjálf hvort við viljum stofna fjölskyldu eða ekki.

Sjálfur vil ég búa með einhverjum sem ég á samleið með.

Að búa á sambýli á að vera eins og að búa á heimili með aðstoð starfsfólks.

Vonandi fara viðhorf í átt að fötluðum og öryrkjum að breytast til hins betra eins og t.d. öðlingarnir á vinnustaðnum mínum í Ásgarði, sem bera virðingu fyrir öllum á vinnustaðnum, hvernig sem fötlun þeirra er.





Rockwood fellihýsi fyrir Íslenskar aðstæður

Rockwood Premier 2317G 12 fet.

m/ útdraganlegri hlið.
Verð: 2.998.000kr

Rockwood Premier 1904 10 fet.

Verð: 2.698.000kr

Rockwood 191XR OFF ROAD 10 fet.

Verð: 2.798.000kr
Torfæru útgáfan frá Rockwood fyrir þá sem vilja komast lengra.
• **upphækkað á 15" dekkjum**
• **sér styrkt grind og sterkari hjólabúnaður.**

Ríkulegur staðalbúnaður í Rockwood fellihýsum

• **Galvaníseruð grind**
• **Evrópskar þrýstibremsur**
• **Upphitaðar 12 cm springdýnur**
• Tjakkar með sandskeifum á öllum hornum
• Góð fjöðrun, fjaðrir sem henta vel á íslenskum vegum
• Útdraganleg trappa við inngang
• Breitt nefhjól (uppblásið gúmmídekk)
• Handbremsa og varadekk m/hlíf
• 50 mm kúlutengi
• 220v tengill (blár skv. reglugerð)
• Útvarp með geislaspilara, hátalarar inni og úti
• Radial dekk / 13" álfelgur
• Vatnsh. öndunardúkur í svefnrými
• Dometic kæliskápur XL 2,5 cubic
• SMEV ryðfrí gaseldavél m/rafstarti
• 2 gaskútar
• Gasviðvörunarkerfi
• Öflug Truma combi 4 miðstöð m/heitu vatni
• Stór loftlúga m/þriggja hraða viftu
• Skyggni (markísa)
• Skyggðir gluggar
• Flugnanet f. gluggum og hurð
• Gardínur f. gluggum og svefnrými
• 2ja feta geymsluhólf
• Stórt farangurshólf
• Voldugir öryggisarmar fyrir þak og tjald
• 3 x 12 volta loftljós og 1 x útiljós
• 1 x færanlegt lesljós með viftu
• 110 amp rafgeymir
• Heitt og kalt vatn, tengt
• Rafmagnsvatnsdæla
• 86 lítra vatnstankur
• Klósett með hengi

Opnunartími:
Mán-Fös. kl: 10-18
Laug-Sun. kl: 12-16

Fossháls 5-7 | 110 Reykjavík
Sími 551 5600 | utilegumadurinn.is

Útilegumaðurinn

# tímamót

timamot@frettabladid.is



53 TÓNLISTARMAÐURINN PRINCE ER 53 ÁRA.

*„Fólk segir mig ganga um á hælaháum skóm vegna þess að ég er stuttur í annan endann, en ég klæðist þeim bara vegna þess að konum finnst það flott.“*

AFMÆLI



**PÁLL STEFÁNSSON** ljósmyndari er 53 ára.



**NJÁLL EIÐSSON** knattspyrnumaður er 53 ára.

## MERKISATBURÐIR

**1654** Lúðvík fjórtándi er krýndur konungur Frakklands.

**1904** Íslandsbanki, hinn eldri, tekur til starfa og hefur einkarétt á seðlaútgáfu. Bankanum var lokað 1930.

**1945** Hákon Noregskonungur snýr heim til Óslóar eftir fimm ára útlegð.

**1951** Minnismerki um 212 breska hermenn sem féllu hér í síðari heimsstyrjöldinni er afhjúpað í Fossvogskirkjugarði í Reykjavík.

**1975** Sony kynnir til sögunnar Betamax-vídeókassettu.

**1992** Nýr Herjólfur kemur til Vestmannaeyja, 70 metra langur. með getu til að flytja 480 farþega og 62 fólksbíla.

ÞETTA GERÐIST 7. JÚNÍ 1982

## Graceland opnað almenningi



Priscilla Presley, fyrrverandi eiginkona rokkkóngsins Elvis Presley, opnaði heimili hans Graceland fyrir almenningi þennan dag fyrir 29 árum.

Graceland er hvítmálað höfðingjasetur í borginni Memphis í Tennessee og er enn opið sem safn til minningar um rokkgoðið mikla. Þar geta aðdáendur skoðað hvernig Elvis bjó, en svefnherbergi hans og baðherbergi, þar sem hann lést, eru enn lokuð gestum.

Graceland var sett á lista yfir sögulegustu söfn Bandaríkjanna 1991 og á lista sem sögulegt kennileiti 2006.

Safnið er annað mest sótta heimili Bandaríkjanna með yfir 600 þúsund gesti á ári, en aðeins Hvíta húsið fær fleiri gesti.

Elvis Presley lést í Graceland 16. ágúst 1977. Þar liggur hann grafinn ásamt foreldrum sínum í sérstökum grafreit við setrið.



**HEIMSFORELDRAR Á ÍSLANDI** Anna Maria segir foreldrahópinn vera fjölbreyttan og skemmtilegan, enda hugsaður fyrir hresst fólk sem vill hafa það gaman með börnum sínum en skortir réttu upplýsingarnar um hvar hlutirnir gerast. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

ICELANDS INTERNATIONAL PARENTS: STUÐNINGSHÓPUR ERLENDRA FORELDRA

# Sömu lífsgæði fyrir öll börn

„Það er svolítið erfitt að vera útlenskt foreldri á Íslandi. Allir tala ensku, en enginn auglýsir á ensku fyrir stóran hóp enskumælandi fólks sem hér býr. Þess vegna situr það ekki við sama borð og Íslendingar þegar kemur að almennum lífsgæðum,“ segir Anna Maria Halwa, pólskur menningarfræðingur sem hefur ásamt Sinéad McCarron stofnað stuðningshópinn Icelands International Parents Group á Facebook.

Anna Maria kom hingað til lands fyrir fimm árum til að starfa sem au pair eftir að hafa lokið háskólanámi í alþjóða menningarfræðum í heimalandi sínu. „Ég ætlaði mér að vera hér í ár en eftir þrjár vikur var ég orðin ástfangin af íslenskum manni,“ segir Anna Maria hlæjandi og nú í fæðingarorlofi með sitt annað barn. „Eftir fæðingu eldra barnsins sat ég heima allan daginn og vissi ekkert hvað ég átti af mér að gera. Það var virkilega niðurdrepandi og því hef ég mikinn skilning á aðstæðum útlendra mæðra sem búa hér fjarri sínum nánustu og vita ekkert hvert þær eiga að snúa sér,“ segir Anna Maria, sem hefur fullt vald á íslensku og sótti fjölskyldumorgna kirkjunnar.

„En jafnvel þótt maður tali góða íslensku er erfitt fyrir útlending að komast inn í íslenskan mömmuhóp. Íslendingar eru í eðli sínu lokaðir og íslenskar konur eru í saumaklúbbum með æskuvinkonum sínum, vinkonum síðan úr skóla eða innan fjölskyldunnar. Því eignast maður ekki auðveldlega íslenskar trúnaðarvinkonur sem deila sömu áhugamálum og reynslu, en við útlendu mæðurnar eigum það þó sameiginlegt að vera útlendingar á Íslandi og það hjálpar okkur að tengjast saman,“ segir Anna Maria, sem einnig sækir alþjóða foreldramorgna hjá Rauða krossinum.

„Þar spannst upp sú umræða að á Íslandi væri margt spennandi að gera fyrir börn, en sem foreldrarnir vissu ekki um vegna þess að upplýsingar á öðrum tungumálum skortir,“ segir Anna Maria, sem á Facebook-síðu foreldrahópsins setur inn upplýsingar um hvaðeina sem viðkemur barnafólki.

„Hópurinn stækkar ört enda þörfin mikil, sem og þakklætið. Konur vantar góð ráð og hvatningu til að fara út með börn sín og lifa ríkulegra lífi,“ segir Anna Maria um hópinn, sem samanstendur aðallega af enskumælandi fólki en líka íslenskum foreldrum sem vilja kynnast öðrum og æfa sig í ensku.

„Draumurinn er að setja upp sérstaka vefsíðu þar sem hægt verður að setja inn upplýsingar á fleiri tungumálum svo þær nýtist sem flestum. Við höfum þegar verið með kynningar á barnavörum og barnanámskeiðum, en viljum bæta við alhliða upplýsingum um dagmæður, leikskóla, heilsugæslu, afslátt af barnafötum, skiptibókamarkað á erlendum barnabókum og fleiru gagnlegu,“ segir Anna Maria, sem leitar eftir hjálpsömum aðila sem getur aðstoðað við slíka vefsíðugerð.

Hópurinn hittist í Iðunnareplinu við Templarasund á föstudögum klukkan 10-13.

**thordis@frettabladid.is**



*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Rafn Kristjánsson**

lést sunnudaginn 5. júní á hjúkrunarheimilinu Skógarbæ. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Ingibjörg Rafnsdóttir**
**Magnús Rafnsson** **Arnlín Óladóttir**
**Sigríður Rafnsdóttir** **Rafn Jónsson**
**Auður Rafnsdóttir** **James Bett**
**Hjördís Rafnsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma*

**Anna Rósamunda Jóhannsdóttir**

Hlíðarlundi 2, Akureyri,

lést á sjúkrahúsinu á Akureyri laugardaginn 4. júní. Útförin fer fram frá Akureyrarkirkju þriðjudaginn 14. júní kl. 13.30.

**Magnús Þorsteinsson** **Roxanna Björg Morales**
**Sigurlína Þorsteinsdóttir** **Gunnlaugur H. Jónsson**
**Jóhanna Sigrún Þorsteinsdóttir** **Björn Jósef Arnviðarson**
**Viðar Þorsteinsson** **Kolbrún Ólafsdóttir**
**Björgvin Þorsteinsson** **Jóna Dóra Kristinsdóttir**
**Gunnar Þorsteinsson**
**Björn Axelsson** **Birna Bessadóttir**
**barnabörn og langömmubörn**



*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Pálmi Jónsson**

Skólabraut 3, Seltjarnarnesi,

áður bóndi að Bergsstöðum á Vatnsnesi, lést föstudaginn 3. júní. Útför hans verður gerð frá Grensáskirkju föstudaginn 10. júní kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlega afþökkuð.

**Ingibjörg Daníelsdóttir**
**Hjálmar Pálmason** **Guðlaug Sigurðardóttir**
**Gylfi Pálmason**
**Hólmgeir Pálmason** **Ingibjörg Þorláksdóttir**
**Bergþór Pálmason** **Sigrún Marinósdóttir**
**Ásgerður Pálmadóttir** **Guðjón Gústafsson**
**Svanhildur Pálmadóttir** **Sigurður Ámundason**
**afa- og langafabörn.**



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma*

**Sigrún Hrefna Guðmundsdóttir**

Dalbraut 23,

lést 25. maí. Útförin fer fram í dag, þriðjudaginn 7. júní, kl. 15.00 frá Fossvogskirkju.

**Guðfinna Sif Sveinbjörnsdóttir** **Kjartan Ó. Kjartansson**
**Hrefna Sigríður Briem** **Bjarni Þór Þórólfsson**
**Guðbjörg Forberg**
**og barnabörn**



*Þökkum auðsýnda samúð og vinarhug við andlát og útför ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu*

**Valborgar Jónsdóttur**

frá Eyrarlandi, Akureyri,
Þangbakka 8, Reykjavík.

Sérstakar þakkir til allra þeirra sem önnuðust hana af alúð í Þorraseli, heimahjúkrun og félagsþjónustu, á Grund, Hrafnistu í Hafnarfirði og á Landspítala.

**Börn, tengdabörn, ömmubörn og langömmubörn.**



**Söngur og saltfiskur** er yfirskrift gönguferðar sem farin verður um Grjótaþorp á fimmtudaginn. Helgi Þorláksson sagnfræðingur leiðir gönguna, en stansað verður við heimili merkra frumkvöðla. Lagt er af stað frá Ljósmyndasafni Reykjavíkur klukkan 20.

;ALLT
FRÉTTABLAÐIÐ
Sölufulltrúi: Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473

GÆÐAFISKUR
ÍSLENSK FÆÐUBÓT
BITAFISKUR
-næring fyrir líkama og sál


Sölustaðir:
10 -11, Inspired í Flugstöðinni, Samkaup, Nettó, Kaskó, Fjarðarkaup, Skeljungsbúðirnar, Olís, N1, Kaupfélag V- Húnvetninga, Kaupfélag Skagfirðinga,Verslunin Vísir, Bláa lónið, Hreyfing, Krambúðin, Fiskbúðin Freyja, Melabúðin.

Eirberg

Betra loft
betri líðan
Airfree lofthreinsitækið
• Eyðir frjókornum og svifryki
• Vinnur gegn myglusveppi og ólykt
• Eyðir bakteríum og gæludýraflösu
• Er hljóðlaust og sjálfhreinsandi
Hæð aðeins 27 cm
Í sumar er opið virka daga frá kl. 9 -18
Stórhöfða 25 • Sími 569 3100 • eirberg.is

friendtex
praxis
...þegar þú vilt þægindi

ÚTSALAN
ER HAFIN Á VOR OG SUMARLISTA FRIENDTEX 2011
Opið mán. – föst. kl. 11–18
laugard. frá kl 11–14
Bonito ehf. Friendtex,
Faxafen 10, 108 Reykjavík, sími: 568 2870 - www.friendtex.is

Starkaður Barkarson opnar heimsokn.is sem hjálpar aðstandendum aldraðra að skipuleggja heimsóknir.



# Heimsókn til afa og ömmu

Þegar amma fór á elliheimili kom upp ástand í fjölskyldunni sem ég hafði ekki upplifað áður. Fólk varð óöruggt og leið illa yfir að senda hana inn á stofnun og fannst það hálf eymdarlegt,“ segir Starkaður Barkarson. Þar sem fjölskylda hans vildi gera vel og heimsækja gömlu konuna sem oftast hannaði Starkaður forrit til að skipuleggja heimsóknirnar svo þær yrðu ekki margar einn daginn en engin aðra daga. „Vefurinn var ekki fullkominn þegar amma féll frá en þó nýttist hann okkur ágætlega,“ segir Starkaður, sem síðan þá hefur endurbætt vefinn töluvert. „Stjúpfaðir minn og fjölskylda hans nota hann núna og það hefur gengið mjög vel,“ segir hann og opnar nú vefinn öðrum sem vilja nýta sér hann.

;FRAMHALD | 2

Engiferdrykkirnir aada frá My Secret
Allar nánari upplýsingar á mysecret.is

My Secret aada
Kíktu í næstu verslun
My Secret * Digranesvegi 10 * 200 Kópavogi * S. 527 2777 * www.mysecret.is

**ljosmodir.is** er upplýsingavefur fyrir verðandi foreldra, nýbakaða foreldra, ömmur, afa, frænkur, frændur, ljósmæður og alla þá sem áhuga hafa á meðgöngu, fæðingu og sængurlegu.








Starkaður hefur opnað síðuna www.heimsokn.is.

Framhald af forsíðu

Á vefsíðunni www.heimsokn.is getur fólk stofnað dagatal og dagbók fyrir ættingja eða vini og tengt aðra aðstandendur við kerfið á einfaldan hátt. Fólk getur skráð fyrirhugaðar heimsóknir og símtöl til viðkomandi og sér kerfið bæði um að minna á væntanlegar heimsóknir og vekja athygli aðstandenda á því ef viðkomandi hefur ekki fengið heimsókn í einhverja daga. „Þannig er líka hægt að dreifa álaginu á fleiri. Oftast er fólk allt af vilja gert en með þessu móti er hægt að koma skipulagi á heimsóknirnar," segir Starkaður og bætir við að í kjölfar heimsóknar geti fólk skrifað dagbókarfærslu svo aðrir geti fylgst með líðan og þörfum viðkomandi.

Starkaður hefur unnið vefinn upp á eigin spýtur meðfram vinnu sinni við vefinn Stoðkennarinn.is. „Aðgangur að síðunni verður frír fyrsta árið en svo langar mig að þróa síðuna í samstarfi við stofnanir," segir Starkaður, sem ætlar þó alls ekki að okra á verðinu. *solveig@frettabladid.is*



Helgi Már Sigurðsson, Stefán Einarsson og Ólafur Pálsson vinna að því að senda rafræna sjúkraskrá til útlanda. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Nýtt kerfi sent til Sádi-Arabíu

**Íslenskt fyrirtæki mun aðstoða Sádi-Arabíu við að koma upp kerfi til að skima sykursýkisaugnsjúkdóma. Kerfið verður selt til fleiri landa.**

Íslenska fyrirtækið Risk Medical Solutions mun hjálpa Sádi-Aröbum við að koma upp kerfi til að skima sykursýkisaugnsjúkdóma í landinu. Ekkert þess háttar kerfi er þar fyrir. „Í Sádi-Arabíu erum við með læknastofu sem þjónar tuttugu þúsund manns. Þarlendis er 2,1 milljón manns með sykursýki og fjórðungur allra karlmanna yfir þrítugt. Þetta er mjög stórt vandamál," segir Ólafur Pálsson, framkvæmdastjóri Risk Medical Solutions. „Ég veit ekki til þess að íslenskt kerfi fyrir sjúkraskrár hafi verið sent úr landi áður."

Fyrirtækið var stofnað árið 2009 og hannaði áhættureikni sem einstaklingsgreinir sjúklinga með sykursýki. Rafræn sjúkraskrá var útbúin í kringum reiknivélina. „Reiknivélin segir til um hvenær fólk á að koma í augnskimun fyrir sykursýkisaugnsjúkdóma sem geta leitt til blindu," segir Ólafur og bætir við að með kerfinu sé hægt að fækka skimunum um 58 prósent án þess að auka áhættu sjúklinga á því að þróa með sér augnsjúkdóma.

Ólafur segir að í dag þurfi sykursýkissjúklingar að koma einu sinni á ári í skimun til augnlæknis, sem metur hvort meðferð sé nauðsynleg vegna breytinga í augum sem leitt geta til blindu. „Sykursýkisaugnsjúkdómar eru helsta orsök blindu meðal vinnandi fólks í heiminum í dag. Sykursýki er heimsfaraldur og vex hraðast meðal velmegunarríkja."

Fyrirtækið hefur unnið að því síðastliðið ár að senda rafrænu sjúkraskrána til Sádi-Arabíu í samvinnu við þarlend yfirvöld og hefur nú einnig gert samning við New York, Hong Kong og Bretland. „Við sendum rafrænu sjúkraskrána til Sádi-Arabíu, New York, Hong Kong og Bretlands í gær og í dag."

Sjúkraskráin verður send út til prófana í þrjá til sex mánuði á hverjum stað. „Við vinnum svo með hverjum og einum og lögum kerfið að þeirra þörfum. Í Hong Kong er líklegt að við þýðum það yfir á kínversku," útskýrir Ólafur og bætir við að fjölbreytni sjúklinganna sé mikil. „Í New York erum við með stofu í Bronx sem þjónar ungum, gömlum, spænskættuðum og Ameríkönum af afrískum uppruna. Okkur finnst mjög spennandi að geta prófað reiknivélina á mismunandi hópum fólks." *martaf@frettabladid.is*










Fyrsta Kundalini-jógahátíðin á Íslandi verður haldin dagana 18.-22. júní í Árskógi við Eyjafjörð. Þar gefst áhugafólki um jóga tækifæri til að upplifa jákvæða orku sem myndast þegar jóga er stundað í hópi á björtustu dögum ársins.



**www.sumarsolstodur.123.is**

# GRILLMATUR

ÞRIÐJUDAGUR 7. JÚNÍ 2011 • KYNNINGARBLAÐ



NORDICPHOTOS/GETTY




**ALMENNAR LEIÐBEININGAR VIÐ GRILLIÐ**

- Leggið þykkan álpappír í botninn á grillinu.
- Kveikið tímanlega á grillinu. Notið spritttöflur eða grillvökva. Notið aldrei spritt. Hellið aldrei grillvökva á heitt grill.
- Notið trékol þegar þið grillið pylsur og minni kjötstykki. Trékol gefa snöggan og mikinn hita.
- Þegar grilla á meðalstór kjötstykki er best að nota blöndu af viðarkolum og grillkolum.
- Ef grilla á stór kjötstykki sem þurfa langan eldunartíma er best að nota eingöngu grillkol.
- Grillið er fyrst tilbúið til notkunar þegar yfirborð kolanna er orðið grátt og engir logar sjást lengur.
- Penslið bæði kjöt og grillrist þegar grillið er tilbúið.
- Þumalfingursreglan er sú að því stærra sem kjötstykkið er, þeim mun lengra skal ristin vera frá kolunum. Við stuttan eldunartíma skal ristin vera þétt við kolin. Við langan eldunartíma langt frá kolunum.
- Yfirgefið aldrei heitt grill.




# Grænt & gómsætt

**Grilltíðin er hafin og því ekki úr vegi að galdra fram nokkra góða rétti þar sem hollusta og einfaldleiki eru höfð að leiðarljósi.**



**Fleira gott er hægt að nota í fyllingar í lárperur, svo sem niðurbrytjaðar gúrkur, rauðlauk og tómata.** NORDICPHOTOS/GETTY

### MAÍSSTÖNGLAR MEÐ SÚRALDIN OG CHILI-SMJÖRI

**Maísstönglar**
**2 msk. smjör**
**1/2 tsk. chili-pipar**
**1/4 súraldin, nýkreistur safinn notaður**
**salt (og pipar, fyrir þá sem vilja bragðsterkari mat)**

*Skerið súraldin í fjóra hluta og kreistið safann úr einum í glas. Blandið saman í lítilli skál smjöri, chili-pipar og súraldinsafanum.*

*Hreinsið ysta lagið af maísstönglunum. Leggið í bleyti í um það bil fimm mínútur. Hreinsið afganginn af blöðunum frá. Penslið með olíu eða smjöri og kryddið aðeins. Vefjið inn í álpappír og grillið í allt að tuttugu mínútur. Gætið þess að velta stönglunum reglulega svo allar hliðarnar grillist jafnt.*

*Takið maísstönglana úr álpappírnum og penslið með chili- og súraldinsmjörinu.*

### PORTÓBELLÓ-SVEPPIR MEÐ SPÍNAT- OG GEITAOSTAFYLLINGU

**Tveir stórir portóbellósveppir**
**geitaostur, eftir smekk**
**spínat, niðursneitt**
**salt, pipar og laukur eftir smekk**

*Eldið spínat og blandið saman við geitaost. Gætið þess að nota ekki of mikið af honum, þar sem bragðið gæti orðið yfirþyrmandi.*



*Hreinsið portóbelló-sveppi með rökum eldhúspappír (ekki hreinsa þá í vatni, við það verða þeir ljótir) eða bursta. Hreinsið innihaldið burt til að koma spínat- og geitafyllingunni fyrir. Setjið sveppina á grill, þó ekki ofan á beinan hita svo þeir brenni ekki við. Grillið í allt að tuttugu mínútur. Eftir það ættu þeir að vera orðnir tilbúnir og fyllingin kraumandi heit.*

### GRILLUÐ LÁRPERA MEÐ SALSASÓSU OG SÝRÐUM RJÓMA

**Nokkrar lárperur**
**ólífuolía, eftir smekk**
**skvetta af súraldinsafa**
**salt, eftir smekk**
**salsasósa**
**sýrður rjómi**

*Skerið nokkrar lárperur í helminga og fjarlægið steinana. Hellið örlítilli ólífuolíu og súraldinsafa yfir og setjið þær á hvolf á grillið (skurðsárið snýr niður). Grillið lárperurnar við miðlungs- eða mikinn hita í um það bil sjö mínútur, þar til ytra lagið harðnar og þær verða ljúffengar á bragðið. Saltið eftir smekk og hellið örlitlum súraldinsafa yfir. Berið fram með salsasósu og sýrðum rjóma.*

# Mjúkt undir tönn

**Nauta- og grísakjötið frá Ferskum kjötvörum hefur heldur betur fallið í kramið hjá landanum, enda beinlaust, fitulítið og einstaklega gott.**



**„Bæði er auðvelt og fljótlegt að grilla," segir Leifur um grillkjötið sem Ferskar kjötvörur framleiða.** MYND/GVA

„Meyrt og fínt, sérlega mjúkt undir tönn. Hreinasta lostæti." Þannig lýsir Leifur Þórsson, framkvæmdastjóri Ferskra kjötvara, nauta- og grísakjöti sem fyrirtækið hefur selt við góðar undirtektir síðustu sumur, enda niðursneitt, beinlaust og fitulítið, undir sex prósentum. „Sem gerir það að verkum að nýtingin er einstaklega góð."

Þetta er sem sagt gott grillkjöt? „Einstaklega. Bæði er auðvelt og fljótlegt að grilla það," segir Leifur. Bætir við að svo borgi sig líka að kunna réttu brögðin. „Galdurinn er að ná góðum hita á grillinu áður en kjötið er sett á svo það steikist nú almennilega. Láta það svo standa í svona fimm til tíu mínútur áður en það er skorið, því annars er hætt við að safinn leki úr kjötinu."

Ferskar kjötvörur eru með kjötvinnslu í Síðumúla þar sem starfsmennirnir gæta þess að öll meðhöndlun sé rétt og örugg, skera og handleika kjötið eftir kúnstarinnar reglum og krydda með sérframleiddum kryddblöndum. „Þetta eru allt saman úrvals blöndur, innihalda lítið salt og eru lausar við MSG," tekur Leifur fram og getur þess að allt kjötið sé nýslátrað. „Ferskleikinn er að sjálfsögðu hafður í fyrirrúmi. Svínakjötið kaupum við frá Stjörnugrís á Kjalarnesi og nautakjötið að mestu leyti af Suðurlandi."

Og hvar er svo hægt að nálgast kræsingarnar? „Við seljum kjötið í valdar verslanir, Hagkaup og Bónus, undir vörumerkjunum Íslandsgrís og Íslandsnaut," segir Leifur og bætir við að fyrirtækið framleiði að auki sérdeilis gómsæta bernaise-sósu. „Hún bragðast vel bæði með nauta- og grísakjötinu þannig að sælkerar ættu ekki að láta hana framhjá sér fara."




**Útgefandi:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000
**Ábyrgðarmaður:** Jón Laufdal jonl@365.is s. 512 5449
**Umsjónarmaður auglýsinga:** Ívar Örn Hansen ivarorn@365.is s. 512 5429.

# Opinn eldur eða lokað grill

**Fljótlega eftir að maðurinn náði stjórn á eldinum, fyrir um það bil 500.000 árum, var farið að nýta eldinn til að steikja kjöt. Grillið eins og við þekkjum það í dag kom hins vegar ekki til sögunnar fyrr en um miðja síðustu öld.**



Það er fátt matarkyns sem ekki er hægt að skella á grillið. Það er um að gera að prófa sig áfram og láta hugmyndaauðgina njóta sín.

Fram á seinni hluta fimmta áratugar síðustu aldar var einkum grillað yfir opnum eldi í útivistarferðum og á mannfögnuðum, en eftir seinni heimsstyrjöld varð sprenging í flutningi fólks í úthverfi borga þar sem stórir bakgarðar buðu upp á tilraunir til útieldamennsku. Á sjötta áratugnum varð grillun að hálfgerðu æði í úthverfum bandarískra borga, þótt árangurinn yrði oft sá að kjötið væri kolbrennt að utan og hrátt að innan, þar sem þeirra tíma grill voru hvorki með ventlum né grind og engin leið að stjórna loftstreymi og hita.

Í einu af úthverfum Chicago bjó á sjötta áratugnum maður að nafni George Stephen, járnsmiður sem var orðinn langþreyttur á misheppnuðum steikunum sem hann samviskusamlega grillaði ofan í fjölskylduna á sumarkvöldum. Hann þróaði og smíðaði kúlugrill með ventli, smíðaði grind ofan á það og bætti við loki. Grill hans nefndist Weber-grill, þar sem það var framleitt í Weber-járnsmiðjunni, og það sló hressilega í gegn. Loksins varð grillun að ánægjulegri athöfn þar sem ekki þurfti að óttast neistaflug og öskuregn og hægt var að stjórna því nokkurn veginn hve hratt maturinn grillaðist.

Og með nýjum gerðum grilla og gasgrillum sem sífellt urðu sterkbyggðari og veðurþolnari varð í raun ekkert því til fyrirstöðu að grilla í bakgarðinum árið um kring.

Íslendingar voru aðeins lengur að taka við sér í grilluninni en Bandaríkjamenn og það var ekki fyrr en í kringum 1980 sem grillun varð vinsæl hérlendis. Í upphafi var algengt að fólk græfi holu, setti kol ofan í og grillaði lambalæri í heilu lagi, eins og reyndar hafði tíðkast víða um heim síðan á steinöld.

Smám saman tóku þó grillin við af holunum og menn flykktust út á svalir og verandir um leið og sólin sýndi sig til að grilla ofan í fjölskyldu og vini. Grilllyktin varð einn af sumarboðunum og hefur haldið þeirri stöðu til dagsins í dag.

**● HOLA HINS HEILAGA ELDS** Orðið barbecue, sem notað er í Bandaríkjunum um verknaðinn að grilla, matinn sem grillaður er og grillveislur, er talið eiga rætur að rekja til Taíno-ættbálksins í Karíbahafinu. Taíno-menn nefndu holuna sem grafin var í jörðina til að elda í geitur í heilu lagi barabicu og það orð tóku Spánverjar upp á forminu barbacoa, sem í gegnum aldirnar breyttist í barbecue í ensku. Orðið þýðir „hola hins heilaga elds“ en var einnig notað um viðargrind sem lögð var á staura yfir opnum eldi og kjöt eldað ofan á.










Léttar og bragðgóðar
kalkúnagrillsneiðar
Fitulítið og gómsætt kjöt sem gaman er að grilla.
Gott á grillið
Íslensk framleiðsla
ÍSFUGL
Reykjavegi 36, Mosfellsbæ
Sími: 566 6103, Fax: 566 6762
isfugl@isfugl.is, www.isfugl.is
Grafíka 11

# BÍLAR & FARATÆKI

**STÓRA BÍLASALAN**



Volvo S40 1.6 DIESEL Árgerð 11/2005, ekinn 109þ.km, bsk. Eyðir aðeins 5,2L innanbæjar! Sparibaukur sem er á staðnum til sýnis! Verð 2.190.000kr. Raðnúmer 131300. Sjá nánar á www.stora.is

**Stóra bílasalan**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5861414**
**Myndeftirlit á plani**
**http://www.stora.is**

**www.ferdavagn.is**

**Frí auglýsing í fréttablaðið fylgir öllum skráningum.**



Ferðavagn.is stórlækkar sölukostnað á ferðavögnum. Óskum eftir öllum gerðum ferðavagna á skrá mikil eftirspurn.

**Ferðavagn.is**
**Hlíðasmári 2, 201 Kópavogur**
**Sími: 5885300**
**http://ferdavagn.is**

**SUZUKI**



Allir Suzuki utanborðsmótorar á lækkuðu verði og flestar stærðir á lager til afgreiðslu strax.

**Suzuki Umboðið ehf**
**Skeifan 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 568 5100**
**http://www.suzuki.is**

**bilauppbod.is**

## Þarftu að kaupa eða selja bíl?

Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

**Bílauppboð - Krókur**
**Sími: 522 4610**
**www.bilauppbod.is**
**www.bilauppbod.is**

**LITLA bílasalan**
**www.litla.is 587 7777**



HONDA Crf 250 r twin pipe. Árgerð 2006, ekinn -1 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 620.000. Rnr.139789. gott verð stgr.!



FORD Focus trend. Árgerð 2007, ekinn aðeins 9700 KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.950.000. Rnr.119104.

**Litla bílasalan**
**Eirhöfða 11, 110 Rvk.**
**Sími: 587 7777**
**www.litla.is**

**100 bílar.is bílasala**




Audi A4 3,0 Quattro Wagon, árg.2002, sjálfsk, 221hö, 4x4, leður, lúga, Bose hljómkerfi, sportsæti omfl, Flottur og vel búinn bíll, Ásett verð aðeins 1990þús.kr, Rnr 115612, Er á staðnum,

**100 bílar ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.00 og laugardaga 12-16**
**www.100bilar.is**

## Bílar til sölu



Til sölu Musso 33', diesel, sj.sk, árg.'98, ek. 230 þús. Leðurinnrétting, ný sk, góð dekk, gott viðhald, tilbúinn í veiðina. Verð 590 þús. Uppl. í s. 894 1543.



### Ódýrir góður nýsk.!!

VW Polo árg'99, 5d, 5g. Ek. 150 þús. Ný tímar. bremsur, demp og fl. V. 165 þús. Uppl. í s. 821 9887.



Til sölu Ford Econline disel, árg.'05, ek. 90 þús. V. 1790 þús. Gott staðgreiðsluverð. Uppl. í s. 856 4481.



Renault Megane Scenic '98. 140km. 1.6 vél sjálfskiptur. Sumar- og vetrardekk. S. 616 2597.



FORD EXPLORER SPORT TRAC LIMITED 04/ 2007 55 þús.km sjálfskiptur, 4.606cc, fjórhjóladifin, upphækkaður á „32 dekkjum, dráttakúla, hraðastillir og margt fleira. Ásett verð 3.450.000 tilboð óskast í s: 840 4485.



RANGE ROVER HSE Árgerð 1997 Akstur 196 þ.km vél 4.6 Flott eintak Verð 860 Sími 893 6321



### Lítið keyrður

Opel Combo árg.'02, ek. aðeins 42 þús. Sk'12. Verð tilboð. Uppl. í s. 847 5545.



### 1.590.þ STGR.

Til sölu Toyota land cruiser vx Disel árg 1998 ek 365.þ km ssk topp viðhald auka dekk á felgum fæst á 1.590.þ stgr. engin skipti uppl. í síma 896-5290.

Mitsubishi Carisma árg.'98, 140þús.km. S: 692 2381.

## 250-499 þús.



### Ódýr ferðabíll

Til sölu Renault Megane árg'00. Ek. 190þ. Bsk. Sk'12. Ás.v. 490þ. Tilboð 355þ. Uppl í s 860 3970

Volswaken Transporter '99. Ek. 146þús. Rauður. Verð 400þús. Landrover freelander '00. Ek. 160þús. Svartur. 400 þús. Tilboð óskast strax. S: 847 5838.

## Bílar óskast

### Bíll óskast á 25-250þús.

Má þarfnast lagfæringa. Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms.

## Sendibílar

**568 5000 NS NÝJA - SENDIBÍLASTÖÐIN**

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

## Reiðhjól




### Kría Hjól

Alhliða hjólaviðgerðir - Sérsmíðum hjól -Gerum upp hjól. Fagþjónusta á góðu verði Kría Hjól - Hólmaslóð 2 s.534 9164. kriacycles.com

## Kerrur




## Fellihýsi



Til sölu Palomino Colt fellihýsi 9 fet árg 2007 galvaniseraður undirvagn. Mjög lítið notað, huggulegt að inna sem utan. Glænýr geymir. Tengi fyrir tvo gaskúta, álfelgur, sóltjald. Ferðasalerni fylgir Verð kr. 1500.000.- Uppl. Gefur Kristín í 6606694

Til sölu Coleman Niagara 14ft árgerð '97. Sólarsella, 2 gaskútar, markísa, nýr rafgeymir. Mjög vel með farið. Verð 850þús Uppl. í síma 6635007

## Vinnuvélar




Rafstöð til sölu. Honda GX 340 w220 kva 6,5. Háseta 50. 11hö. Kostar ný 290þ, fæst á 130þ. Hefur verið notuð í 20tíma. Uppl. í s. 691 6553.

## Bátar






Til sýnis hjá Króki. Er á (www.bilauppbod.is). Nánari uppl. í s. 691 8246.

## Bílaþjónusta



INNI VINNULYFTUR - PASSA INN UM 90CM HURÐARGÖT OG FARA Í 4,9m VINNUHÆÐ. EINNIG STÆRRI LYFTUR TIL LEIGU Á FRÁBÆRU VERÐI. DS-LAUSNIR EHF 561-8373 www.dslausnir.is

## Varahlutir

**BILAPARTAR.IS**
**Notaðir TOYOTA varahlutir**
**Sími: 587 7659**

Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga 9-18. Við erum þjónustuaðilar fyrir Úrvinnslusjóð. Eigum bíla til sölu. Bílapartar, Grænamýri 3, Mosfellsbær.




### Bílapartasala

Höfum opnað varahlutasölu með notaða varahluti í nýlega bíla www.netpartar.is

Varahlutir í VW Golf, Polo,Yaris, Skoda Oktavia árg. '03 og Kangoo. Viðgerðir. Gírkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Uppl. í s. 892 7852.

### Bílhlutir, Kaplahrauni 14, S. 555 4940.

Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

Partasalan SU-MI Smiðjuvegi 11. Sonata 97, Impreza 99 og Skoda felicia 99, Peugeot 306 99, 206 og 406 ST. Nissan Almera 97, Ford 250 99, Megane 01. Opel Vectra '98 Kaupi bíla til niðurrifs. sími 661 5270.

### Partahúsið - S. 555 6666

VW Bora, Golf, Passat, Caddy, Audi A4. Hyundai Getz H1, Starex, Santa Fe, I30. Honda Jazz, CRV. Fókus, M.Benz margar gerðir. Fiat Punto. Suzuki Swift. Chevrolet Lacette. MMC Galant, Pajero. Citroen Berlingo. Daihatsu Terios. Peugot 206. Man 26530 árg.'05. Musso og margt fleira. Kaupum bíla til niðurrifs. S. 555 6666 & 666 6555. Hvaleyrarbraut 20 Hafnarfirði.

## Viðgerðir



### Reiðhjóla, Sláttuvéla Smávélaviðgerðir. Hröð og ódýr þjónusta.

Gerum við allar gerðir af Reiðhjólum og sláttuvélum. Sláttuvélamarkaðurinn ehf S:517-2010 Smiðjuvegi 11.

# ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

### Faglærðir Píparar

Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

### Pípulagnir

Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Upplýsingar í síma 663 5315.

## Hreingerningar

Flutningsþrif, gólfbónun, teppahreinsun gluggaþvottur & Alhliða garðaþjónusta. www.hreingerningar.is S. 772 1450

## Garðyrkja




**HreinirGarðar**
**Fáðu sláttinn í áskrift**
**www.hreinirgardar.is**
**S.571-2000**

**Trjáklippingar - garðyrkja - hellulagnir.**
**Klippi tré og runna og felli tré, fræsi stubba. Fljót og góð þjónusta. Látið fagmann vinna verkin.**
**40 ára starfsreynsla.**
**Garðaþjónustan Björk**
**Jóhannes garðyrkjumeistari s. 846 8643, 899 7679**




Tökum að okkur allt sem viðkemur garðinum, auk allrar almennrar smíðavinnu - lögg. húsasmíðameistari. Vanir menn, snör handtök. Sælugarðar s. 824 1238.




**ódýr Garðsláttur**
**Garðaþjónusta Hlyns**
**• Garðsláttur**
**• Klippingar**
**• Vönduð vinnubrögð**
**• Fellum tré**
**Uppl. gefur Hlynur S. 863 3492**

### Trjáklippingar

Trjáfellingar og runnaklippingar. Alhliða garða þjónusta. Eiríkur Sæland garðyrkjufræðingur. Sími : 848 1723.

Tek að mér slátt fyrir húsfélög og einstaklinga og klippingar og umhirðu á görðum. Uppl. í s. 616 1569.

Tek að mér slátt fyrir húsfélög og einstaklinga og klippingar og umhirðu á görðum. Uppl. í s. 616 1569.

### TRJÁKLIPPINGAR

Klippi, felli og snyrti tré og runna. Alm. garðavinna. Ágúst Haukur garðyrkjufræðingur s. 848 9600.

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Fjármál

**Evrur til sölu**
**3% yfir seðlagengi**
**uppl. í síma. 857 6711.**

## Málarar

**Málarameistari**
Jón Ingvar Garðarsson málarameistari tilboð - tímavinna s. 896 6148.

**Málarar**
Alhliða málingarþjónusta, getum bætt við okkur verkefnum inni og úti, hagstæð verð í boði. S. 823 8547.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningabj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

## Húsaviðhald

**SG Steingæði slf Alhliða húsaviðgerðir**
**Múrarar, flísarar, rafvirkjar, smiðir, píparar og málarar, allt á einum stað.**
**Uppl. í síma 899 2420.**



Sími 896 4947 Netfang: hamraborg @ simnet.is










K.R.S. ELDON MÚRVERKTAKAR. Múrviðgerðir og flísalagnir. Vönduð vinna Tilb./tímav. S. 899 4254.

## Tölvur




## Nudd

THE BEST!!WHOLE BODY MASSAGE IN DOWN TOWN ANY TIME; FOR THE BEST MAN!! 8570740

NUDD. NUDD. NUDD. Exclusive Whole Body Massage in DownTown. S. 692 2126, ALENA.

**Nudd**
Nudd nudd nudd heilnudd. Tilboð í dag. Uppl. í s. 616 6469.

Gott nudd - good massage. S. 857 4850 & 844 0329.

NEW NEW NEW !!!TOP LUX MASSAGE IN DOWN TOWN ANY TIME !s.899 5836 ALISIA

## Spádómar




**908 1888**
**Spásími Daddýar verð við næstu viku. 250 kr. mín.**

**Spásími 908 6060**
Spámiðlun, tarot, andleg leiðsögn, fyrirbænir, draumar og trúnaður. Opið frá 12-23 S. 894 9228 Steinunn visa/ euro.

## Rafvirkjun

**RAFVIRKJUN S. 896 6025**
Tilboð raflagnir, töfluskipti og dyrasímakerfi. Rafneisti ehf. Lögg. rafverktaki.

Töfluskipti, viðhald, nýlagnir, dyrasímar. Tilboð eða tímavinna Löggiltur rafverktaki Sveinn. S. 663 7789. Rafengi ehf.

## Önnur þjónusta

**Blekhylki.is**
Blekhylki og Tónerar í flestar gerðir prentara, 50-70% ódýrari, öll hylki framleidd af ORINK. Blekhylki.is Fjarðargötu 11, Hafnarfirði sími 517-0150



**ÚTSALA ÚTSALA**
30-60% afsláttur af vor-og sumarvörunni frá Green-house Opið 12-18. Green-house Rauðagerði 26.

## KEYPT & SELT

## Til sölu

**ÞVOTTAVÉLAR, VARAHLUTIR**
Til sölu notaðar þvottavélar, þurrkarar, 5-10 kg. og uppþvottavélar. Tökum bilaðar vélar uppí. Varahlutir á góðu verði. Opið alla daga 10:00- 18:00 Síðumúla 37 Kjallara, 108 Rvk 847 5545.









Nuddpottar fyrir hitaveitu! Á. Óskarsson ehf. www.oskarsson.is S. 566-6600

## Óskast keypt

**Carat - Haukur gullsmiður Smáralind - Kaupum gull og silfur**
**Staðgreiðum gull og silfur í verslun okkar.**
**Upplýsingar í s. 577 7740**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
**Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.**
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

**Kaupi gull !**
**Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.**
**Upplýsingar á demantar.is**
**í s. 699 8000 eða komið í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

**Staðgreiðum gull, demanta og úr.**
**Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! Upplýsingar í síma 661 7000.**
**www.kaupumalltgull.is**

## Til bygginga

**Sákkaplötur óskast**
Óska eftir tilboði í 300 sákkaplötur. Uppl um gerð og verð sendist á netfang: nybygging@internet.is

**Járnbinding**
Tilboð óskast í vinnu við járnbendingu í tvö einbýlishús í funkys stíl. Heildarmagn er um 38tonn. Tilboð óskast sent á netfangið: nybygging@ internet.is

## Verslun



SUMARKJÓLAR!! Verð frá kr. 5.900. Verslunin Emilía Bláu húsin Faxafeni s: 588-9925 emilia.is






**FRÁBÆR NÝ LÍNA**
teg DUNA - push up í A,B,C,D skálum á kr. 7.680,- Misty Laugavegi 178, s: 551 3366.



teg. DUNA - push up í D,DD,E,F,FF,G skálum á kr. 7.680,- Misty Laugavegi 178, s: 551 3366.

## HEILSA

## Nudd



**TANTRA MASSAGE**
Authentic initiation into the tantric mysteries with tantra massage. Unique experience for men, women and couples. Tel: 698 8301 www. tantra-temple.com

## NUDD - FÓTAAÐGERÐIR - DETOX

Tilboð fótaaðgerðir + nudd upp fyrir hné kr. 5.500 2 saman kr. 9.900. Tekið á kvillum, næringu, hreifingu, bætiefnum, vinnu, lífsstíl, hamingju og fl. 2ja st. meðferð kr. 7500. JB Heilsulind. S. 823 8280.

Til leigu nuddherbergi á nuddstofu. Einnig er hægt að leigja að hluta til eða nokkur saman. Á sama stað er til leigu herbergi fyrir snyrtifræðing. Upplýsingar í síma 861 5718.

Ódýrir og vandaðir ferðanuddbekkir og óléttubekkir til sölu. S. 891 6447, Óli.

## Heilsuvörur



Notadrjúgur og þægilegur bakstuðningur til sölu. Veitir góðan stuðning og loftar vel um bakið. Hægt að nota í bíl, við vinnu eða til hvíldar. Frí heimsending Kynningarverð: 6400 kr. Pöntunarsími: 568-3011, GSM: 846-3864

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www. betriheilsa.is/erla




Lyfjalaus verkjastilling, 50%-100% árangur á nokkrum mínútum. Sími: 564 5959

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ ismennt.is

## HEIMILIÐ

## Dýrahald



12 vikna Beagle stelpa tilbúin að fara að heiman, HRFÍ hreinræktuð, ættbók, örmerkt, læknissk. Uppl. 690-3300

## TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Byssur

20 % afsláttur af öllum skotfærum. Kíktu á síðuna okkar Tactical.is S : 517-8878

## Fyrir veiðimenn

Laus veiðileyfi í Grímsá. Vegna forfalla eru til sölu 3 stangir í Grímsá síðari hluta ágústmánaðar. Seljast saman eða stakar. Uppl.í síma 665 9806

## HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**www.leiguherbergi.is**
**1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj M/ baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**
**Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk and Dalshraun 13 Hfj Whith Bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www. leiguherbergi.is**

Til leigu 2.herb. 50 fm. á Álftanesi. Langtímaleiga. Laus strax. Uppl. í síma 699 7887.

Stúdíó eða herbergi. Skammtíma-eða langtímaleiga. S. 821 4848.

## Húsnæði óskast

**Ungt par í háskóla með tvo hunda óskar eftir íbúð í Rvk. Róleg og reglusöm, skilvísum greiðslum heitið. S. 661 6252.**

Rúml. 50ára óska eftir 3.herb+ íbúð í Rvk. Reglusemi, góð umgengni og skilvísar gr. s: 663 0644.

## Geymsluhúsnæði

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 4 til 17 m2. Lágt verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

## Gisting

Íbúðargisting við Nyhavn í Kaupmannahöfn. 80 fm. Facebook: Gisting Kbh. Uppl. í s. 004550127560.

## ATVINNA

## Atvinna í boði

**Matreiðslumaður óskast**
**Cafe bleu Kringlunni óskar eftir vönum manni í eldhús. Unnið á vöktum 2-2-3 framtíðarvinna. Upplýsingar í síma 899 1965**

**Viltu vinna í Noregi? Vantar strax!**
**Atvinnubilstjóra, smiði, rafvirkja, Járnabindingarmenn, pípara og verkamenn. Hringdu núna! Starfsmannaþjónustan S 650-7770**

Starfsfólk óskast til afgr.starfa í pylsuvagni. Upplýsingar í síma 896 0240.

Starfsfólk óskast í létta útivinnu í sumar. uppl. í s. 869 0830 Sara.

Heildsala óskar eftir skólafólki í sumarafleys. Ums.berist til thjonusta@365.is

## TILKYNNINGAR

## Ýmislegt

Til leigu verslunarpláss þar sem rekin hefur verið sjoppa/verslun með aðstöðu fyrir veitingar. Upplýsingar í síma 861 5718

Gítarleikur söngur www.youtube.com leitarorð Guðmundur M Bjarnason.


scan domestic
VERSLUNARTÆKNI
scan domestic
Gott verð
89.000.+vsk
109.000.+vsk
99.000.+vsk
199.000.+vsk
KK 420
B: 615 D: 590 H: 1945 - 350 L innanmál -
Kæling +2/+10°C - 8 hillur - Læsing
KK 415
B: 606 D: 575 H: 1980 - 360 L innanmál -
Kæling +2/+10°C - 8 hillur - Læsing
SD 800
B: 1130 D: 720 H: 2020 - 1000 L innanmál -
Kæling +2/+10°C - 8 hillur - Læsing
KK 520
B: 650 D: 705 H: 1970 - 488 L innanmál -
Kæling +2/+10°C - 8 hillur - Læsing
Kæling +2/+12°C - Innbyggð lýsing -
Stærð b:682 d:450 h:675
Kæli-og frystitæki
3 stærðir
199.000.+vsk
279.000.+vsk
2 stærðir sama verð
199.000.+vsk
OFC 70
B: 700 D: 740 H: 2015
Kæling 2/12°C
OFC 180
B: 700 D: 700 H: 1445
Kæling 2/8°C
OFC 125
B: 1250 D: 610 H: 1485
Kæling 2/7°C
OFC 250
B: 685 D: 610 H: 1700
Kæling 2/12°C
Frystar
69.000.+vsk
SD 92 Stærð (bxdxh)
595x520x855mm
Kæling -9/ -20°C
SD 75 Stærð (bxdxh)
550x480x780mm
Kæling -9/ -20°C
SD 75 Stærð (bxdxh)
550x520x480mm Kæling
-9/ -20°C
Kælar
49.000.+vsk
SC 85 Stærð (bxdxh)
485x530x920mm
Kæling +2/ +10°C
DKS 120 Stærð (bxdxh)
500x500x800mm
Kæling +2/ +10°C
SD 75 Stærð (bxdxh)
550x510x500mm Kæling
+2/ +10°C
kisturnar koma ómerktar
129.000.+vsk
Gott verð
99.000.+vsk
119.000.+vsk
XS 600 Stærð (bxhxd)
1475x837x757mm Kæling -12/ -24°C
SD 155 Stærð (bxdxh)
564x695x905mm Kæling -12/ -22°C
SD 305 Stærð (bxdxh)
950x695x905mm Kæling -12/ -22°C
SD 505 Stærð (bxdxh)
1510x695x905mm Kæling -12/ -22°C
Kælar
89.000.+vsk
SC 138 Stærð (bxdxh)
600x500x900mm
Kæling +2/ +10°C
SC 208 Stærð (bxdxh)
900x500x900mm
Kæling +2/ +10°C
SC 308 Stærð (bxdxh)
1350x500x900mm Kæling
+2/ +10°C
39.000.+vsk
59.000.+vsk
59.000.+vsk
99.000.+vsk
129.000.+vsk
89.000.+vsk
TK 41Stærð Þvermál
440 Hæð 740 mm -
Kæling +2/+12°C
RT 78 Stærð (bxdxh)
425x380x960mm Kæling
+2/+12°C
RTC 235 Stærð (bxdxh)
515x484x1695mm Kæling
+2/+12°C
VK 440 - Stærð (bxdxh)
590x675x1830mm 2
mism hitastig
VK 200 - Stærð (bxdxh)
590x675x1030mm 2
mism hitastig
Frystar og kælar
Frystir
279.000.+vsk
Kælir
239.000.+vsk
329.000.+vsk
KK 710 - Stál kælir
B: 720 D: 845 H: 2010 - 650 lítra
- Kæling +2/ + 10°C - Lás
KK 1410 - Stál kælir
B: 1440 D: 845 H: 2010 - 1400 lítra -
Kæling +2/ + 10°C - Lás
B132 - Stál frystir
B: 1360 D: 720 H: 880 mm - 350 lítra
Kæling -10/-24°C - Lás.
VERSLUNARTÆKNI
Draghálsi 4 - 110 Reykajvík
Sími: 535 1300 - Fax: 535 1305 - verslun@verslun.is
Sjáðu heimasíðuna
www.verslun.is
20 ÁRA REYNSLA 1990-2010
Pöntunarsími: 535 1300



# 80 ára afmæli

**Nanna Lára Pedersen**
verður 80.ára í dag. Vinir og vandamenn sem vilja samgleðjast henni eru velkominr að Stórhöfða 31 kl. 17-20.
Afþakkar hún gjafir en bendir hún fólki á Styrktarfélag hjartveikra barna Reikningsnúmer : 101-26-4995 kt 490696-2309.
Einnig er hægt að hringa í síma 552 5744 og senda heillaskeyti.

---



†

*Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir og amma,*

**Barbara María Suchanek**
Ási, Hrunamannahreppi,

lést þriðjudaginn 31. maí. Útförin fer fram frá Hrunakirkju miðvikudaginn 8. júní kl. 14.00.

Eiríkur Steindórsson
Helena Eiríksdóttir — Sigmundur Brynjólfsson
Steindór Eiríksson — Lilja Ásgeirsdóttir
Guðrún Eiríksdóttir — Birkir Böðvarsson
og barnabörn.

---



†

*Elskuleg eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, dóttir, tengdadóttir, systir, mágkona og amma,*

**Inga Jóhanna Birgisdóttir**
Frostafold 14, Reykjavík,

lést miðvikudaginn 1. júní á Landspítalanum í Fossvogi. Útför hennar fer fram frá Bústaðakirkju föstudaginn 10. júní kl. 15.00. Innilegar þakkir til starfsfólks deildar B2 í Fossvogi fyrir alúð og góða umönnun.

Halldór Úlfarsson
Ásdís Halldórsdóttir — Guðmundur Finnbogason
Úlfar Þór Halldórsson
Birgir Jóh. Jóhannsson
Þóra Viktorsdóttir
systkini og makar
barnabörn.

---



†

*Elskulegur bróðir okkar*

**Páll Gíslason**
lengst af til heimilis að Miðtúni 9, Reykjavík,

lést á hjúkrunarheimilinu Grund 4. júní. Útförin fer fram frá Fossvogskapellu föstudaginn 10. júní kl. 15.00.

Ásgeir Gíslason
Alexía M. Gísladóttir
Kolbeinn Gíslason

---



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Sigurfljóð Jónsdóttir**
frá Litla-Langadal á Skógarströnd, Sóltúni 2,

lést sunnudaginn 5. júní á bráðamóttöku Landspítalans. Jarðarförin auglýst síðar.

Halldóra Guðmundsdóttir
Sigrún Ögmundsdóttir — Þórarinn Böðvarsson
barnabörn og barnabarnabörn

---

# Leitað að hundi til að leika Tótó

Athygli vakti þegar hátt í fjögur þúsund börn mættu á síðasta ári í áheyrnarprufur fyrir hlutverk í Galdrakarlinum í Oz, en sýningar á söngleiknum hefjast nú í haust í Borgarleikhúsinu. Núna er hins vegar komið að því að finna sjálfan Tótó, hund Dóróteu, og auglýsir Borgarleikhúsið eftir hugsanlegum hvuttum í hlutverkið.



**KOMIÐ AÐ TÓTÓ** Nokkur þúsund börn mættu í áheyrnarprufur fyrir Galdrakarlinn í Oz síðastliðið haust en nú er leitað að hundi Dóróteu.

Hundurinn sem leitað er eftir þarf að vera ljós smáhundur, yfirvegaður, hlýðinn og góður og vera orðinn eins árs auk þess að kunna vel við sig í margmenni. Þá er þess getið í auglýsingu frá leikhúsinu að ef hundinn vanti heimili komi til greina að hann verði ættleiddur og hundaþjálfi búi honum nýtt heimili.

Áhugasömum hundaeigendum er bent á að senda mynd af hundinum sínum á toto@borgarleikhus.is með þyngd, stærð og lýsingu á skapgerð hundsins.

- jma

# Íslensk tónverk til Vínar

RÚV hefur tilnefnt verk þriggja íslenskra tónskálda til kynningar á Alþjóðlega tónskáldaþinginu, Rostrum, sem hefst í Vínarborg í dag og stendur til 10. júní. Verkin eru Bow to String eftir Daníel Bjarnason, Febrúardagur eftir Hafdísi Bjarnadóttur og Mardiposa eftir Guðmund Stein Gunnarsson.

Tónskáldaþingið er alþjóðlegur vettvangur til kynningar á nýjum verkum en einnig nokkurs konar keppni þar sem þátttakendur velja áhugaverðustu verkin með sérstakri stigagjöf. Eru þau í kjölfarið leikin í dagskrá tæplega þrjátíu útvarpsstöðva víðs vegar um heiminn. Íslensk verk hafa oft lent í þeim hópi.

Þingið er skipulagt af Alþjóðatónlistarráðinu (International Music Council) með stuðningi UNESCO, vísinda-, menntunar- og menningarstofnunar Sameinuðu þjóðanna. Það var fyrst haldið árið 1954 og tóku þá fjórar útvarpsstöðvar þátt en þátttökulöndin er nú á fjórða tug.



**TILNEFNDUR** RÚV hefur tilnefnt verk Daníels Bjarnasonar, Bow to String, til kynningar á Rostrum.



**VIÐ AFHENDINGUNA** Hálfdán Björnsson er einn fremsti fræðimaður Íslands í öllu sem við kemur lifandi náttúru landsins. MYND/NAUST

# Hálfdán hlaut bláklukkuna

Bláklukkan 2011, heiðursviðurkenning Náttúruverndarsamtaka Austurlands, var veitt Hálfdáni Björnssyni á Kvískerjum við hátíðlega athöfn á Djúpavogi síðastliðinn laugardag. Hálfdán hlýtur Bláklukkuna fyrir ómetanleg störf í þágu náttúruvísinda og náttúruverndar á Austurlandi. „Það mun vera einsdæmi að einn maður hafi jafn víðtæka og staðgóða þekkingu á hinni lifandi náttúru landsins,“ stendur í greinargerð Helga Hallgrímssonar, náttúrufræðings á Egilsstöðum, vegna úthlutunarinnar. Þar kemur og fram að Hálfdán hafi markað djúp spor í vísindasögu landsins, þrátt fyrir að hafa aðeins notið formlegrar menntunar í farskóla sem barn og einn vetur í Héraðsskólanum á Laugarvatni.

Hálfdán er áttatíu og fjögurra ára. Hann var yngstur níu systkina sem nú eru öll látin nema hann og Helgi, hagleiks- og fræðimaður sem einnig býr á Kvískerjum.

Hálfdán fór að skoða og skrásetja fugla og nafngreina plöntur á unglingsaldri og bráðlega bættust skordýr við áhugasvið hans. Margar tegundir smádýra skrásetti hann fyrstur manna á Íslandi, allt frá því hann var fjórtán ára. Hálfdán fæst enn við greiningar á skordýrum og hefur birt nokkrar ritgerðir um þau. Flestar greinar hans fjalla þó um fugla enda er haft fyrir satt að enginn Íslendingur hafi séð jafn margar fuglategundir og hann, í það minnsta frá heimili sínu.

Þess má geta að NAUST – Náttúruverndarsamtök Austurlands – voru stofnuð í september 1970 og var Hálfdán einn af stofnfélögum samtakanna.

- gun

# Dýrðardagar á Húnavöllum

Dagskráin Dýrðardagar hefst á Húnavöllum í Húnavatnssýslu sunnudaginn 19. júní næstkomandi og stendur til föstudagsins 24. júní. Hrönn Friðriksdóttir spámiðill og Alma Hrönn Hrannardóttir standa að Dýrðardögum, en þeir eru ætlaðir öllum þeim sem vilja byggja sig upp andlega og fræðast um andleg mál í rólegu og góðu umhverfi.

Boðið er upp á hugleiðslu og kraftgöngu á hverjum morgni og samverustund seinnipartinn þar sem fjallað er um mismunandi efni. Einnig verður farið í göngu að skoða álfa og aðrar náttúruverur og ferð til að skoða sólarlag og sólarupprás. Þá er einn heilunartími innifalinn í þátttökugjaldi. Í boði verða námskeið og fjölbreyttir einkatímar í dáleiðslu, þetaheilun og fleira.

Frekari upplýsingar um Dýrðardaga má nálgast á facebook.com/dyrdardagar



**SPÁMIÐILL** Hrönn Friðriksdóttir stendur, ásamt Ölmu Hrönn Hrannardóttur, fyrir Dýrðardögum.

---



†

*Okkar innilegustu þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð, hlýju og vinarhug við andlát og útför okkar ástkæru eiginkonu, móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Svövu Engilbertsdóttur**

Sérstakar þakkir færum við yndislegu starfsfólki Heimahlynningar og starfsfólki á dag- og lyfjadeild Sjúkrahúss Akureyrar fyrir alúð og frábæra umönnun.

Gunnar Árnason
Elísabet Björg Gunnarsdóttir — Sigurgeir Vagnsson
Björgvin Árni Gunnarsson — Patcharee Srikongkaew
Gunnar Viðar Gunnarsson — Kristín Ólafsdóttir
og fjölskyldur

---



†

*Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og vinarhug við andlát og útför systur minnar og móðursystur,*

**Margrétar G. Eyjólfsdóttur**

Sérstakar þakkir til allra þeirra sem önnuðust hana á hjúkrunarheimilinu Skjóli.

Oddný Eyjólfsdóttir
Ólína Ágústa Jóhannesdóttir — Kjartan Georg Gunnarsson
Jóhannes Ágúst Jóhannesson — María Skaftadóttir
Anna Margrét Jóhannesdóttir — Högni Hróarsson
og fjölskyldur

# Sumar & sól




SPARIÐ 4.990

BORÐ OG 2 STÓLAR **9.995**

**COMO borð og 2 COMO armstólar**
Ryðfrítt garðborð úr áli og stólar í stíl. Glerplata úr hertu gleri.
Stærð á borði: Ø60 sm. Sessa og bak úr sterku polyrattan efni.
Borð **4.995,-** Stóll **4.995,-**



**Fiðrildi á stöng**
Sæt og sumarleg fiðrildi. 4 litir.

1 STK. FIÐRILDI **399**



20% AFSLÁTTUR

VERÐ ÁÐUR FRÁ: 1.295 **995**

**PROTEA viðarblómapottar**
Stærðir: Ø32 x H20 sm. áður: **1.295** nú: **995**
Ø44 x H27 sm. áður: **2.495** nú: **1.995**
B30 x L50 x H21 sm. áður: **2.495** nú: **1.995**



SPARIÐ 5.000

ALLT SETTIÐ FULLT VERÐ: 24.990 **19.990**

NÝTT

**HAVANA borð, 4 stólar og sólhlíf**
Garðsett í ljósgráum lit með dökku áklæði.
Borð með hertri glerplötu. Borð: Ø90 sm.
Góð sólhlíf í stíl og 4 fellanlegir stólar.



FRÁBÆRT VERÐ!

SÓLSTÓLL **9.995**

**OXFORD sólstóll**
Með þykkri setu, háu baki og skemli.
5 stillingar á baki. Áklæði úr polyester.

Tilboðin gilda 07.06 - 08.06 - Birt með fyrirvara um prentvillur.

**KUBB víkingaspil**
Sniðugt í ferðalagið, útileguna eða garðinn.
Frábær skemmtun fyrir alla fjölskylduna!

VÍKINGASPIL **2.495**



RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

www.rumfatalagerinn.is

# krossgáta



**LÁRÉTT** 2. kirkjuleiðtogi, 6. óreiða, 8. verslun, 9. heyskaparamboð, 11. mun, 12. deyfa, 14. einkennis, 16. tvíhljóði, 17. gagn, 18. suss, 20. búsmali, 21. faðmlag.

**LÓÐRÉTT** 1. gleðimerki, 3. í röð, 4. pensillín, 5. svelg, 7. niðurstaða, 10. fálæti, 13. vöntun, 15. baklaf á flík, 16. í viðbót, 19. gyltu.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2. páfi, 6. rú, 8. búð, 9. orf, 11. ku, 12. slæva, 14. aðals, 16. au, 17. nýt, 18. uss, 20. fé, 21. knús.

**LÓÐRÉTT:** 1. bros, 3. áð, 4. fúkalyf, 5. iðu, 7. úrlausn, 10. fæð, 13. van, 15. stél, 16. auk, 19. sú.





Hamraborg 14, 200 Kópavogur, alltfasteignir@alltfasteignir.is

**Íbúð óskast**

**Kaupandi óskar eftir 3ja herb. 60fm til 90fm íbúð á fyrstu hæð, aðra hæð eða fjölbýli með lyftu í hverfi 103-104-105-108-200-201.**

**Allar upplýsingar veitir Anton Karlsson í síma 771 8601 - 565 1233**

STÁL & SUÐA

**Vegna aukinna verkefna óskum við eftir vönum járnsmiðum, rafsuðumönnum og vélvirkjum til vinnu strax. Umsókn berist á stalogsuda@stalogsuda.is**

ÞRÍHNÚKAGÍGUR

**UPPBYGGING AÐSTÖÐU FYRIR FERÐAMENN VIÐ ÞRÍHNÚKAGÍG**
**Tillaga að matsáætlun - Drög**

Þríhnúkar ehf. kynna drög að tillögu að matsáætlun vegna uppbyggingar aðstöðu fyrir ferðamenn við Þríhnúkagíg. Í drögunum er gerð grein fyrir fyrirhuguðum framkvæmdum sem felast í gerð aðkomuvegar, gerð aðkomubyggingar og móttöku, gerð jarðganga inn í gíginn og aðstöðu þar til skoðunar gígsins. Þar er einnig fjallað um þá umhverfisþætti sem fjallað verður um í frummatsskýrslu og rannsóknum sem ráðast á í vegna mats á umhverfisáhrifum.

Drögin eru aðgengileg á heimasíðu VSÓ Ráðgjafar, www.vso.is. Hægt er að senda ábendingar og athugasemdir um drögin á netfangið bjornh@vso.is. Frestur til að senda inn ábendingar er til 21. júní n.k.


# Drápsleikir dátanna

**BAKÞANKAR**
**Kolbeins Óttarssonar Proppé**



Ekki hefur það farið sérstaklega hátt í fjölmiðlum, en undanfarna daga hafa nokkur hundruð manns leikið sér í stríðsleik hér á landi. Settar hafa verið á svið sem „raunverulegastar aðstæður“ svo dátarnir venjist því sem best hvernig er að drepa aðra dáta. Líklega hafa þó margir þeirra nokkra reynslu í því. Til að króna stráksskapinn heitir þessi leikur Norðurvíkingur, en byssuleikurinn hefur verið haldinn reglulega hér á landi frá árinu 1991. Kostnaður íslenska ríkisins í ár nemur 30 milljónum króna.

**Á MEÐAN** Natódátarnir leika sér í drápsleikjum á Íslandi standa kollegar þeirra í alvöru drápum um allan heim. Þeir eru til dæmis að sprengja fólk í Líbíu þessa dagana, allt með stuðningi Íslands. Reyndar er fjöldi landa þar sem þeir munu aldrei drepa fólk og valdhafar fara sínu fram hvað sem líður mannréttindabrotum. Hneykslan hins velmektandi vestræna heims fer nefnilega oftar en ekki saman við hagsmuni hinna vestrænu ríkja og erum við Íslendingar ekki undanskildir þar.

**OG Á** meðan dátarnir drepa ekki fólk í fjarlægum löndum leika þeir sér í drápsleikjum á Íslandi.

**ÞAÐ RÍKIR** merkilegt sinnuleysi um þessa stríðsleiki hér á landi. Þeir sem þeim mótmæla eru taldir bláeygir sakleysingjar sem ekki skilja hvernig heimurinn er skrúfaður saman. Staðreyndin er hins vegar sú að drápstól eru drápstól og hermenn hermenn, hvar í heiminum sem þeir eru. Hér á landi er það sport að fara með börnin og skoða herskip, að ekki sé nú talað um herþotur. Kannski væri réttast að um borð væru myndir af fórnarlömbunum, sundurtættum líkum og grátandi mæðrum. Kannski það mundi duga til að Íslendingar gerðu sér grein fyrir því til hvers drápstól eru gerð. Það er þó allsendis óvíst að það mundi duga til.

**TRAUÐLA** verður friður í heiminum í bráð. Tækifærinu sem endalok Kalda stríðsins buðu upp á til að byggja upp friðsælli heim var fórnað á altari hagsmuna hinna vestrænu ríkja. Þar ber Ísland sína ábyrgð. Ekki er ástæða til bjartsýni í þessum efnum þegar litið er til þess að við ákvarðanir um innrásir og loftárásir á önnur lönd virðist mönnum fyrirmunað að læra af sögunni. Gúbbífiskaminnið ræður ríkjum og alltaf skal árás vera eina rétta svarið akkúrat núna; þó að dæmin séu mýmörg um hvernig hlutir klúðruðust áður.

**OG Á** meðan það þykir eðlilegasti hlutur í heimi að í litlu, herlausu landi, sem ekki stafar ógn af neinum, leiki sér hundruð morðmenna með byssur og sprengjutól; tja, þá er ekki von á friðvænlegri heimi í bráð.

# myndasögur

## Pondus

Eftir Frode Overli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




## Barnalán

Eftir Kirkman/Scott



58·12345

# ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ DOMINO'S

# MIÐSTÆRÐ Á 1.000 KR.

# MEÐ 3 ÁLEGGSTEGUNDUM.

EF ÞÚ SÆKIR

dominos.is




stefánsson & stefánsson

# menning

menning@frettabladid.is

**ANNAÐ KVÖLD KLUKKAN 20** hefur tónleikaröðin Sumartónar í Elliðaárdal göngu sína að nýju í Fella- og Hólakirkju með tónleikum kórs kirkjunnar. Á efnisskrá kórsins er verkið Aesop's Fables eftir Bob Chilcott, þekktar ítalskar aríur og íslensk einsöngslög. Jafnframt mun kórinn flytja íslenska kirkjutónlist við texta eftir Sigurbjörn Einarsson.





TILBOÐ

Á HÁRSNYRTIVÖRUM

25% AFSLÁTTUR
frá 20. maí til 20. júní




MARIA NILA - I CARE

Frábærar hársnyrtivörur á mjög góðu verði.

Sölustaðir eru m.a.: Lyfja, Lyfjaver, Lyfjaval, Árbæjarapótek, Reykjavíkurapótek, Laugarnesapótek, Apótek Vesturlands

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

MEIRI MENNING

vísir




**ÞÓRA ÞÓRISDÓTTIR** Túlkar Biblíuna á persónulegan hátt í verkum sínum.

## Blóð- og saltþvegin Biblía

**Sýning Þóru Þórisdóttur „Rubrica“ var opnuð í anddyri Hallgrímskirkju síðastliðinn sunnudag. Á sýningunni eru myndverk sem fjalla um túlkun Þóru á heilögum anda. Lykilverkið á sýningunni er Biblía sem Þóra hefur þvegið með saltvatni og blóði ásamt því að skrifa inn ýmsar hugleiðingar og leiðbeiningar. Þóra Þórisdóttir útskrifaðist úr skúlptúrdeild Myndlista- og handíðaskóla Íslands árið 1994. Á útskriftarárinu sýndi hún slátrað lamb, eirorm á stöng og kvöldmáltíðarinnsetningu undir titlinum „Blóð lambsins“. Síðan þá hefur Þóra aðallega unnið með trúarleg þemu í list sinni, þar sem hún túlkar Biblíuna á persónulegan hátt og samþættir við feminíska heimspeki, segir í fréttatilkynningu.**

**Sýning Þóru Þórisdóttur, Rubrica, er þriðja sýningin í sýningaröð Listvinafélags Hallgrímskirkju, Kristin minni.**

**Sýningin stendur fram eftir sumri og er opið alla daga vikunnar frá kl. 9-20.**






# LÉR KONUNGUR FÉKK FLESTAR TILNEFNINGAR

**Sýningin Lér konungur hlýtur flestar tilnefningar til Grímuverðlaunanna í ár. Tilkynnt var um tilnefningarnar í gær, en verðlaun eru veitt í sextán flokkum.**

Sýningin Lér konungur sem sýnd var í Þjóðleikhúsinu síðasta vetur hlaut tíu tilnefningar til Grímunnar; hún var tilnefnd sem besta sýningin, leikstjórinn hlaut tilnefningu og fjórir leikarar voru tilnefndir auk þess sem tónlistin, leikmynd, búningar og lýsing hlutu öll náð fyrir augum dómnefndar Grímunnar. Fólkið í kjallaranum sem sýnt var í Borgarleikhúsinu hlaut sjö tilnefningar. Aðrar sýningar sem eru áberandi fyrirferðarmiklar á lista dómnefndar eru Elsku barn og Allir synir mínir.

Bestu sýningar leikársins þykja Allir synir mínir, Elsku barn, Fjalla-Eyvindur, Fólkið í kjallaranum og Lér konungur. Bestu leikstjórarnir eru leikstjórar þessara verka fyrir utan að Marta Nordal, leikstjóri Fjalla-Eyvinds, er ekki tilnefnd en Jón Páll Eyjólfsson, leikstjóri Strýhærða Péturs, hlýtur náð fyrir augum dómnefndar.

Elísabet Brekkan, leikhúsgagnrýnandi Fréttablaðsins, var nokkuð ánægð með tilnefningar til bestu sýninga. „Það skal engan undra þótt Allir synir mínir sé tilnefnt því það er svo mikil unun að fá að heyra góðan texta og leikara sem fara vel með hann. Sýning Leikfélags Reykjavíkur, Elsku barn, var áhrifamikil sýning þar sem leikarar og allir sem að henni komu unnu af alúð á framsetningu á mjög erfiðu máli. Leikgerð Ólafs Egils Egilssonar á Fólkinu hennar Auðar Jónsdóttur í kjallaranum var vel leikin og sýningin gekk vel upp, var í senn gróf og fyndin. Sjónarspilið um Lé konung og öll hans svik í 32 mínútna rigningu á stóra sviði Þjóðleikhússins fær hér tilnefningu af mörgum ástæðum og Arnar Jónsson átti hér vitaskuld stjörnuleik, reyndar ásamt fleirum. Fjalla-Eyvindur í leikstjórn Mörtu Nordal var einstök sýning. Líklega hafa allt of fáir séð hana, enda aðeins sýnd í örfá skipti úti á Norðurpól,“ segir Elísabet.

Grímuverðlaunin verða afhent 16. júní.



**LÉR KONUNGUR** Arnar Jónsson er tilnefndur sem leikari ársins í aðalhlutverki.

### SÝNING ÁRSINS

**ALLIR SYNIR MÍNIR**
**Leikstjórn** Stefán Baldursson
*Þjóðleikhúsið*

**ELSKU BARN**
**Leikstjórn** Jón Páll Eyjólfsson
*Borgarleikhúsið*

**FJALLA-EYVINDUR**
**Leikstjórn** Marta Nordal
*Norðurpóllinn*

**FÓLKIÐ Í KJALLARANUM**
**Leikstjórn** Kristín Eysteinsdóttir
*Borgarleikhúsið*

**LÉR KONUNGUR**
**Leikstjórn** Benedict Andrews
*Þjóðleikhúsið*

### BARNASÝNING ÁRSINS

**BALLIÐ Á BESSASTÖÐUM**
**Leikstjórn** Ágústa Skúladóttir
*Þjóðleikhúsið*

**GILITRUTT**
**Leikstjórn** Benedikt Erlingsson
*Brúðuheimar*

**GÓI OG ELDFÆRIN**
**Leikstjórn** Guðjón Davíð Karlsson og Þröstur Leó Gunnarsson
*Baunagrasið í samstarfi við Borgarleikhúsið*

**HERRA POTTUR OG UNGFRÚ LOK**
**Leikstjórn** Ágústa Skúladóttir
*Óperartic í samstarfi við Listahátíð í Reykjavík og Þjóðleikhúsið*

**HVAÐ BÝR Í PÍPUHATTINUM?**
**Leikstjórn** Ragnheiður Bjarnarson

### ÁHORFENDASÝNING ÁRSINS

**Gói og Eldfærin**
**Húsmóðirin**
**Nei, ráðherra!**
**Rocky Horror**
**Strýhærði Pétur**

### LEIKSTJÓRI ÁRSINS

- **Benedict Andrews** Lér konungur
- **Jón Páll Eyjólfsson** Elsku barn
- **Jón Páll Eyjólfsson** Strýhærði Pétur í sviðssetningu Leikfélags Reykjavíkur og Borgarleikhússins
- **Kristín Eysteinsdóttir** Fólkið í kjallaranum
- **Stefán Baldursson** Allir synir mínir

### LEIKARI ÁRSINS Í AÐALHLUTVERKI

- **Arnar Jónsson** Lér konungur
- **Árni Pétur Guðjónsson** Svikarinn
- **Björn Thors** Allir synir mínir
- **Bergur Þór Ingólfsson** Enron
- **Jóhann Sigurðarson** Allir synir mínir

### LEIKKONA ÁRSINS Í AÐALHLUTVERKI

- **Edda Björg Eyjólfsdóttir** Fjalla-Eyvindur
- **Halldóra Geirharðsdóttir** Elsku barn
- **Ilmur Kristjánsdóttir** Fólkið í kjallaranum
- **Sigrún Edda Björnsdóttir** Fólkið í kjallaranum
- **Unnur Ösp Stefánsdóttir** Elsku barn

### LEIKKONA ÁRSINS Í AUKAHLUTVERKI

- **Arnbjörg Hlíf Valsdóttir** Allir synir mínir
- **Birgitta Birgisdóttir** Fólkið í kjallaranum
- **Kristbjörg Kjeld** Hedda Gabler
- **Margrét Vilhjálmsdóttir** Lér konungur
- **Ólafía Hrönn Jónsdóttir** Lér konungur

### LEIKARI ÁRSINS Í AUKAHLUTVERKI

- **Atli Rafn Sigurðarson** Lér konungur
- **Benedikt Erlingsson** Elsku barn
- **Jóhann Sigurðarson** Fólkið í kjallaranum
- **Valur Freyr Einarsson** Hedda Gabler
- **Þröstur Leó Gunnarsson** Fólkið í kjallaranum

### LÝSING ÁRSINS

- **Björn Bergsteinn Guðmundsson** Ofviðrið
- **Björn Bergsteinn Guðmundsson** Fólkið í kjallaranum
- **Halldór Örn Óskarsson** Lér konungur
- **Lárus Björnsson** Allir synir mínir
- **Lárus Björnsson** Við sáum skrímsli

### BÚNINGAR ÁRSINS

- **Gabríela Friðriksdóttir og Hrafnhildur Hólmgeirsdóttir** Transaquania - Into Thin Air
- **Gabríela Friðriksdóttir og Hrafnhildur Hólmgeirsdóttir** Við sáum skrímsli
- **Filippía I. Elísdóttir** Ofviðrið
- **Halla Gunnarsdóttir** Strýhærði Pétur
- **Helga I. Stefánsdóttir** Lér konungur

### LEIKMYND ÁRSINS

- **Brynja Björnsdóttir** Súldarsker
- **Börkur Jónsson** Lér konungur
- **Halla Gunnarsdóttir** Strýhærði Pétur
- **Ilmur Stefánsdóttir** Elsku barn
- **Vytautas Narbutas** Ofviðrið

### TÓNLIST/HLJÓÐMYND ÁRSINS

- **Gísli Galdur Þorgeirsson** Verði þér að góðu
- **Hallur Ingólfsson** Elsku barn
- **Hallur Ingólfsson og The Tiger Lillies** Strýhærði Pétur
- **Hildur Ingveldardóttir Guðnadóttir** Lér konungur
- **Valdimar Jóhannsson** Við sáum skrímsli

### LEIKSKÁLD ÁRSINS

- **Auður Jónsdóttir og Ólafur Egill Egilsson** Fólkið í kjallaranum
- **Árni Pétur Guðjónsson og Rúnar Guðbrandsson** Svikarinn
- **Ég og vinir mínir** Verði þér að góðu
- **Jón Atli Jónasson** Mojito
- **Salka Guðmundsdóttir** Súldarsker

### ÚTVARPSVERK ÁRSINS

**DJÚPIÐ**
**Leikstjórn** Jón Atli Jónasson

**GAMALT FÓLK FER EKKI ÚT Á KVÖLDIN**
**Leikstjórn** Hallmar Sigurðsson

**Í SPEGLINUM SEFUR KÓNGULÓ**
**Leikstjórn** Kristín Jóhannesdóttir

### DANSHÖFUNDUR ÁRSINS

- **Damien Jalet, Erna Ómarsdóttir og Gabríela Friðriksdóttir** Transaquania - Into Thin Air
- **Erna Ómarsdóttir** Við sáum skrímsli
- **Lára Stefánsdóttir í samstarfi við hópinn** Bræður
- **Margrét Bjarnadóttir, Saga Sigurðardóttir og hópurinn** Ég og vinir mínir
- **Sigríður Soffía Níelsdóttir** White for Decay
- **Valgerður Rúnarsdóttir og hópurinn** Eyjaskeggi

### DANSARI ÁRSINS

- **Ásgeir Helgi Magnússon** Transaquania - Into Thin Air
- **Ásgeir Helgi Magnússon** Við sáum skrímsli
- **Gunnlaugur Egilsson** Bræður
- **Lára Stefánsdóttir** Svanasöngur
- **Tanja Marín Friðjónsdóttir** Eyjaskeggi

### SÖNGVARI ÁRSINS

- **Ágúst Ólafsson** Svanasöngur
- **Charlotte Bøving** Þetta er lífið - og om lidt er kaffen klar!
- **Eyþór Ingi Gunnlaugsson** Rocky Horror
- **Ólafur Kjartan Sigurðarson** Rigoletto
- **Þóra Einarsdóttir** Rigoletto




Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.
Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

HÚSASMIÐJAN

# Twilight sigurvegari á MTV-hátíð

Það er alltaf mikið um dýrðir þegar tónlistarstöðin MTV blæs til fagnaðar, en um helgina voru veitt kvikmyndaverðlaun MTV.

Stjörnurnar flykktust til Los Angeles og er óhætt að fullyrða að Twilight hafi staðið uppi sem sigurvegari kvöldsins.

Myndin The Twilight Saga: Eclipse var valin besta bíómynd ársins, aðalleikarar myndarinnar, þau Robert Pattinson og Kristen Stewart, tóku á móti verðlaunum sem leikarar ársins auk þess sem koss þeirra á hvíta tjaldinu þótti flottastur á árinu.

Poppgoðið Justin Bieber hélt áfram að sópa til sín verðlaunum en hann þótti skara fram úr í heimildarmyndinni um sjálfan sig, Justin Bieber: Never Say Never. Breski leikarinn Tom Felton úr Harry Potter-myndinni Harry Potter and the Deathly Hallows var valinn besti skúrkur hvíta tjaldsins árið 2011.



**SIGURVEGARAR** Þau Robert Pattinson og Kristen Stewart úr Twilight-myndunum fengu mörg verðlaun á kvikmyndaverðlaunahátíð MTV um helgina. NORDICPHOTOS/GETTY

# BYRJUÐU AÐ HANNA SAMAN Í VÍETNAM

**Gúrý Finnbogadóttir fatahönnuður og Jónas Breki Magnússon gullsmiður hafa vakið athygli með sameiginlegri skartgripalínu sinni Zero6. Hugmyndin að samstarfinu kom eftir að parið flutti til Víetnam en þar fengu þau að kynnast hinni hliðinni á hönnunarferlinu.**

„Okkur hefur alltaf langað til að gera eitthvað saman og samstarfið kom eiginlega af sjálfu sér þegar við fluttum út til Víetnam og fengum tíma,“ segir Gurý Finnbogadóttir fatahönnuður, sem hannar skartgripi ásamt kærasta sínum, Jónasi Breka Magnússyni gullsmiði.

Skartgripirnir hafa fengið ótrúlega góðar viðtökur hjá konum jafnt sem körlum og stefna hjónaleysin á að fara með skartið í verslanir hérlendis, sem og að koma því inn á norrænan markað í bráð. Línan þeirra nefnist Zero6, en nafnið er táknrænt í þeirra huga. „Dóttir okkar, Ísabella, fæddist árið 2006 og standa því tölurnar núll og sex okkur nærri. Það var vel við hæfi að gefa línunni persónulegt nafn þegar skartgripirnir eru fjölskylduverkefni,“ segir Gúrý og lýsir skartgripunum sem rokkuðum og grófum.

Gúrý og Jónas Breki eru alla jafna búsett í Kaupmannahöfn en hafa undanfarna mánuði verið í Víetnam. Jónas Breki er starfsmannastjóri hjá dönsku gullsmíðafyrirtæki og hefur yfirumsjón með 180 starfsmönnum í Víetnam. Hann er staddur þar núna og verður út sumarið en Gúrý er nýflutt aftur til Kaupmannahafnar, þar sem hún var að eignast annað barn þeirra.

„Það var mikið ævintýri að vera í Víetnam, þar sem við fengum að kynnast hinni hliðinni á hönnunarferlinu, framleiðsluhlutanum. Þar kviknaði hugmyndin að Zero6, enda er frábært að geta komið sér upp tengiliðum á borð við saumastofur og verkstæði á meðan maður er á staðnum,“ segir Gúrý. Hún bætir við að það hafi verið gott að geta fylgt framleiðslunni eftir, en hún notaði líka tímann til að undirbúa hönnun á sinni eigin fatalínu, Gury. Þau stefna á að opna sameiginlega vefverslun á næstunni þar sem hægt verður að kaupa fatalínu hennar og skartgripalínu Jónasar Breka, Breki Design, ásamt sameiginlegu línunni, Zero6.

Gúrý lætur vel af samstarfinu milli hjónaleysanna. „Við höfum alltaf verið góð í að kasta á milli okkar hugmyndum, þar sem við erum bæði í þessum skapandi bransa. Maður þarf bara að vera góður í að veita gagnrýni og taka henni. Það er ákveðin kúnst.“ Þeim sem vilja fylgjast með skartgripahönnuninni er bent á Facebooksíðu Breki Design, en þar er einnig hægt að sérpanta skartgripi.

alfrun@frettabladid.is





**HANNA SAMAN**

**Gúrý Finnbogadóttir** fatahönnuður ber samstarfinu við unnusta sinn, **Jónas Breka Magnússon**, vel söguna en þau hanna saman skartgripalínuna Zero6.

# Slayer ekki í hljóðver strax

Hljómsveitin Slayer mun ekki hefja upptökur á nýju efni fyrr en gítarleikarinn Jeff Hanneman jafnar sig á veikindum sínum. Þetta kemur fram í tímaritinu Billboard.

Hanneman þjáist af húðétandi sjúkdómi sem hann fékk í febrúar eftir alvarlegt köngulóarbit.

„Við förum ekki í hljóðver án hans,“ sagði Tom Araya, söngvari Slayer, í viðtali við Billboard. „Við gerum ekkert sem hljómsveit án hans. Hann er mikilvægur í hljómsveitinni og við þurfum á hæfileikum hans að halda. Þannig að við ætlum að bíða eftir að hann verður 100 prósent góður og getur tekið þátt í ferlinu með okkur.“

Araya segir ástand gítarleikarans alvarlegt og að það taki hann langan tíma að jafna sig. „Hann þarf á mikilli endurhæfingu að halda og verður að komast aftur í form, sagði Araya.“

Slayer gaf síðast út plötuna World Painted Blood árið 2009.

- afb



**SAMHELDINN HÓPUR** Jeff Hanneman, gítarleikari Slayer, var bitinn af könguló í febrúar. Hljómsveitin hyggst ekki taka upp nýja plötu fyrr en hann jafnar sig.

# Músmos í fjórða sinn

**Tónlistarhátíðin Músmos verður haldin í fjórða sinn á Álafossi í Mosfellsbæ laugardaginn 11. júní. Þar koma margir flytjendur fram, þar á meðal Rökkurró, Legend, Elín Ey og rapparinn Gummster.**

**„Þetta hefur gengið mjög vel hjá okkur. Við höfum fengið fullt af flottum og skemmtilegum böndum,“ segir skipuleggjandinn Jóhannes Eðvarðsson og nefnir rokksveitina Endless Dark til sögunnar. Tónlistarhátíðin stendur yfir frá klukkan 15 til 19.30 og er enginn aðgangseyrir. Hjólabretta- og BMX-kappar á vegum LEX-Games verða á svæðinu og munu leika listir sínar meðan á tónaveislunni stendur.**


ÞRIÐJUDAGSBÍÓ Í DAG

HANGOVER PART II
FRAMHALD AF VINSÆLUSTU GRÍNMYND SEM SÝND HEFUR VERIÐ Á ÍSLANDI.
ÞRIÐJUDAGSBÍÓ Í DAG
R.M. - bíófilman.is
BoxOfficeMagazine

ÞRIÐJUDAGSBÍÓ Í DAG

FRÁ ÞEIM SÖMU OG GERÐU SHREK
FRÁBÆR FJÖLSKYLDUSKEMMTUN
ÞRIÐJUDAGSBÍÓ Í DAG
KUNG FU PANDA 2

ÞRIÐJUDAGSBÍÓ Í DAG
PIRATES OF THE CARIBBEAN
Jack Sparrow er mættur í stærstu mynd sumarsins! Stórkostleg þrívíddarævintýramynd með Johnny Depp, Penélope Cruz, Ian McShane og Geoffry Rush. Sýnd í Disney Digital 3D í völdum kvikmyndahúsum

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| THE HANGOVER 2 | kl. 6 - 8 - 9 - 10:20 - 11:10 | 12 |
| THE HANGOVER 2 | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | VIP |
| KUNG FU PANDA 2 M/ ísl. Tali | kl. 5 - 6 | L |
| KUNG FU PANDA 2 3D M/ ensku. Tali | kl. 10:50 Ótextuð | L |
| KUNG FU PANDA 2 ensku. Tali | kl. 6 - 10:20 Með Texta | L |
| PIRATES 4 | kl. 6(2D) - 8(3D) - 10(2D) | 10 |
| SOMETHING BORROWED | kl. 8 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| KUNG FU PANDA 2 3D M/ ísl. Tali | kl. 6 | L |
| HANGOVER 2 | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| PIRATES OF THE CARRIBEAN 4 | kl. 6 - 9 | 10 |

tryggðu þér miða á SAMbio.is

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| HANGOVER PART II | kl. 5.40 - 8 - 8.20 -10.20 - 11 | 12 |
| X-MEN: FIRST CLASS | kl. 5 - 8 -10.45 | 14 |
| KUNG FU PANDA 2 3D ísl tal | kl. 4 - 6 | L |
| PIRATES OF THE CARIBBEAN 3D | kl. 5 - 8 - 10.40 | 10 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| KUNG FU PANDA 2 3D M/ ísl. Tali | kl. 6 | L |
| KUNG FU PANDA 2 3D ensku. Tali | kl. 8:10 - 10:20 Ótextuð | L |
| THE HANGOVER 2 | kl. 6 - 8 - 10:20 | 12 |
| PIRATES OF THE CARRIBEAN 4 | kl. 6(2D) - 9(2D) | 10 |

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| THE HANGOVER 2 | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | 12 |
| KUNG FU PANDA 2 3D M/ ísl. Tali | kl. 6 | L |
| PIRATES OF THE CARRIBEAN 4 | kl. 8 | 10 |
| THE LINCOLN LAWYER | kl. 10:45 | 12 |

SMÁRABÍÓ – X-MEN FIRST CLASS – HÁSKÓLABÍÓ
ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ

UPPLIFÐU STUNDINA SEM Á EFTIR AÐ BREYTA HEIMINUM!
X-MEN FIRST CLASS
ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ
LÚXUS

JACK BLACK, ANGELINA JOLIE, DUSTIN HOFFMAN, JACKIE CHAN, SETH ROGEN, LUCY LIU, JEAN-CLAUDE VAN DAMME OG GARY OLDMAN
FRÁ HÖFUNDUNUM SEM FÆRÐU OKKUR SHREK
BOX OFFICE MAGAZINE
90/100 VARIETY
90/100 THE HOLLYWOOD REPORTER
ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ
FRÁBÆR ÞRÍVÍDD MEÐ ÍSLENSKU OG ENSKU TALI midi.is

ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ
"BESTA 'PIRATES' MYNDIN" - M.P FOX TV
P.H. BOXOFFICE MAGAZINE
STÓRKOSTLEG ÞRÍVÍDDARÆVINTÝRAMYND

ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ THOR midi.is
ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ FAST FIVE midi.is

SMÁRABÍÓ GLERAUGU SELD SÉR NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| X-MEN: FIRST CLASS | KL. 4 - 5.15 - 8 - 10.45 | 12 |
| X-MEN: FIRST CLASS Í LÚXUS | KL. 5.15 - 8 - 10.45 | 12 |
| KUNG FU PANDA 2 ÍSLENSKT TAL 3D | KL. 3.40 - 5.50 | L |
| KUNG FU PANDA 2 ENSKT TAL 3D | KL. 8 | L |
| PIRATES 4 3D | KL. 5 - 8 - 10 | 10 |
| FAST FIVE | KL. 10.40 | 12 |
| THOR 3D | KL. 8 | 12 |

ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ

HÁSKÓLABÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS AUKAKRÓNUR 5%
LOKAÐ 6. - 8. JÚNÍ

BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| X-MEN: FIRST CLASS | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| PAUL | KL. 8 - 10 | 12 |
| FAST FIVE | KL. 5.40 SÍÐASTA SÝNING | 12 |

NÁNARI UPPLÝSINGAR OG MIÐASALA Á midi.is
facebook/smarabio • facebook/haskolabio
ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ GILDA EKKI Í BORGARBÍÓI

midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075

700 KR. POWERSÝNING KL. 10.30
X-MEN FIRST CLASS
950 KR. Í 3D
SÝND MEÐ ISL OG ENS TALI
700 KR.
Þriðjudagur er tilboðsdagur.
Gnómíó og Júlía 950 KR. Í 3D
700 KR. FAST FIVE

LAUGARÁSBÍÓ Sýningartímar

| | |
|---|---|
| X-MEN: FIRST CLASS | 7 og 10.30(POWER) |
| KUNG FU PANDA 2 3D - ISL TAL | 4 |
| KUNG FU PANDA 2 3D - ENS TAL | 4, 6 og 8 - ÓTEXTUÐ |
| PAUL | 10 |
| GNÓMÍÓ OG JÚLÍA 3D - ISL TAL | 4 |
| FAST & FURIOUS 5 | 10 |

BÍÓ ★ PARADÍS BAR & CAFÉ

| | |
|---|---|
| THE MYTH OF THE AMERICAN SLEEPOVER | 18:00, 20:00, 22:00 |
| HUR MÅNGA LINGON FINNS DET I VÄRLDEN? | 18:00, 20:00, 22:00 |
| OKKAR EIGIN OSLÓ | 18:00 |
| ROUTE IRISH | 20:00, 22:10 |
| VEÐRAMÓT (MEÐ ENSKUM TEXTA) | 18:00 |
| 101 REYKJAVÍK (MEÐ ENSKUM TEXTA) | 20:00 |
| HÁSETA VANTAR Á BÁT (MEÐ ENSKUM TEXTA) | 22:00 |

THE MYTH OF THE AMERICAN SLEEPOVER
A SUMMER OF ICELANDIC CINEMA
Lífið ER LEIKSVIÐ!
BARA GÓÐAR MYNDIR www.bioparadis.is
MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS



LYFJA
- Lifið heil
FAGNAR 15 ÁRA AFMÆLI
20% AFSLÁTTUR AF
LANCOME Á KYNNINGUNNI
STAR BRONZER
NÝ SÓLARPÚÐUR
Í 8 LITUM
NÝTT
LANCÔME
LANCÔME
PARIS
LANCÔME OG BIOTHERM KYNNING
Í LYFJU LÁGMÚLA OG LAUGAVEGI 7.–8. JÚNÍ
BIOTHERM
5 virkir efnaþættir úr ávöxtum og grænmeti
sem eyða þreytu áður en þau
breytast í öldrunarmerki
SKIN·ERGETIC
Krem með viðgerðareiginleikum sem afmá þreytumerki[1]
97.5% NÁTTÚRULEG INNIHALDSEFNI
ÁN PARABENS
Dagkrem
ANTI-OX
Næturkrem
D-TOX
BIOTHERM
SKIN·ERGETIC
BIOTHERM
SKIN·ERGETIC
5 virkir efnaþættir úr ávöxtum og grænmeti[2]
5 virkir efnaþættir úr tei og fræjum[3]
LYFJA
- Lifið heil
FAGNAR 15 ÁRA AFMÆLI
20% AFSLÁTTUR AF
BIOTHERM Á KYNNINGUNNI
[1] frá Biotherm. [2] tómatar (lycopene), epli (grasfrumur), beisk appelsína (neohesperdin), grape & granatepli (polyphenol)
[3] te (catechin), ruskus (sapónín), sojaprótein, bókhveiti & trönuber (lípíð)
LYFJA
- Lifið heil
Lágmúla 5 – sími 533 2309 – Laugavegi 16 – sími 552 4045

# sport
sport@frettabladid.is



**ÓLAFUR JÓHANNESSON** landsliðsþjálfari fékk traustsyfirlýsingu frá Geir Þorsteinssyni, formanni KSÍ, í viðtali í kvöldfréttum Stöðvar 2 í gær. „Ólafur er góður þjálfari og kann vel til verka þó að árangurinn hafi látið á sér standa. Hann er með samning út þessa keppni. Við berum fyllsta traust til Ólafs og hann mun klára sinn samning,“ sagði Geir en íslenska liðið, sem hefur aðeins náð í 1 stig af 15 mögulegum, á eftir þrjá leiki í undankeppni EM.

**VÍKINGUR 1-3 FYLKIR**

*0-1 Ingimundur Níels Óskarsson (33.), 1-1 Pétur Georg Markan (52.), 1-2 Baldur Bett (53.), 1-3 Albert Brynjar Ingason (59.)*

Víkingsvöllur, áhorf.: 1268
Dómari: Kristinn Jakobsson (7)

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 5–7 (2–3) |
| Varin skot | Magnús 1 – Fjalar 1 |
| Horn | 0–1 |
| Aukaspyrnur fengnar | 5–12 |
| Rangstöður | 1–5 |

**Víkingur 4-3-3** Magnús Þormar 4 - Þorvaldur Sveinn Sveinsson 5, Egill Atlason 5, Mark Rutgers 5 Hörður Bjarnason 4 - Milos Miojevic 3, Halldór Smári Sigurðsson 6, Baldur Aðalsteinsson 4 - Pétur Georg Markan 4 (87., Kjartan Dige -), Helgi Sigurðsson 4 (65., Viktor Jónsson 5), Marteinn Briem 6 (35., Aron Einar Þrándarson 4).

**Fylkir 4-3-3** Fjalar Þorgeirsson 5 - Andri Þór Jónsson 6, Kristján Valdimarsson 6, Þórir Hannesson 6, Tómas Þorsteinsson 7 - Ásgeir Börkur Ásgeirsson 8, Gylfi Einarsson 7, Baldur Bett 7 (87., Davíð Þór -) - Andrés Már Jóhannesson 7 (67., Rúrik Andri 5, ***Ingimundur Níels Óskarsson 8**, Albert Brynjar Ingason 7 (86., Jóhann Þórhallsson -)

Fylkismenn unnu öruggan sigur á Víkingsvelli í gær:

## Glæsileg mörk og yfirburðir Fylkis

**FÓTBOLTI** Fylkir gerði góða ferð á Víkingsvöll í kvöldsólinni í Reykjavík í gær þar sem liðið lagði heimamenn verðskuldað 3-1. Fylkismenn komust upp að hlið Eyjamanna með þessum sigri en ÍBV-liðið er með betri markatölu og á auk þess leik inni á móti Þór fyrir norðan í kvöld. Fylkir hafði unnið 2-1 sigur á Keflavík í leiknum á undan en Ingimundur Níels Óskarsson hefur skorað þrjú mörk og lagt upp eitt í þessum tveimur sigurleikjum.

Fyrri hálfleikur var tíðindalítill ef undan er skilið markið sem Ingimundur skoraði en allt annað var uppi á teningnum í seinni hálfleik þegar þrjú mörk litu dagsins ljós fyrsta korterið. Í raun komu mörkin þrjú á sjö mínútna kafla. Víkingar jöfnuðu metin en rétt mínútu síðar komst Fylkir yfir á ný áður en Albert Brynjar gerði í raun út um leikinn á 59. mínútu.

„Við ætluðum að taka þessi þrjú stig sem voru í boði og koma okkur vel fyrir í töflunni,“ sagði Ingimundur Níels Óskarsson eftir leikinn og bætti við: „Mér fannst við miklu betri allan tímann.“

„Það var smá sofandaháttur í byrjun seinni hálfleiks en svo kláruðum við þetta af hörku. Þriðja markið gerði út um leikinn, ég er mjög sáttur við okkar leik,“ sagði Ingimundur sem mátti vera það enda vann betra liðið á Víkingsvellinum í gær.



**BALDUR BETT** Kom Fylki í 2-1 aðeins mínútu eftir að Víkingur jafnaði. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Fylkir er á leið í þriggja vikna frí vegna Evrópumóts U-21 árs landsliða á góðu nótunum. Liðið hefur náð í 13 stig í sjö leikjum en Víkingur er aðeins með sex stig og þarf að bæta sinn leik ætli liðið ekki að vera í bullandi fallbaráttu í sumar. **- gmi**

# Stjörnusigur í háloftabolta

**Stjörnumenn fögnuðu fyrsta sigri sínum á teppinu í sumar þegar þeir unnu 2-1 sigur á Grindavík í gær. Garðar Jóhannsson og Halldór Orri Björnsson skoruðu mörk Garðbæinga með tveggja mínútna millibili í fyrri hálfleik.**

**FÓTBOLTI** Stjarnan vann sinn fyrsta sigur á heimavelli þegar liðið lagði Grindavík með tveimur mörkum gegn einu í Garðabænum í gærkvöldi. Leikurinn var nokkuð opinn og skemmtilegur þrátt fyrir að gæði knattspyrnunnar hafi ekki verið mikil. Leikmönnum beggja liða gekk erfiðlega að halda boltanum á jörðinni. Fyrir vikið fengu leikmenn fínustu æfingu í sköllum og að taka knöttinn á lofti.

„Boltinn skoppar og rúllar dálítið öðruvísi en maður er vanur. Við áttum að vera búnir að ná valdi á því í seinni hálfleik en því miður vorum við ekki nógu einbeittir til að koma okkur í góð marktækifæri,“ sagði Orri Freyr Hjaltalín, fyrirliði Grindvíkinga, í leikslok.

Tvö mörk Stjörnumanna með skömmu millibili í fyrri hálfleik komu liðinu í kjörstöðu og benti fátt til þess að Grindvíkingar myndu gera tilkall til nokkurs í kjölfarið. Líkt og í opnunarleik Íslandsmótsins á gervigrasinu í Kórnum skoruðu þeir á lokamínútu hálfleiksins og komust inn í leikinn. Sagan átti þó ekki eftir að endurtaka sig.

Með vindinn í bakið reyndu Grindvíkingar að skapa sér færi en gekk erfiðlega þrátt fyrir fjölmörg áhlaup.

„Við komum okkur oft í ákjósanlegar stöður til þess að búa til alvöru dauðafæri í sóknunum en menn voru að flýta sér of mikið eða grasið að trufla þá í móttökum og sendingum upp við markið,“ sagði Orri Freyr.

Bjarni Jóhannsson, þjálfari Stjörnunnar, var ánægður að fara með heimasigur inn í tuttugu daga hléið sem fram undan er.

„Það er frábært að fara í þetta eina sumarfrí í íslenskri knattspyrnu með sigur. Það er rosalega gott fyrir sálartetrið. Að fara í frí með tap á bakinu veldur manni þyngslum og maður fer að pæla í einhverju sem maður á ekki að vera að gera.“



**FRÁBÆRT MARK** Halldór Orri Björnsson fagnar hér marki sínu í gær sem hann skoraði beint úr aukaspyrnu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Bjarni var þó allt annað en sáttur við mark Grindvíkinga sem kom eftir sofandahátt í vörn Garðbæinga.

„Það var algjör óþarfi í fyrri hálfleik að fá þetta mark á sig. Algjört einbeitingarleysi en sem betur fer kostaði það okkur ekki sigurinn,“ sagði Bjarni. **- ktd**

**STJARNAN 2-1 GRINDAVÍK**

*1-0 Garðar Jóhannsson (27.), 2-0 Halldór Orri Björnsson (29.), 2-1 Jóhann Helgason (45.)*

Stjörnuvöllur, áhorf.: 624
Dómari: Örvar Sær Gíslason (7)

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 9–13 (4–6) |
| Varin skot | Ingvar 5 – Óskar 2 |
| Horn | 7–5 |
| Aukaspyrnur fengnar | 8–12 |
| Rangstöður | 0–7 |

**Stjarnan 4-3-3** Ingvar Jónsson 6 - Baldvin Sturluson 6, Tryggvi Sveinn Bjarnason 5 (77., Sindri Már Sigurþórsson -), Nikolaj Pedersen 5, Hörður Árnason 6 - Þorvaldur Árnason 6, ***Daníel Laxdal 7**, Jesper Jensen 6 - Jóhann Laxdal 6 (85., Bjarki Páll Eysteinsson -), Halldór Orri Björnsson 6, Garðar Jóhannsson 6 (63., Hafsteinn Rúnar Helgason 5).

**Grindavík 4-4-2** Óskar Pétursson 6 - Alexander Magnússon 5, Ólafur Örn Bjarnason 6, Orri Freyr Hjaltalín 5 (70., Magnús Björgvinsson 5), Ray Anthony Jónsson 5 - Paul McShane 5, Jóhann Helgason 7, Jamie McCunnie 6, Scott Ramsay 6 - Robert Winters 6, Michal Pospisil 5 (70., Óli Baldur Bjarnason 5)

Jón Guðni samdi við Germinal Beerschot frá Belgíu:

## Fínt að koma þessu frá

**FÓTBOLTI** Einn efnilegasti knattspyrnumaður landsins, Jón Guðni Fjóluson, skrifaði í gær undir þriggja ára samning við belgíska úrvalsdeildarfélagið Germinal Beerschot. Samningurinn er með möguleika á eins árs framlengingu.

Samningur Jóns við belgíska liðið tekur gildi 1. júlí og mun Jón spila með Frömurum þangað til. Hann flaug heim til Íslands í gær og mun spila með Fram gegn Breiðablik í Pepsi-deildinni í kvöld.

„Ég er mjög sáttur við að hafa klárað mín mál. Þetta er fínt næsta skref fyrir mig. Hér fæ ég vonandi að spila og get því bætt mig sem knattspyrnumaður,“ sagði Jón Guðni og lýsti ánægju sinni með að hafa klárað sín mál strax í stað þess að vera á markaðnum þegar EM U-21 árs landsliða hæfist.

„Ég vildi klára þetta fyrir mótið svo ég gæti einbeitt mér að mótinu. Það er fínt að koma þessu frá svo ég geti hugsað um fótbolta,“ sagði Jón Guðni, sem er ánægður með samninginn sem hann fékk. „Það er fínn samningur. Ég verð ekkert ríkur á fyrsta samningi en ég kvarta ekki,“ sagði Jón Guðni. Fram á væntanlega eftir að sakna hans mikið enda er hann lykilmaður í liðinu. **- hbg**



**Fjarnám ÍSÍ í þjálfaramenntun!**

1. stig alm. hluta (8 vikna) og 2. stig alm. hluta (5 vikna) hefst 27. júní. Gildir jafnt fyrir allar íþrótta-greinar.
Skráning á namskeid@isi.is eða í síma 514-4000.
Nánari uppl. í síma 460-1467 og á vidar@isi.is
Sjá nánar á www.isi.is

**Flestir mótsleikir í röð hjá þjálfara án þess að vinna:**

**(Bara leikir í undankeppnum HM og EM)**

**9 Ólafur Jóhannesson** (15.10.2008-í gangi; 2 jafntefli, 7 töp)
T T T J T T T J T

**8 Juri Ilitchev** (6.9.1978-10.10.1979; 8 töp)*
T T T T T T T T

**8 Siegfried Held** (23.8.1987-20.9.1978; 4 jafntefli, 4 töp)*
T J J T J J T T

**8 Ásgeir Sigurvins og Logi Ólafs** (20.8.2003-8.6.2005; 2 jafntefli, 6 töp)
J T T T J T T T

**7 Eyjólfur Sverrisson** (2.9.2006-12.9.2007; 2 jafntefli, 5 töp)
T T T T J T J

**6 Logi Ólafsson** (1.6.1996-11.6.1997; 3 jafntefli, 3 töp)*
J T T J T J



* Var ekki lengur með landsliðið

Ólafur Jóhannesson:

## Enginn hefur beðið lengur

**FÓTBOLTI** Íslenska karlalandsliðið hefur ekki unnið leik í undankeppni HM eða EM undir stjórn Ólafs Jóhannessonar í að verða 32 mánuði og Ólafur varð um helgina fyrsti landsliðsþjálfari Íslands frá upphafi til þess að stjórna liðinu í níu mótsleikjum í röð án þess að fagna sigri.

Ólafur var fyrir leikinn í hópi þriggja annarra landsliðsþjálfara sem höfðu líka þurft að bíða í átta leiki en nú er hann einstakur landsliðsþjálfari í sögu íslenskar knattspyrnu. Grafið hér til vinstri sýnir þá þjálfara sem hafa beðið lengst eftir sigri.

Síðasti sigurleikur Íslands í undankeppni kom á móti Makedóníu á Laugardalsvellinum 15. október 2008. Veigar Páll Gunnarsson tryggði þá íslenska liðinu 1-0 sigur með því að skora eina markið á 16. mínútu leiksins.

Ólafur getur þakkað Veigari fyrir sinn eina sigur í 14 mótsleikjum en þrátt fyrir það hefur hann sett Veigar Pál ítrekað út í kuldann. Veigar Páll hefur aðeins spilað 83 mínútur samtals í alvöru landsleikjum síðan þá og hefur ekki verið valinn í hópinn í undanförnum tveimur landsleikjum. **- óój**

# Cyndi Lauper

## Sunnudaginn 12. júní

Miðasala harpa.is & 528 50 50



HARPA

TÓNLISTAR- OG
RÁÐSTEFNUHÚSIÐ
Í REYKJAVÍK

> **Anthony Hopkins**

„Mér tekst vel að leika ófreskjur. Ég skil ófreskjur. Ég skil vitfirrta menn.“

*Anthony Hopkins leikur í sakamálamyndinni Fracture, sem fjallar um auðugan verkfræðing sem skýtur eiginkonu sína og krefst þess að fá að verja sig sjálfur. Myndin er sýnd á Stöð 2 Bíó kl. 20.*



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ SÓLVEIG GÍSLADÓTTIR HLUSTAR Á SJÓMANNASÖNGVA

# *Kúrekar hafsins og söngvar um skrifstofufólk*

Á leið heim úr sumarbústað á sjómannadaginn var lítið annað í boði á bylgjum útvarpsins en sjómannasöngvar af öllum gerðum. Okkur vinkonunum þótti það síður en svo leiðinlegt og vögguðum okkur í takt við fagrar söngraddir Ragga Bjarna, Hauks Morthens, Ellýjar Vilhjálms og Gylfa Ægissonar í lögum eftir Oddgeir Kristjánsson, Ása í Bæ og fleiri góða.

Við fórum að velta fyrir okkur öllum þeim fjölda sjómannalaga sem hefur verið saminn í gegnum tíðina og hverju það sæti að þessi starfsstétt frekar en aðrar verði mönnum að yrkisefni. Einni vinkonunni, sem bjó lengi í Bandaríkjunum, þótti ljóst að sjómannasöngvar væru á pari við kúrekasöngva Kananna. Sjómenn væru hetjur norðursins og því kúrekar hafsins.

Okkur hinum þótti þetta augljós skýring en vorum samt sammála því að aðrar starfsstéttir hefðu orðið útundan.

Við þessu þyrfti að sporna með einhverjum ráðum. Okkur þótti verðugt verkefni fyrir lagahöfunda framtíðar að finna tannlæknum, smiðum, snyrtifræðingum, ruslatæknum og jafnvel þingmönnum stað í lagaflóru landans og semja lög um þetta fólk sem gaman væri að söngla hvort sem væri á Þjóðhátíð í Eyjum eða við gítarglamur í partíum. Sérstaklega fannst okkur vanta söngva um fólk sem vinnur við tölvur allan daginn, enda sá hópur orðinn einn sá umfangsmesti í landinu. Efnistökin væru óþrjótandi. Til dæmis væri hægt að semja lag um óþekka prentara, svikular tölvur, tölvupóstinn sem týndist og netið sem bilaði. Ég hlakka til að heyra árangurinn.



## RÚV

**15.40 Demantamót í frjálsum íþróttum** (e)
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Tóti og Patti** (9:52)
**18.11 Þakbúarnir** (8:52)
**18.23 Skúli skelfir** (43:52)
**18.34 Jimmy Tvískór** (2:13)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.05 Vormenn Íslands** Hitað upp fyrir Evrópumót landsliða leikmanna yngri en 21 árs sem fram fer í Danmörku í júní.
**20.35 Læknadóp** Þáttur tekinn saman úr umfjöllun Kastljóss um læknadóp og nöturlegan heim ungra sprautufíkla.
**21.25 Heilabrot** (Hjärnstorm II) Í þessum sænsku þáttum eru teknir fyrir ýmsir þættir í hugsun og hegðun manna svo sem minni, eftirtekt, ákvarðanataka og líkamstjáning.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Taggart** (Taggart - I.O.U.) Skosk sakamálamynd þar sem rannsóknarlögreglumenn í Glasgow fást við snúið sakamál. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.
**23.10 Aðþrengdar eiginkonur** (Desperate Housewives) (e)
**23.55 Íslenski boltinn**
**00.50 Kastljós** (e)
**01.15 Fréttir** (e)
**01.25 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**08.00 Dumb and Dumber**
**10.00 Doctor Dolittle**
**12.00 Ástríkur á Ólympíuleikunum**
**14.00 Dumb and Dumber**
**16.00 Doctor Dolittle**
**18.00 Ástríkur á Ólympíuleikunum**
**20.00 Fracture**
**22.00 Hellboy II: The Golden Army**
**00.00 Skeleton Man**
**02.00 The Dead One**
**04.00 Hellboy II: The Golden Army**
**06.00 Iron Man**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 The Doctors**
**10.15 Extreme Makeover: Home Edition** (11:25)
**11.00 Wonder Years** (14:17)
**11.25 The New Adventures of Old Christine** (21:22)
**11.50 Burn Notice** (10:16)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 The Office** (6:6)
**13.30 American Idol** (9:43)
**14.15 American Idol** (10:43)
**15.00 Sjáðu**
**15.30 Camp Lazlo**
**15.55 Barnatími Stöðvar 2**
**17.05 Bold and the Beautiful**
**17.30 Nágrannar**
**17.55 The Simpsons** (10:25)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Two and a Half Men** (13:24)
**19.45 Modern Family** (22:24)
**20.10 Modern Family** (20:24)
**20.30 The Big Bang Theory** (10:23) Þriðja serían af þessum stórskemmtilega gamanþætti um ævintýri nördanna viðkunnanlegu Leonard og Sheldon.
**20.55 How I Met Your Mother** (11:24)
**21.20 Bones** (11:23) Fylgst er með störfum Dr. Temperance Bones Brennan réttarmeinafræðings.
**22.05 Hung** (8:10)
**22.35 Bored to death** (1:8)
**23.00 Daily Show: Global Edition**
**23.30 Gossip Girl** (16:22)
**00.15 Grey's Anatomy** (22:22)
**01.00 Ghost Whisperer** (12:22)
**01.45 The Ex List** (7:13)
**02.30 NCIS. Los Angeles** (6:24)

## SPORT *besta sætið*

**07.00 Víkingur - Fylkir**
**17.00 Víkingur - Fylkir** Útsending frá leik Víkings og Fylkis í Pepsi deild karla í knattspyrnu.
**18.50 OneAsia Tour - Highlights** Samantekt frá því besta og markverðasta sem gerðist á nýjasta mótinu í OneAsia mótaröðinni í golfi.
**19.45 Pepsi deildin 2011** Bein útsending frá leik KR og FH í Pepsi deild karla í knattspyrnu.
**22.00 Pepsi mörkin** Hörður Magnússon, Hjörvar Hafliðason og Magnús Gylfason gera upp leikina í Pepsi deild karla. Öll mörkin og umdeildu atvikin eru skoðuð og farið yfir það sem vel er gert og það sem betur mátti fara hjá leikmönnum, dómurum og þjálfurum.
**23.10 Veiðiperlur** Flottur þáttur þar sem farið er ofan í allt milli himins og jarðar sem tengist stangaveiði. Farið verður í veiði í öllum landshornum og landsþekktir gestir verða í sviðsljósinu. Einnig verður farið ofan í saumana á lífsstíl og matarmennsku í veiði.
**23.45 Pepsi mörkin**
**01.00 Dallas - Miami** Bein útsending frá fjórða leik Dallas Mavericks og Miami Heat í úrslitum NBA.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**18.00 Everton - Blakcpool** Útsending frá leik Everton og Blackpool í ensku úrvalsdeildinni.
**19.45 Premier League World** Áhugaverður þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá hinum ýmsu óvæntu og skemmtilegu hliðum.
**20.15 Fulham - Chelsea** Útsending frá leik Fulham og Chelsea í ensku úrvalsdeildinni.
**22.00 Man. City - Sunderland** Útsending frá leik Manchester City og Sunderland í ensku úrvalsdeildinni.
**23.45 PL Classic Matches: Liverpool - Newcastle, 1996**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Pepsi MAX tónlist**
**17.05 90210** (22:22) (e)
**17.50 Rachael Ray**
**18.35 America's Funniest Home Videos** (46:50) (e)
**19.00 High School Reunion** (4:8)
**19.45 Whose Line is it Anyway?** (13:39)
**20.10 Survivor** (4:16)
**21.00 WAGS, Kids & World Cup Dreams - LOKAÞÁTTUR (5:5)** Fimm kærustur þekktra knattspyrnumanna halda til Suður-Afríku í aðdraganda heimsmeistarakeppninnar sem haldin var á síðasta ári.
**22.00 The Good Wife** (20:23) Þáttaröð með stórleikkonunni Julianna Margulies sem slegið hefur rækilega í gegn. Lockhart og Gardner sækja mál fyrir hönd verktaka sem segir sig snupraðan af stóru olíufyrirtæki.
**22.50 Penn & Teller** (3:10)
**23.20 CSI** (21:22) (e)
**00.10 CSI: New York** (21:23) (e)
**00.55 Smash Cuts** (1:52) (e)
**01.20 The Good Wife** (20:23) (e)
**02.05 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00 ESPN America**
**08.10 The Memorial Tournament** (1:4)
**11.10 Golfing World**
**12.00 Golfing World**
**12.50 The Celtic Manor Wales Open** (1:2)
**16.15 US Open 2000 - Official Film**
**17.20 PGA Tour - Highlights** (21:45)
**18.10 Golfing World**
**19.00 The Celtic Manor Wales Open** (2:2)
**22.00 Golfing World**
**22.50 US Open 2006 - Official Film**
**23.50 ESPN America**

## EXTRA

**19.30 The Doctors**
**20.15 Grey's Anatomy** (6:24) Meredith og Derek komast að því að það að viðhalda hinu fullkomna sambandi er mun erfiðara en þau áttu von á. Einn úr hópnum veikist alvarlega og mörkin milli lækna og sjúklinga verða óljós.
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.50 Glee** (21:22)
**22.35 Fairly Legal** (1:10) Ný dramatísk þáttaröð um Kate Reed sem starfaði sem lögmaður en ákvað að gerast sáttamiðlari. Kate hefur náttúrulega hæfileika til að leysa deilumál. Henni virðist þó ekki takast að leysa deilurnar í sínu eigin lífi.
**23.50 Nikita** (12:22) Ný og spennandi þáttaröð frá Warner Bros um leyniþjónustu sem ræður til sín ungmenni sem áttu erfiða æsku. Njósnakvendið Nikita flýr þjónustuna og hyggur á hefndir, það reynist henni þrautin þyngri þar sem yfirmenn hennar senda sína bestu menn á eftir henni.
**00.35 Grey's Anatomy** (6:24)
**01.20 The Doctors**
**02.00 Sjáðu**
**02.25 Fréttir Stöðvar 2**
**03.15 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## N4

**18.15 Að norðan** Fjölbreyttur þáttur um norðlenskt mannlíf.
**21.00 Bæjarstjórnarfundur** Útsending frá bæjarstjórnarfundi frá því fyrr um daginn. Fundirnir eru tvisvar í mánuði.

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Gunnar Karl Guðmundsson hjá MP banka.
**21.00 Græðlingur** Gróðurhús keypt í Húsasmiðjunni, fyrri þáttur.
**21.30 Svartar tungur** Sigmundur , Birkir Jóns og Tryggvi Þór.
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 91,9 Kaninn | FM 95,7FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |


Komin aftur !
Síðasta sending rauk út !



Nature's Rest heilsurúm
Verðdæmi:
90x200 cm kr. 65.900,-
100x200 cm kr. 69.900,-
120x200 cm kr. 75.900,-
140x200 cm kr. 79.900,-

OPIÐ
Virka daga frá kl. 10-18
Lau frá kl. 11-17
Sun frá kl. 13-17

DORMA – býður góða nótt

Ótrúlegt verð



Gerðu gæða- og verðsamanburð!

Holtagörðum 2. hæð • Sími 512 6800 • www.dorma.is • dorma@dorma.is

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 22.35

### Bored to Death



Nýir og bráðfyndnir gamanþættir með Jason Schwartzman, Ted Danson og Zach Galifianakis í aðalhlutverkum. Þeir fjalla um ungan og ráðvilltan rithöfund sem dreymir um að gerast einkaspæjari og ákveður að láta drauminn rætast.

### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst **06.40** Veðurfregnir 06.50 Bæn 07.00 Fréttir **07.03** Vítt og breitt **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Tropicalia: Bylting í brasilískri tónlist **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.05** Fréttir **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir og auglýsingar **13.00** Beint frá býli **14.00** Fréttir **14.03** Söngleikir **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Þriðja ástin **15.25** Málstofan **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Eyðibýlið **17.00** Fréttir **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Okkar á milli **20.00** Leynifélagið **21.30** Kvöldsagan: Njáls saga **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.20** Fimm fjórðu **23.05** Matur er fyrir öllu **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

### BBC entertainment

**11.15** The Weakest Link **12.00** Keeping Up Appearances **12.30** Fawlty Towers **13.05** ,Allo ,Allo! **13.30** ,Allo ,Allo! **13.55** ,Allo ,Allo! **14.25** The Weakest Link **15.15** The Weakest Link **16.00** Fawlty Towers **16.30** ,Allo ,Allo! **17.00** ,Allo ,Allo! **17.35** The Inspector Lynley Mysteries **18.20** The Inspector Lynley Mysteries **19.10** Top Gear **20.00** The Graham Norton Show **20.45** The Office **21.15** Little Britain **21.45** Coupling **22.15** Jack Dee Live at the Apollo **23.00** The Inspector Lynley Mysteries **23.45** The Inspector Lynley Mysteries

### DR 1

**10.35** Grøn glæde **11.00** Liv på landet **11.30** Ud i det blå **12.00** Solens mad **12.30** Bag Facaden. Jaget på Facebook **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Aftenshowet **14.00** Timmy-tid **14.10** Redningsbåden Rolf **14.15** Den fortryllede karrusel **14.30** Lille Nørd **15.00** De uheldige helte **15.50** DR Update - nyheder og vejr **16.00** Hvad er det værd? **16.30** TV Avisen med Sport **17.05** Aftenshowet **18.00** Mission. Baby **19.00** TV Avisen **19.25** Kontant **19.50** SportNyt **20.00** Wallander **21.25** Teatertrup på farten

### NRK 1

**12.05** Bondeknolen **12.35** Norge rundt **13.00** NRK nyheter **13.10** Par i hjerter **14.00** NRK nyheter **14.10** En svensk sommer i Finland **14.50** Filmavisen 1960 **15.00** NRK nyheter **15.10** Sommerhuset **15.40** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Kjendisbarnevakten **16.40** Distriktsnyheter **17.45** Grønn glede **18.15** Ut i naturen **18.45** Extra-trekning **18.55** Distriktsnyheter **19.30** Elvis i glada Hudik **20.30** Nurse Jackie **21.00** Kveldsnytt **21.15** Holby Blue **22.05** Bakrommet. Fotballmagasin

### svt1

**10.55** Klädkod **11.25** Klasskamrater **13.10** Gomorron Sverige **14.00** Rapport **14.05** Det söta livet **14.35** Nationaldagen 2010 - Tapto från slottet **14.50** Anslagstavlan **14.55** Så ska det låta **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport med A-ekonomi **16.10** Regionala nyheter **16.15** Genom Ryssland på 30 dagar **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Pojkskolan med Gareth Malone **19.00** Soldater i månsken **20.00** Sanningen om fröken Drot **21.30** Från Lark Rise till Candleford **22.30** Memento















Frábær þátttaka var í
**Sjóvá Kvennahlaupi ÍSÍ**
á laugardaginn.

Þátttakendur voru um 15.000
á 84 stöðum um allt land
og á 18 stöðum erlendis.

Við þökkum öllum sem tóku þátt.





TAKK FYRIR DAGINN!

Sjáumst hressar á næsta ári!

Skoðið myndirnar á sjova.is

SJÓVÁ

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA 11-0939



FRÉTTIR | VIÐSKIPTI | ÍÞRÓTTIR | LÍFIÐ | UMRÆÐAN



STÓRLAXARNIR ERU Á VEIÐIVÍSI

Á Veiðivísi, nýjum veiðivef Vísis, getur þú nálgast helstu fréttir, ítarlega umfjöllun og gagnlegar upplýsingar um veiði, hvort heldur sem er stangveiði eða skotveiði. Fylgstu með í sumar og nýttu þér allt sem Vísir hefur upp á að bjóða.

Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval.
Þú færð meira af öllu á Vísi.

**Meiri Vísir.**

vísir

## MORGUNMATURINN



*„Það er mjög misjafnt, ristað brauð, egg og djúsglas er reyndar mjög góð byrjun á deginum.“*

Atli Helgason, grínisti.

# Missir af 17. júní gleðinni í Sofíu

„En leiðinlegt að maður skuli missa af þessu,“ segir Ásdís Rán Gunnarsdóttir, frægasta dóttir Íslands í höfuðborg Búlgaríu, Sofíu.

Íslandsverkefnið Inspired by Iceland stendur fyrir mikilli þjóðhátíðargleði á offiseraklúbbi í miðborg Sofíu hinn 17. júní næstkomandi. Söngkonan Lára Rúnarsdóttir og plötusnúðurinn President Bongo munu skemmta gestum og gangandi. Hins vegar verður frægasti Íslendingur borgarinnar víðsfjarri.

„Við verðum hér á Íslandi til 16. júní og fljúgum þá til München og keyrum þaðan til Sofíu,“ segir Ásdís, en hún var að eigin sögn að gæða sér á íslenskum mat á Sólon í miðbæ Reykjavíkur þegar Fréttablaðið náði tali af henni. „Við erum eiginlega heimilislaus þar til Garðar er kominn með nýjan samning þannig að ég ákvað að leigja íbúð í miðbæ Sofíu. Hún er á besta stað með sundlaug og öllu,“ segir Ásdís, en hún hyggst jafnframt nýta dvölina til að koma fatalínu sinni á framfæri við Búlgara. „Ég er í samstarfi við þrjár verksmiðjur í Sofíu og er bara að vinna með þeim.“

Ásdís kann vel við sig í Sofíu, segist njóta heitu sumarkvöldanna í Búlgaríu. Og eins og Fréttablaðið hefur þegar greint frá kemur út á fimmtudaginn þýskt Playboy þar sem fyrirsætan íslenska prýðir fjórar opnur, heilar átta blaðsíður. „Þetta er sami myndaþátturinn og birtist í búlgarska Playboy, þeir keyptu bara myndir úr honum.“ **- fgg**



**LEIÐINLEGT** Frægasta dóttir Íslands í Sofíu, Ásdís Rán, nær ekki að halda upp á þjóðhátíðardaginn með Láru Rúnarsdóttur og President Bongo. Hún verður þá að keyra með manni sínum og börnum frá München í áttina að höfuðborginni.








**SKORIÐ Á STRENGINN** Steinþór Helgi, umboðsmaður Hjaltalín, hefur unað sér vel á heimili móður sinnar, Eddu Hauksdóttur, alla sína tíð en hefur nú yfirgefið hreiðrið. Hér eru mæðginin ásamt Dúdda og Dolla, sem Steinþór saknar mikið. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**STEINÞÓR HELGI ARNSTEINSSON:** BRJÁLÆÐI AÐ FLYTJA ÚT FYRIR ÞRÍTUGT

# Hættir loksins að klára appelsínusafa mömmu

„Það eru allir að tala um að ég sé brjálaður að flytja út frá mömmu fyrir þrítugt,“ segir Steinþór Helgi Arnsteinsson, umboðsmaður hljómsveitarinnar Hjaltalín og starfsmaður Senu.

Hinn 27 ára gamli Steinþór Helgi hefur kvatt móður sína, Eddu Hauksdóttur, eftir sambúð sem hefur varað frá fæðingu Steinþórs. Hann hefur unað sér vel í kjallara á heimili móður sinnar síðustu ár og játar að hann muni sakna hennar mikið. „Já og púðluhundanna, Dúdda og Dolla. Ég á eftir að sakna að kúra með þeim,“ segir Steinþór meyr.

Móðir Steinþórs býr á besta stað í miðbæ Reykjavíkur, sem var ein af ástæðunum fyrir því að dvöl hans á heimilinu var jafn löng og raun ber vitni. „Ég er mikill mömmustrákur,“ segir Steinþór. „Ég og mamma mín eigum í mjög skemmtilegu og heilbrigðu sambandi. Það var lítill hvati til að fara. Þetta var allt í svo fallegu og góðu ástandi.“

Steinþór hefur þó mátt þola mikinn þrýsting um að flytja út, ekki aðeins frá samfélaginu heldur einnig móður sinni, sem setti lagið Single Ladies með Beyoncé á Facebook þegar unginn hafði yfirgefið hreiðrið. „Það hefur verið þrýstingur á mér frá móður minni síðan ég kláraði menntaskóla. En ég held samt að hún sakni mín lúmskt, þrátt fyrir að hún hafi gefið yfirlýsingar um annað,“ segir Steinþór.

Steinþór kvíðir ekki piparsveinalífinu, enda segist hann vel í stakk búinn að sjá um sig sjálfur og þvertekur fyrir að hann ætli að fá hjálp frá móður sinni við að þvo af sér. „Ég er alinn upp af einstæðri móður sem hefur kennt mér margt í gegnum tíðina,“ segir hann. „Ég er fullfær húsmóðir og er búinn að fjárfesta í fallegri þvottavél, þannig að það verður ekkert vandamál. Ég fæ hana kannski til að bjóða mér í mat stöku sinnum.“

Og þótt ýmislegt breytist neitar því Steinþór að þetta umturni lífi hans. „Það sem breytist helst er að ég get loksins sett chili í matinn sem ég elda og fæ ekki samviskubit þegar ég drekk appelsínusafa. Mamma er alltaf að skamma mig fyrir að drekka appelsínusafann hennar,“ segir hann. „Mamma getur nú keypt sér lúxusappelsínusafa sem endist eitthvað.“

**atlifannar@frettabladid.is**






# Koma á tveimur einkaþotum

Liðsmenn hljómsveitarinnar Eagles mæta til landsins á tveimur einkaþotum samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Þeir æfa á sviðinu í Nýju Laugardalshöllinni á morgun fyrir tónleikana á fimmtudag.

Eftir því sem Fréttablaðið kemst næst er ástæðan fyrir einkaþotunum tveim sú að fjölskyldumeðlimir hljómsveitameðlima ætla að koma til landsins og njóta íslenskrar náttúru. Starfsfólk hljómsveitarinnar hefur streymt til landsins síðan á föstudag til að setja upp svið og gera allt klárt en það hefur einnig notið lífsins, kíkt á næturlífið, farið á hestbak og skellt sér í Bláa lónið.

Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins mun ríkja gríðarlega ströng öryggisgæsla í kringum tónleikana eins og hefð er fyrir þegar slíkir risar koma saman. Ljósmyndurum verður til að mynda aðeins gefið færi á að mynda ákveðin lög í ákveðinn tíma en verður síðan vísað út. Slíkt er þó alkunna þegar stórstjörnur halda tónleika. Eins og þegar hefur komið fram munu Magnús og Jóhann hita upp fyrir Eagles en tónleikarnir verða á fimmtudag. **- fgg**



**STÓRIR KARLAR** Don Henley, Glenn Frey og aðrir Eagles-liðar koma til landsins á tveimur einkaþotum. Í föruneyti þeirra verða meðal annars eiginkonur og aðrir fjölskyldumeðlimir.




# Gjöfult og gott leikár að baki!

**Gestir Borgarleikhússins hafa aldrei verið fleiri en á liðnu leikári og viðtökurnar frábærar. Sýningar í húsinu hljóta 33 tilnefningar til Grímuverðlauna og fyrr í vetur hlaut Vesturport hin virtu Evrópsku leiklistarverðlaun.**

**Sýning ársins 2011**
- *Elsku barn*
- *Fólkið í kjallaranum*

**Áhorfendasýning ársins 2011**
- *Nei ráðherra!*
- *Eldfærin*
- *Húsmóðirin*
- *Strýhærði Pétur*

**Barnasýning ársins 2011**
- Eldfærin

**Leikstjóri ársins 2011**
- Jón Páll Eyjólfsson - *Elsku barn*
- Jón Páll Eyjólfsson - *Strýhærði Pétur*
- Kristín Eysteinsdóttir – *Fólkið í kjallaranum*

**Leikskáld ársins 2011**
- Auður Jónsdóttir og Ólafur Egill Egilsson fyrir leikverkið *Fólkið í kjallaranum*

**Leikkona ársins 2011 í aðalhlutverki**
- Halldóra Geirharðsdóttir - *Elsku barn*
- Ilmur Kristjánsdóttir – *Fólkið í kjallaranum*
- Sigrún Edda Björnsdóttir – *Fólkið í kjallaranum*
- Unnur Ösp Stefánsdóttir - *Elsku barn*

**Leikari ársins 2011 í aðalhlutverki**
- Bergur Þór Ingólfsson - *Enron*

**Leikkona ársins 2011 í aukahlutverki**
- Birgitta Birgisdóttir – *Fólkið í kjallaranum*

**Leikari ársins 2011 í aukahlutverki**
- Benedikt Erlingsson - *Elsku barn*
- Jóhann Sigurðarson – *Fólkið í kjallaranum*
- Þröstur Leó Gunnarsson – *Fólkið í kjallaranum*

**Leikmynd ársins 2011**
- Halla Gunnarsdóttir - *Strýhærði Pétur*
- Ilmur Stefánsdóttir - *Elsku Barn*
- Vytautas Narbutas - *Ofviðrið*

**Tónlist/hljóðmynd ársins 2011**
- Hallur Ingólfsson - *Elsku barn*
- Hallur Ingólfsson - *Strýhærði Pétur*

**Lýsing ársins 2011**
- Björn Bergsteinn Guðmundsson - *Ofviðrið*
- Björn Bergsteinn Guðmundsson – *Fólkið í kjallaranum*

**Búningar ársins 2011**
- Filippía I. Elísdóttir - *Ofviðrið*
- Halla Gunnarsdóttir - *Strýhærði Pétur*
- Gabríela Friðriksdóttir og Hrafnhildur Hólmgeirsdóttir - *Transaquania - Into Thin Air*

**Danshöfundur ársins 2011**
- Damien Jalet, Erna Ómarsdóttir og Gabríela Friðriksdóttir - *Transaquania - Into Thin Air*
- Sigríður Soffía Níelsdóttir - *White For Decay*

**Dansari ársins 2011**
- Ásgeir Helgi Magnússon - *Transaquania - Into Thin Air*

**Við óskum okkar fólki hjartanlega til hamingju með framúrskarandi árangur og þökkum leikhúsgestum viðtökurnar.**

[ íd ] Íslenski dansflokkurinn

Borgarleikhúsið

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst húsið

**DREIFING:** dreifing@posthusid.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

vísir

Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Fatnaður í skákverðlaun

Búast má við að fjölskrúðugur hópur skákmanna leggi leið sína norður á Strandir og verði þar á þjóðhátíðardaginn. Frá 17. til 19. júní verður mikil skákhátíð í Árneshreppi á Ströndum, fjórða árið í röð. Prímusmótor hátíðarinnar er að venju **Hrafn Jökulsson**, blaðamaður og rithöfundur. Helsta skrautfjöðrin verður hins vegar **Jóhann Hjartarsson** stórmeistari, sem freistar þess að verja titil sinn sem Djúpavíkurmeistari. „Meðal verðlauna verða peningar, nýjar bækur, geisladiskar, fatnaður og síðast en ekki síst munir af Ströndum, en þar eru handverkssnillingar á hverjum bæ," segir í frétt á strandir.is.



### Hamingja í Hörpunni

Margt var um manninn í Hörpu á laugardaginn þegar skemmtikraftsurinn og annar eigenda Hamborgarafabrikkunnar, **Jóhannes Ásbjörnsson**, gekk að eiga Ólínu Jóhönnu Gísladóttur. Parið var gefið saman í Háteigskirkju og veislan var svo í Norðurljósasal Hörpu. Sigmar Vilhjálmsson stjórnaði veislunni og var mikið um ræðuhöld. Meðal þeirra sem stigu á stokk var fyrrverandi kollegi Jóhannesar úr 70 mínútum, Auðunn Blöndal, sem gerði óspart grín að sjálfum sér við mikinn fögnuð gesta. Vinir Sjonna léku svo fyrir dansi langt fram á nótt ásamt því að Páll Óskar tók nokkra vel valda slagara.



- gar, áp

### Mest lesið vísir

1. Mamma er ekki fyrsta orðið
2. Stefnir í mesta samdrátt í áratugi
3. Vilhjálmur prins og Katrín flytja í Kensington-höll
4. Þrjú ungmenni slösuðust í bílslysi
5. Margrét Pála heiðruð við útskrift MBA-nema





